# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

71. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 24. MARS 2017




**Fórnarlamba minnst** Hundruð Lundúnabúa sóttu minningarathöfn á Trafalgartorgi í gær. Þar var fórnarlamba árásarmannsins Khalids Masood minnst. Masood myrti fimm og særði tugi við þinghús Bretlands á miðvikudag. Lögregla skaut árásarmanninn til bana. Amber Rudd innanríkisráðherra sagði við athöfnina hryðjuverkamenn ekki mundu sigra. NORDICPHOTOS/AFP

# Fái lagavernd vegna óbólusettra barna

Varaformaður bæjarráðs Kópavogs vill að foreldrar leikskólabarna fái að vita ef önnur börn í skólanum eru ekki bólusett. Meirihluti bæjarráðsmanna tók undir áskorun til Alþingis.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég er bara komin á þá skoðun í mörgum málum að friðhelgi og persónuhelgi verði bara stundum að víkja fyrir almannaheill, til að vernda þá sem minna mega sín. Við verðum bara að láta okkur hafa það,“ segir Karen E. Halldórsdóttir, varaformaður bæjarráðs Kópavogs.

Karen fékk lögmenn bæjarins til að kanna hvort bærinn geti safnað upplýsingum um bólusetningar barna í bænum, hvort heimilt sé að deila upplýsingum um óbólusett börn og gera þá kröfu að leikskólabörn framvísi bólusetningarvottorði.

Lögfræðingarnir segja þetta óheimilt. Karen vill hins vegar að lögum verði breytt til þess að skólayfirvöld geti með einhverjum hætti brugðist við óbólusettum börnum.

„Það er auðvitað bara alþjóðavæðing, fólksflutningar eru mjög algengir, hér er fólk að setjast að frá öllum heimshornum sem er ekkert endilega vel bólusett eins og við erum hér. Við erum bara óvarin og eigum að leyfa börnunum að njóta vafans finnst mér,“ segir Karen.

Upphafið að áhyggjum Karenar eru veikindi dóttur Þórdísar K. Gylfadóttur iðnaðarráðherra sem smitaðist sex vikna gömul af kíghósta.

„Foreldrar sem ekki bólusetja börnin sín; skammist ykkar og lesið ykkur til,“ sagði Þórdís á Facebook af því tilefni í desember.

Aðspurð hvort Karen sé tilbúin að gera hreinlega að skilyrði fyrir leikskólaplássi að börn hafi verið bólusett svarar hún: „Ég er tilbúin að skoða það.“

Þrír aðrir af sex fulltrúum sem sátu bæjarráðsfund tóku undir bókun Karenar um að hvetja Alþingi til að íhuga heimildir um upplýsingagjöf, á leikskólum og í skólum, vegna bólusetninga „til þess að vernda hagsmuni heildarinnar“. **– aó**

## Vikur urðu að fimmtán árum

**KVIKMYNDAGERÐ** Í heimildarmyndinni 15 ár á Íslandi er fylgst með fimm manna taílenskri fjölskyldu sem settist að á Íslandi.

„Þetta byrjaði um aldamótin síðustu þegar ég fór að leita eftir að fá leyfi hjá einhverri fjölskyldu sem var að flytja til landsins,“ segir Jón Karl Helgason um heimildarmynd sína.

Upphaflega átti verkefnið ekki að taka fimmtán ár en að sögn Jóns Karls var fjölskyldan sem myndin fjallar um liðleg og sýndi því skilning þegar verkefnið dróst á langinn.

„Þau hafa örugglega bara gert ráð fyrir því að ég myndi fylgjast með þeim í nokkra daga eða vikur, eitthvað svoleiðis. En svo dregst þetta og þau taka þátt allan tímann.“

**– gh** / **sjá síðu 34**

## Eina sem bætist við í Hæstarétti

**SAMFÉLAG** Á síðustu tólf mánuðum fékk aðeins ein kona málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands. Konur eru aðeins 15 prósent af lögmönnum með málflutningsréttindi og kvenkyns félögum í Lögmannafélaginu fækkar á milli ára.

„Þó að fleiri konur en karlar hafi verið að útskrifast úr lagadeild í einhvern tíma og þetta sé aðeins að skána, þá held ég að þetta taki alltaf smá tíma,“ segir Hildur Ýr Viðarsdóttir, nýr hæstaréttarlögmaður.

**– sg** / **sjá síðu 6**



**Hildur Ýr Viðarsdóttir hæstaréttarlögmaður**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Lilja Alfreðsdóttir segir gagnsæi forsendu trúverðugleika. **10**

**MENNING** Georg Óskar opnar sýningu í Tveimur hröfnum listhúsi. **22**

**SPORT** Ísland spilar mikilvægan leik gegn Kósóvó í kvöld. **12**

**LÍFIÐ** Bergur Ebbi spjallar við lögfræðingana Dean Strang og Jerry Buting úr þáttunum Making a Murderer í Silfurbergi í Hörpu á sunnudaginn. **30**




**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
● **FÓLK** ● **FERMINGARGJAFIR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Suðvestan hvassviðri eða stormur með éljagangi vestan til á landinu, en annars hægari og víða þurrt. Hægari sunnanátt og úrkomuminna síðdegis en vaxandi sunnanátt með rigningu vestan til undir kvöld og hlýnar.

SJÁ SÍÐU 20

# Nýir tímar í Öskjuhlíð



Nú er unnið hörðum höndum að undirbúningi sýningar Náttúruminjasafns Íslands í Perlunni í Reykjavík. Framkvæmdir vegna þessa standa nú yfir undir glerhvelfingu hússins. Þar mátti áður finna veitingastaðinn Perluna sem nú hefur runnið saman við Lækjarbrekku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Alvarlegt slys á Grundartanga

**SLYS** Starfsmaður Norðuráls á Grundartanga slasaðist alvarlega í gær er krani sem hann stýrði varð fyrir öðrum krana. Liggur maðurinn þungt haldinn á Landspítalanum.

Sólveig Kr. Bergmann, upplýsingafulltrúi Norðuráls, staðfestir að slysið hafi orðið snemma í morgun og meiðsli starfsmannsins séu alvarleg.

„Þegar slysið kom upp var Vinnueftirlitið kallað til um leið en þeir komu ekki fyrr en síðdegis. Við fyrstu athugun virðist ekkert hafa verið að öryggisbúnaði,“ segir Sólveig. „Við munum að sjálfsögðu rannsaka þetta slys og komast til botns í því hvernig það átti sér stað.“

Starfsmaðurinn er mjaðmagrindarbrotinn og rifbein reif gat á lunga hans. **– sa**



Íslensku landsliðsmennirnir æfðu í sólinni í Skhoder í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Boltinn rúllar aftur hjá strákunum

**ÍÞRÓTTIR** Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu æfði í gær í borginni Skhoder í Albaníu.

Liðið mætir karlalandsliði Kósóvó í dag í undankeppni Heimsmeistaramótsins sem fer fram í Rússlandi á næsta ári. Þetta verður í fyrsta sinn sem liðin mætast og hafa Kósóvóar ekki unnið keppnisleik til þessa.

Síðasti leikur Íslands í undankeppninni var 2-0 tap fyrir Króötum í nóvember. **– þea /** **sjá síðu 12**

PÁSKATILBOÐ

LANDMANN gasgrill 3ja brennara



Afl 10,5 KW
- 3 br. úr ryðfríu stáli
- Postulínshúðað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- Hliðarborð úr harðvið
- Efri grind
- Rafkveikja - Hitamælir

FULLT VERÐ 94.900

69.900

grillbudin.is

Opið virka daga 11-18
Laugardaga 11-16

LANDMANN 50 ÁRA

Grillbúðin

Smiðjuvegi 2, Kópavogi - (við hliðina á Bónus) - Sími 554 0400

# Tveggja ára settur út í frostið á sokkaleistum

**Móðir tveggja ára drengs á Fáskrúðsfirði undrast að sonur hennar hafi verið settur á stól út í frostið á leikskólanum í byggðarlaginu. Vinnubrögðin eru ekki í lagi, segir móðirin, sem segir ekki mikla eftirsjá að merkja hjá starfsmanninum.**

**FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR** „Ég er bara svo undrandi á að þetta hafi yfirhöfuð átt sér stað,“ segir Una Sigríður Jónsdóttir. Tveggja ára sonur hennar var læstur úti í frosti á leikskólanum Kærabæ á Fáskrúðsfirði á miðvikudaginn.

„Ég ræddi við starfsmanninn eftir að þetta gerðist og þá var ekki að heyra mikla eftirsjá í orðum hennar. Þar spurði hún mig hvað ég hefði gert í þessum aðstæðum og að hún hefði nú gert þetta áður við annað barn,“ segir Una Sigríður.

Skýringarnar sem Una Sigríður segist hafa fengið voru þær að hegna hafi þurft barninu vegna hegðunar. Drengurinn hafi sömuleiðis verið settur út fyrir í uppeldisskyni.

„Barnið mitt var sem sagt að herma eftir öðru barni og fór ekki eftir fyrirmælum leikskólakennarans. Því ákvað leikskólakennarinn að grípa til þess ráðs að setja hann út í frostið án hlífðarfatnaðar til að kenna honum lexíu,“ vitnar Una Sigríður til þeirra skýringa sem henni voru gefnar.

Una ákvað að skrifa um atburðinn á Facebook-síðu sína um kvöldið. Viðbrögðin voru mjög hörð og í gær boðuðu skólayfirvöld hana á fund til að ræða saman.

„Það var svo ekki fyrr en í gær, eftir fund með leikskólastjóra og fræðslustjóra Fjarðabyggðar, að ég er beðin afsökunar og að allir hlutaðeigandi séu sammála um að þessi vinnubrögð hafi ekki verið í lagi,“ segir Una Sigríður.

Þóroddur Helgason, fræðslustjóri Fjarðabyggðar, segir málið hafa verið tekið fyrir strax í gærmorgun er bæjaryfirvöld heyrðu af því. Málið verði áfram í vinnslu til að tryggja að slíkt gerist ekki aftur.

„Við hörmum það sem gerðist og höfum beðið hlutaðeigandi aðila afsökunar á að þetta atvik hafi átt sér stað. Við munum í framhaldinu tryggja það að slíkt gerist ekki aftur og munum læra af þessu,“ segir Þóroddur. Hitastigið hafi verið í kringum frostmark. „Svona vinnubrögð viljum við ekki sjá á okkar leikskólum.“ **sveinn@frettabladid.is**



Una Sigríður Jónsdóttir ásamt syni sínum Rúriki Páli Hallgrímssyni. MYND/ÚR EINKASAFNI

> Við munum í framhaldinu tryggja það að slíkt gerist ekki aftur og munum læra af þessu.
>
> Þóroddur Helgason, fræðslustjóri Fjarðabyggðar



**Beats Solo³** Þráðlaus

**32.990 kr.** stgr.

**5 litir:** silfur, hvítur, gylltur, rauðgylltur, svartur.



**Beats Studio** Þráðlaus

**39.990 kr.** stgr.

**3 litir:** silfur, gylltur, svartur.



**Beats Powerbeats3** Þráðlaus

**22.990 kr.** stgr.

**5 litir:** svartur, blár, gulur, rauður, hvítur

# Við boðum ykkur mikinn fögnuð!

**TÖLUM SAMAN**
fylgir í sex mánuði



**iPhone 7** 32 GB

**104.990 kr.** stgr.

128 GB **119.990 kr.**
256 GB **134.990 kr.**

**TÖLUM SAMAN**
fylgir í sex mánuði



**iPhone 7 Plus** 32 GB

**119.990 kr.** stgr.

128 GB **134.990 kr.**
256 GB **149.990 kr.**

**TÖLUM SAMAN**
**Fygir farsímatilboðum!**
Ótakmarkaðar mín. og SMS í alla farsíma og heimasíma á Íslandi!



**Snapchat Spectacles**

**24.990 kr.** stgr.

**3 litir:** rauður, grænn, svartur

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

**NOVA**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

# Leigubílstjórar vara við skutli á Facebook

**SAMFÉLAG** Í umsögn frá bifreiðastjórafélaginu Fylki og A-stöðinni, leigubílstjórum í Reykjanesbæ, vegna lagafrumvarps um farþega- og farmflutninga vara þeir við síðu á Facebook sem kallast Skutlarar!

Leigubílstjórarnir segja einkaaðila bjóða akstur gegn gjaldi og útvega áfengi og jafnvel eiturlyf.

Um 33 þúsund manns eru meðlimir á síðunni, meðal annars Jón Gunnarsson samgönguráðherra og nokkrir lögreglumenn.

Lögreglan á Suðurnesjum hafði ekki heyrt að inni á síðunni færi eitthvað misjafnt fram. Ekki þarf þó að leita lengi til að sjá að þar eru menn og konur að bjóða skutl auk annarrar þjónustu. Hægt er að fá Ritalin Uno, Viking lager bjór og vodka án mikillar fyrirhafnar.

Í umsögninni kemur fram að leigubifreiðum hafi ekki fjölgað í mörg ár. „Er það vegna þess að allir aðrir hafa vaðið inn á okkar starfsvettvang óhindrað og eftirlitslaust,“ segir orðrétt. **– bb**

**Hægt er að fá Ritalin Uno, Viking lager bjór og vodka.**




**Nokkrar færslur af Facebook-síðunni sem leigubílstjórar vara við.** MYNDIR/SKJÁSKOT

## Fátækum líður verr í skóla

**NOREGUR** Börnum fátækra foreldra líður verr í skólanum og þau eiga færri vini. Þetta eru niðurstöður nýrrar norskrar könnunar meðal 1.100 barna í fimmta til tíunda bekk og 1.300 foreldra.

Tíu prósent barnanna sögðu að þeim liði ekki vel í skólanum. Nokkur sögðu að þau færu ekki í afmælisveislur af því að fjölskyldan hefði ekki ráð á að kaupa gjafir. Sjötta hvert barn í fátækum fjölskyldum kvaðst ekki eiga góðan vin. **– ibs**



**Þessir fuglar eru vonandi ekki haldnir fuglaflensu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Fuglaflensan á leið til landsins

**STJÓRNSÝSLA** Gefnar hafa verið út tímabundnar varúðarreglur til þeirra sem halda alifugla og aðra fugla vegna útbreiðslu fuglaflensu af gerðinni H5N8 í Evrópu. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið tók ákvörðun um þetta.

Fuglaflensuveiran hefur breiðst hratt út í Evrópu frá í október á síðasta ári, bæði í villtum fuglum og alifuglum. Meðal annars hefur flensan greinst á þeim slóðum sem íslenskir farfuglar halda sig á að vetri til.

Varúðarreglurnar ganga út á að tryggja að villtir fuglar komist ekki í snertingu við alifugla. Mikilvægt sé að fuglarnir séu í yfirbyggðum gerðum eða húsum og að fóður og drykkjarvatn sé ekki aðgengilegt villtum fuglum. Ráðuneytið telur töluverðar líkur á að þetta alvarlega afbrigði fuglaflensuveirunnar berist til landsins með farfuglum. **– þea**

# Styður ekki heilbrigðisþjónustu sem byggð er upp í gróðaskyni

Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra segir samninga við Klíníkina í Ármúla ekki verða fleiri en nú er. Hann telur Klíníkina ekki hafa leyfi til að reka margra daga legudeild. Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður VG, segir vatnaskil felast í því að ráðherrann heimili ekki samninga Sjúkratrygginga við einkarekið sjúkrahús.

**HEILBRIGÐISMÁL** Ekki verða gerðir nýir samningar við einkarekna sjúkrahúsið Klíníkina um að reka legudeild við einkasjúkrahúsið. Þetta segir Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra. Þeir samningar sem nú eru í gildi munu gilda áfram.

„Ég mun ekki styðja uppbyggingu á einkareknum sjúkrahúsum með heildstæðri þjónustu sem eru rekin í gróðaskyni. Það er andstætt tilfinningu okkar allflestra ef ekki allra Íslendinga þegar kemur að almennri heilbrigðisþjónustu,“ sagði heilbrigðisráðherra á Alþingi í gær. Tilefnið var fyrirspurn Kolbeins Óttarssonar Proppé, þingmanns VG, um samninga við Klíníkina í Ármúla.

Sagði Óttarr rammasamninga Læknafélags Reykjavíkur við Klíníkina nákvæma og að rekstur margra daga legudeilda heyrði ekki undir samningana og þyrfti sérstaka samninga þar um. Hann myndi ekki sjá til þess að nýir samningar yrðu gerðir um þannig starfsemi.

„Ég sé ekki að það yrði til heilla að dreifa kröftum heilbrigðiskerfisins með því að fela í auknum mæli flóknari og meiri sjúkrahúsþjónustu aðilum annars staðar en á þeim sjúkrahúsum og spítölum sem fyrir eru,“ bætti ráðherra við.

Forsvarsmenn Landspítala hafa gagnrýnt að Klíníkin ætli að reka legudeild. Landlæknir hefur einnig talið að þarna sé um sjúkrahúsþjónustu að ræða sem eigi aðeins heima á Landspítalanum.

Kolbeinn Proppé telur það mikil pólitísk tíðindi og vatnaskil að ráðherra skuli ekki ætla að heimila Sjúkratryggingum Íslands að gera samninga við einkarekið sjúkrahús.



**Óttarr Proppé sagði Klíníkinni ekki heimilt að reka margra daga legudeild.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Ég sé ekki að það yrði til heilla að dreifa kröftum heilbrigðiskerfisins.**

Óttarr Proppé, heilbrigðisráðherra



**Þýðir þetta að ríkt fólk geti keypt sér aðgerð sem almenningur hefur ekki ráð á?**

Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður VG



„Ráðherra var býsna skýr með það að hann muni ekki gera sérstaka samninga um legu á sjúkradeildum í einkarekstri. Eftir stendur hins vegar hvort starfsemi Klíníkurinnar rúmast innan rammasamnings við Læknafélagið sem nú er í gildi. Þýðir þetta að ríkt fólk geti keypt sér aðgerð sem almenningur hefur ekki ráð á?“ spyr Kolbeinn.

Þingmaðurinn sagði einkarekstur í heilbrigðiskerfinu snúast um hugmyndafræði, „ekki tæknilegar útfærslur“.

**sveinn@frettabladid.is**

Einhverfusamtökin

**Framtíðarheimili - ekki búsetuúrræði!**

**Málþing um húsnæðismál einhverfra**

**Laugardaginn 25. mars klukkan 13:00 til 15:00**

**Staðsetning:** Fyrirlestrarsalur Íslenskrar erfðagreiningar, Sturlugötu 8, Reykjavík

**Nánari dagskrá á síðunni www.einhverfa.is**

Fundurinn er öllum opinn

*Stjórn Einhverfusamtakanna*

# Vilja ekki að útigangsfólk búi í gistiskýli

**SAMFÉLAG** Samantekt á notkun gistiskýlisins við Lindargötu 48 sýnir að 18 prósent gesta nýta 70 prósent af öllum gistinóttum.

Í minnisblaði frá velferðarráði Reykjavíkurborgar segir eðlilegt að þeim sem nýta skýlið sem fast heimili verði fundin viðunandi búseta með stuðningi. Skýlið sé hugsað sem neyðarúrræði til skemmri tíma.

Ráðið vill láta kanna kosti og galla þess að nýtt neyðarskýli verði fundið fyrir karla.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins minntu á tillögu sína frá 2015 um að nýta ónotað húsnæði borgarinnar á Víðinesi.

„Fulltrúum meirihlutans hefur gefist nægur tími til að skoða þá framkvæmd sem tillagan felur í sér,“ segir í bókuninni. Meirihlutinn benti á að tillögunni var vísað til meðferðar Velferðarsviðs.

Á vefnum Betri Reykjavík er tillaga um að flytja gistiskýlið af Lindargötu. Það standi við hlið stúdentagarða og gegnt barnaskóla. Öldrunarblokkirnar séu steinsnar frá og fjölmennasti „reitur“ miðborgarinnar hinum megin götunnar.

Íbúi bendir á að samkvæmt gögnum lögreglu hafi hegningarlagabrot þrefaldast, sérrefsilagabrot og verkefni í hverfinu milli áranna 2013 og 2015 og aðstoð við borgara hafi tífaldast. Fleiri benda þó á að samlífið við gistiskýlið hafi gengið vel og hávaðinn sé meiri af stúdentum. **– bb**



**Gistiskýlið er þyrnir í augum íbúa í miðbænum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




**Þú þarft ekki að bíða lengur.
Komdu í heimsókn og upplifðu Ignis.**

SUZUKI

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100



**Börn geta ekki tekið innöndunarlyf án búnaðarins.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Hjálpartæki fyrir astmasjúk börn ófáanleg

**HEILBRIGÐISMÁL** Sérhannaðir plasthólkar til að gefa börnum astmalyf eru ekki til í landinu og hafa verið uppseldir frá miðjum mánuðinum. Ekki er hægt að gefa ungum börnum astmalyf nema með þessum hólkum.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segir það bagalegt ástand að oft á tíðum séu nauðsynleg lyf og tæki ekki til í landinu.

Þetta er ekki í fyrsta skipi sem þessir plasthólkar eru uppseldir. Lyfsalar sem Fréttablaðið ræddi við segja mjög hvimleitt að geta ekki útvegað foreldrum nauðsynlegt tæki um leið og leyst séu út lyf fyrir börnin. Margir foreldrar fái lyf sem þau geti ekki gefið barni sínu.

„Það hefur oft gerst að bóluefni sem eru valkvæð eru ekki til í landinu í langan tíma. Til að mynda bóluefni gegn hlaupabólu og bóluefni gegn lungnabólgu sem gefið er fullorðnu fólki. Hið síðarnefnda hefur ekki verið til í mjög langan tíma og fá svör fást við því af hverju það er ekki til,“ segir Þórólfur.

Ekkert eftirlit er með því hvort tæki eins og fyrrnefndir plasthólkar séu til í landinu. **– sa**

## Ferjan af botninum



Unnið var að því í gær að koma suðurkóresku ferjunni Sewol af hafsbotni. Var hún hífð upp og tveimur prömmum skotið undir hana. Ferjan sökk fyrir tæpum þremur árum og fórust 300 manns í slysinu. Flestir hinna látnu voru skólakrakkar. Skipstjóri Sewol, Lee Jun Seok, var í nóvember árið 2015 dæmdur í 36 ára fangelsi fyrir vanrækslu í starfi. Lee er á sjötugsaldri og jafngildir dómurinn því lífstíðarfangelsi. NORDICPHOTOS/AFP

# Einungis ein kona fékk réttindi til Hæstaréttar

**Á síðustu tólf mánuðum fékk aðeins ein kona málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti. Konur eru aðeins 15 prósent af lögmönnum með málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti. Kvenkyns félögum í Lögmannafélaginu fækkar á milli ára.**

**SAMFÉLAG** Hildur Ýr Viðarsdóttir er eina konan sem bættist í hóp lögmanna með málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti á síðustu tólf mánuðum.

Samkvæmt tölum Lögmannafélagsins eru konur í félaginu 338 eða um 31 prósent félagsmanna og hlutfallið lækkar milli ára. Þótt það sé mjög lítil lækkun, 0,4 prósent, er það á skjön við þróun síðustu ára.

Einungis 48 konur eru með málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti, en 263 karlar. Konur eru því aðeins 15 prósent af lögmönnum með málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti.

Til að hljóta réttindi þurfa lögfræðingar fyrst að ljúka námskeiði til að verða héraðsdómslögmenn, fimm árum síðar eftir að hafa flutt 30 mál fyrir héraðsdómi og fjögur prófmál fyrir Hæstarétti geta þeir fengið hæstaréttarlögmannsréttindi.

Hildur Ýr sem starfar hjá Landslögum og er þar einn af eigendum stofunnar segir spurningu hvers vegna hún sé eina konan sem aflaði þessara réttinda á síðastliðnu ári.

„Þó að fleiri konur en karlar hafi verið að útskrifast úr lagadeild í einhvern tíma og þetta sé aðeins að skána, þá held ég að þetta taki alltaf smá tíma. Fyrir okkur konur held ég líka að það taki okkur oft lengri tíma að klára þessi þrjátíu mál af því að við förum í fæðingarorlof og annað,“ segir Hildur Ýr.

Að sögn Hildar Ýrar hefur hún ekki orðið vör við að konur séu ólíklegri til að fá prófmál en karlar. Líklegra sé að mun færri konur en karlar séu að sækjast eftir prófmálum.

„Ég held það sé engin ein skýring á þessari stöðu, en ég myndi halda að hlutföllin muni halda áfram að jafnast þó að við séum mjög fáar núna með þessi réttindi. Þetta er ennþá karlastétt þó að þetta sé betra en það var. Þessi stétt er þannig að það koma oft miklar vinnutarnir og það er stundum erfitt að samtvinna fjölskyldu og þetta starf þegar maður er með unga krakka,“ segir hún.

Þá segir Hildur Ýr nokkrar konur sem voru með henni í laganámi hafa farið í lögmennsku eftir útskrift. Aðrar hafi farið í ráðuneyti, ríkisstofnanir, banka eða fyrirtæki.

„Það sama á við um strákana. En í dag eru að minnsta kosti fleiri af strákunum sem eru enn í lögmennsku en stelpurnar,“ segir Hildur Ýr. **saeunn@frettabladid.is**



**Hildur Ýr Viðarsdóttir flutti lokaprófmál í Hæstarétti í febrúar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**48**

**konur eru með málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti, en 263 karlar.**


## Aðalfundur Heyrnarhjálpar

**Félags heyrnarskertra á Íslandi**
**verður haldinn þriðjudaginn 4. apríl 2017**
**í Safnaðarheimili Langholtskirkju kl.20.00**

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf
Lagabreytingar
Önnur mál

Félagsmenn eru hvattir til að mæta og taka með sér gesti.

Rittúlkur á staðnum og boðið upp á kaffi og meðlæti

Allir velkomnir.

*Stjórnin.*

HEYRNARHJÁLP

## Verkalýðsfélagið Hlíf

Reykjavíkurvegi 64 - 220 Hafnarfjörður - Sími 510 0800
Fax 510 0809 - Netfang hlif@hlif.is

# AÐALFUNDUR

**Aðalfundur Verkalýðsfélagsins Hlífar verður haldinn fimmudaginn 30. mars 2017. kl: 18:00, í Skútunni, Hólshrauni 3. Hafnarfirði.**

**Dagskrá:**
1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kosning í kjörstjórn.
3. Önnur mál.

Léttur kvöldverður.

*Stjórnin.*




# #FJÖRUGASTUR

Ford Fiesta er fjörugur og skemmtilegur bíll. Mest seldi bíll í Evrópu fjórða árið í röð. Fyrir því eru góðar ástæður. Ríkulegur staðalbúnaður, upphitanleg framrúða, Bluetooth samskiptakerfi, fimm stjörnu öryggi, hagstætt verð og lágur rekstrarkostnaður. Fiesta höfðar til þeirra sem vilja eiga fjörugar stundir undir stýri og þeirra sem leitast eftir sparneytni og öryggi.

BEINSKIPTUR FRÁ:

**2.190.000** KR.

**32.870 kr.**
**á mánuði**

- Miðað við 90% Lykillán
- Kaupverð 2.190.000 kr.
- Útborgun 219.000 kr.
- Vextir 8,9%
- Lánstími 84 mánuðir
- Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,63%

**Útborgun í formi uppítökubíls er að sjálfsögðu möguleiki**

Ford

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Fiesta***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Íbúðalánasjóður vill auknar eiginfjárkröfur við önnur kaup

**VIÐSKIPTI** Hagdeild Íbúðalánasjóðs telur fulla ástæðu til þess að auka eiginfjárkröfur þegar lána á fyrir íbúðarkaupum öðrum en þeim fyrstu. Þetta kemur fram í grein sem Guðmundur Sigfinnsson, hagfræðingur hjá deildinni, skrifar á vef sjóðsins.

Kemur þar fram að norsk yfirvöld hafi nýlega gert þessa tímabundnu breytingu á reglugerð um fasteignalán. Var það gert til að bregðast við auknum einkennum fasteignabólu þar í landi, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Tók sú breyting gildi þann 1. janúar síðastliðinn og rennur hún út þann 30. júní á næsta ári.

Í grein sinni tekur Guðmundur fram að meðalhækkun fasteignaverðs í Ósló og nærliggjandi bæjarfélögum hafi verið 21,7 prósent á síðasta ári. Þá hafi hún verið 10,1 prósent á landinu öllu. Á Íslandi var hækkunin hins vegar um fimmtán prósent.

„Að mati hagdeildar Íbúðalánasjóðs er orðin full ástæða til að horfa til sambærilegra aðgerða og Norðmenn hafa gripið til er varðar hækkun hlutfalls eigin fjár við kaup heimila á íbúð númer tvö (eða þrjú o.s.frv.),“ segir í greininni.

Þá segir að slíkar aðgerðir myndu minnka eftirspurnarþrýsting á fasteignamarkaði og skapa aukið rými fyrir fyrstu kaupendur til að komast inn á markaðinn.

Einnig segir í greininni að með sambærilegum aðgerðum og Norðmenn hafa gripið til myndu fjársterkir aðilar sem nú þegar eiga fasteignir eiga erfiðara með að eignast fleiri. Það gæti aukið framboð fyrir fyrstu kaupendur. **– þea**

**Að mati hagdeildar Íbúðalánasjóðs er orðin full ástæða til að horfa til sambærilegra aðgerða.**

Guðmundur Sigfinnsson



## Fjarskiptarisar hafna YouTube

**TÆKNI** Bandarísku fjarskiptafyrirtækin AT&T og Verizon eru á meðal fyrirtækja sem ætla að hætta að auglýsa á YouTube, myndbandaveitu Google.

Fyrirtækin segja hættu á að auglýsingar þeirra birtist á undan myndböndum með hatursorðræðu og hvatningu til hryðjuverka. Þau muni ekki auglýsa fyrr en að fenginni fullvissu um að sú hætta sé úr sögunni.

Samkvæmt greiningu Kantar Media eru Verizon og AT&T í þriðja og fjórða sæti yfir stærstu auglýsendur í Bandaríkjunum. Þannig eyddi AT&T alls um 104 milljörðum króna í auglýsingar á síðasta ári.

Á fréttasíðu TechCrunch er því þó haldið fram að ákvörðunin tengist einnig því að Verizon og Yahoo séu að þróa eigin auglýsingatæknifyrirtæki til að keppa við Google. **– þea**

## SD næststærstir flokka í Svíþjóð

**SVÍÞJÓÐ** Svíþjóðardemókratar, flokkur Jimmie Åkesson, eru orðnir næststærsti flokkurinn í Svíþjóð, samkvæmt könnun á vegum Dagens Nyheter og sænska sjónvarpsins. Hægri flokkurinn sem áður var næststærsti flokkurinn á eftir Jafnaðarmönnum tapar fylgi.

Samkvæmt könnun sænska sjónvarpsins fengi Jafnaðarmannaflokkurinn 26,7 prósent atkvæða, Svíþjóðardemókratar 19,2 prósent og Hægri flokkurinn 18 prósent. Miðflokkurinn fengi 12,2 prósent.

Í janúar sagði formaður Hægri flokksins að ræða ætti við Svíþjóðardemókrata eins og aðra. **– ibs**



**Jimmie Åkesson, formaður Svíþjóðardemókrata**

# Ítrekað komist í kast við lögin

**Átta manns hafa verið handteknir vegna árásarinnar í London á miðvikudag. Árásarmaðurinn er samt talinn hafa staðið einn að verki. Theresa May forsætisráðherra hvatti Breta til að láta ekki óttann stjórna sér.**

**BRETLAND** Lögreglan í Bretlandi hefur handtekið átta manns í Birmingham og London í tengslum við rannsókn á árásinni í London á miðvikudag.

Árásarmaðurinn var 52 ára gamall breskur ríkisborgari, Khalid Masood að nafni, fæddur í Kent á Englandi. Hann hafði ítrekað komist í kast við lögin og hlotið dóma, fyrst árið 1983 og síðast árið 2003, meðal annars fyrir alvarleg ofbeldisbrot en ekki fyrir tengsl við hryðjuverk af neinu tagi.

Masood náði að drepa þrjá og slasa fjölmarga áður en lögregla skaut hann til bana fyrir utan þinghúsið í London.

Theresa May forsætisráðherra upplýsti á þingi í gær að leyniþjónustan MI5 hefði vitað af honum. Hann hafi áður sætt rannsókn í tengslum við hryðjuverk, en hann hafi ekki verið í miðpunkti þeirrar rannsóknar.

Enginn grunur hafði þó vaknað hjá lögreglu um að hann væri að undirbúa hryðjuverk.

Þótt átta manns hafi verið handteknir segist breska lögreglan enn telja að árásarmaðurinn hafi staðið einn að verki.

Lítið hefur verið gefið upp um hann, annað en að hann hafi verið fæddur í Bretlandi og að hann hafi verið hallur undir hugmyndir herskárra íslamista.

Lögreglan vildi í fyrstu ekki nafngreina manninn og bað fjölmiðla um að gera það ekki heldur á meðan rannsóknin væri á viðkvæmu stigi. Hún sagði árásina hafa beinst gegn frjálsu fólki alls staðar, en bestu viðbrögðin fælust í því að fólk héldi áfram að lifa lífinu eins og ekkert hefði í skorist.

Með því að bregðast þannig við sé verið að sýna óvinunum fram á að þeim takist ekki að sigra. Þetta séu viðbrögð sem sýna að Bretar muni aldrei gefa eftir.



**Breskir lögreglumenn minnast félaga síns, Keiths Palmer, sem var myrtur í árásinni á miðvikudag.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Sadiq Khan, borgarstjóri Lundúna**

Sadiq Khan, borgarstjóri í London, tók í sama streng og sagði að hryðjuverkamönnum myndi ekki takast að fá íbúa borgarinnar til að breyta lífsháttum sínum.

Öfgasamtökin Íslamskt ríki, sem hafa haldið uppi ógnarstjórn í Sýrlandi og Írak og hvatt fólk um heim allan til að fremja hryðjuverk, lýstu í gær yfir ábyrgð á árásinni.

Tilkynningin frá Íslamska ríkinu bendir þó ekki til þess að samtökin hafi tekið neinn beinan þátt í að undirbúa eða skipuleggja árásina. Lögregla hefur sagt að árásarmaðurinn hafi verið undir áhrifum af hryðjuverkastefnu herskárra íslamista.

Í gærmorgun reyndi svo maður í belgísku borginni Antwerpen að aka á fjölda fólks á fjölfarinni götu, en hann var handtekinn áður en honum tókst að valda tjóni.

**gudsteinn@frettabladid.is**

**Þessi hryðjuverkaárás var tilraun til að þagga niður í lýðræðinu okkar.**

Theresa May, forsætisráðherra Bretlands






BOSS
HUGO BOSS
SAND
POLO
RALPH LAUREN
TINO COSMA
ARMANI
COLLEZIONI
eterna
VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
PETER VAN HOLLAND
FINUCCI
bugatti
Stenströms
BELLINI
collezione
MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)
Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Troðfull
verslun af
merkjavöru!
40-
60%
afsláttur
af öllum vörum

# Að kaupa banka



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Af umræðu um sölu banka að dæma mætti halda að fátt hefði breyst í rekstrarumhverfi fjármálafyrirtækja frá 2008. Ekkert er jafn fjarri sanni. Regluverki þeirra hefur verið umbylt. Settar hafa verið reglur til að girða fyrir áhættusækni, bann við lánveitingum með veði í eigin hlutabréfum, reglur þrengdar verulega um viðskipti við eigendur og tengda aðila, kröfur um eigið fé og lausafjárreglur hertar stórkostlega, innistæðuvernd aukin og komið hefur verið í veg fyrir að skattgreiðendur þurfi að standa straum af kostnaði við fall banka.

Allar þessar nýju reglur og kröfur, sem flestar eru skynsamlegar og til þess fallnar að treysta stoðir fjármálakerfisins, hafa óhjákvæmilega áhrif á afkomu bankanna sem endurspeglast í lítilli arðsemi af reglulegum rekstri. Það er þess vegna ekki sexí að fjárfesta í banka á Íslandi. Fjárfestar, íslenskir eða erlendir, bíða ekki í röðum eftir því að kaupa í banka á uppsprengdu verði miðað við bókfært eigið fé. Öðru nær. Það er í þessu umhverfi sem bankarnir hafa starfað munaðarlausir í að verða átta ár, í eigu ríkisins eða slitabúa gömlu bankanna, án virkra eigenda með sýn á hverju þurfi að breyta og hvað bæta í rekstrinum. Þetta gæti breyst núna þegar erlendir vogunarsjóðir og Goldman Sachs hafa keypt liðlega 30 prósent í Arion banka af Kaupþingi – með kauprétt að 22 prósenta hlut í viðbót. Óhætt er að segja að viðskiptin hafi mælst misjafnlega fyrir.

Fyrir liggur að fjárfestarnir eru jafnframt stærstu hluthafar Kaupþings sem þurfti að koma bankanum í verð og greiða upp 84 milljarða skuldabréf ríkissjóðs á næsta ári – að öðrum kosti hefði ríkið leyst hann til sín. Það væri ömurleg niðurstaða að fá þriðja bankann í fang ríkisins. Fullyrðingar um að sjóðirnir séu hins vegar með þessum kaupum að leika einhverja fléttu gagnvart grunlausum stjórnvöldum eru furðulegar. Það er erfitt að sjá með hvaða hætti verið er að afvegaleiða eða blekkja ríkið og skattgreiðendur verða ekki af krónu. Þvert á móti mun söluandvirðið núna allt fara til ríkisins – og meira kemur til síðar.

Því hefur verið haldið fram að þessi viðskipti séu á skjön við það sem lagt var upp með í þeim stöðugleikaskilyrðum sem sett voru við nauðasamning kröfuhafa. Sá málflutningur byggist í besta falli á fáfræði. Með afkomuskiptasamningi og forkaupsrétti ríkisins, sem virkjast ef til stendur að selja hlut á undir genginu 0,8 miðað við eigið fé, samtímis því að ákveðið var að setja það í hendur Kaupþings að bera kostnað og ábyrgð á söluferli Arion, var tryggt að bankinn yrði seldur fyrir hæsta verð. Hagsmunir Kaupþings og íslenska ríkisins eru þannig þeir sömu. Ef til væru þeir fjárfestar sem væru reiðubúnir að greiða hærra verð þá myndi Kaupþing augljóslega selja þeim bankann – það hefði skilað sér í meiri endurheimtum til hluthafa og íslenska ríkisins. Raunveruleikinn er hins vegar annar.

Ætla hinir nýju eigendur Arion banka að græða á þessum viðskiptum? Alveg örugglega. Hvort sem fjárfestirinn er erkikapítalisti, eins og Goldman Sachs, eða venjulegur góður kapítalisti, eins og kannski Lífeyrissjóður verslunarmanna, er markmiðið yfirleitt hið sama – að fjárfestingin skili hagnaði. Það verður hægara sagt en gert nema til komi nauðsynlegar aðgerðir til að auka arðsemi bankans. Og íslenskt bankakerfi þarf á slíkri hagræðingu að halda. Vonandi verða þessi kaup erlendra fjárfesta á Arion banka fyrsta skrefið á þeirri vegferð.

**Fullyrðingar um að sjóðirnir séu með þessum kaupum að leika einhverja fléttu gagnvart stjórnvöldum eru furðulegar.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Óróleiki**

**Það er ljóst að talsverður óróleiki er í íslenskum stjórnmálum. Að minnsta kosti ef marka má niðurstöðu nýrrar skoðanakönnunar fréttastofu 365. Þar mælast tveir ríkisstjórnarflokkar, Viðreisn og Björt framtíð, undir fimm prósentum. Myndu þeir flokkar því þurrkast út ef kosið væri í dag.**

**Þetta verður að teljast afar svekkjandi fyrir flokksmenn þessara flokka. Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, sagðist sjálfur grútspældur í gær. Ekki nema von.**

**Miðað við söguna er það orðið að einhvers konar náttúrulögmál að samstarfsflokkar Sjálfstæðisflokksins missa talsvert fylgi. Hins vegar virðist fátt bíta á Sjálfstæðisflokkinn sem er rannsóknarefni út af fyrir sig.**

**Spenna**

**Svo virðist sem Íslendingar hafi aldrei verið jafn spenntir fyrir neinu og nú þegar styttist óðum í að verslun Costco verði opnuð í Garðabæ. Innihald frétta um Costco virðist ekki skipta máli, þær fljúga inn á lista yfir mest lesnu fréttir, sama hvað.**

**Hluta ástæðunnar hlýtur að mega rekja til þess hversu fátækleg samkeppni á Íslandi er. Mun Costco ekki einungis skáka stærstu matvöruverslunum heldur einnig fata-, raftækja- og skartgripaverslunum svo fátt eitt sé talið.**

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Gagnsæi er forsenda trúverðugleika



Lilja Alfreðsdóttir
þingmaður Framsóknarflokksins

Miklar breytingar hafa átt sér stað á íslensku fjármálakerfi frá því að bankakerfið hrundi á einni viku eins og spilaborg. Regluverk hefur verið stórbætt í þeim tilgangi að auka traust á bankakerfinu og draga úr áhættu kerfisins. Stærð bankakerfisins hefur minnkað og er rúm 150% af landsframleiðslu. Eigið fé bankanna er ríflegt, vanskil hafa minnkað verulega og kjör á erlendri markaðsfjármögnun hafa batnað mikið. Fyrsti áfanginn í endurreisn bankakerfisins hefur að mörgu leyti tekist vel eins og helstu kennitölur bankanna bera með sér. Í næsta áfanga þarf að huga að framtíðarskipan bankakerfisins, þ.e. hvernig það á að vera uppbyggt til að það þjóni heimilunum og fyrirtækjunum í landinu á bæði hagkvæman og sanngjarnan hátt.

Erlendir vogunarsjóðir keyptu tæp 30% í Arion banka í upphafi þessarar viku. Ráðamenn þjóðarinnar fögnuðu þessum viðskiptum og sögðu að nú væru vogunarsjóðirnir að veðja með Íslandi. Þrátt fyrir traustsyfirlýsingar ráðamanna, þá hafa margir goldið varhug við þessari þróun. Eignarhald þessara sjóða liggur ekki fyrir. Fréttir hafa borist af vafasamri fortíð eins sjóðanna sem nú er hluthafi í Arion banka. Einnig leit út fyrir að eigendur sjóðanna væru að stytta sér leið fram hjá leikreglunum til þess að flýta fyrir söluferlinu, þ.e. keyptur var 9,99% hlutur í Arion banka en þannig urðu sjóðirnir ekki virkir eigendur strax í upphafi ferlisins.

Gagnsætt eignarhald er forsenda þess að skapa traust og tiltrú á íslensku bankakerfi. Það er slæm byrjun á næsta áfanga í endurreisn bankakerfisins ef ekki fást skýrar upplýsingar um eigendurna og fyrirætlanir þeirra um íslenskt bankakerfi. Ef gagnsæið verður ekki aukið, mun næsti áfangi í endurreisn fjármálakerfisins misheppnast. Stjórnvöld verða að tryggja að svo verði ekki. Samfélagið allt hefur lagt mikið af mörkum í endurreisnina og því er brýnt að vandað verði til verks í næstu skrefum. Það tekur mörg ár að byggja upp trúverðugleika en hann getur glatast hratt ef ekki er rétt á málum haldið.

**Það er slæm byrjun á næsta áfanga í endurreisn bankakerfisins ef ekki fást skýrar upplýsingar um eigendurna og fyrirætlanir þeirra.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Blessuð sé bölvuð íslenska krónan

Í DAG

Þórlindur Kjartansson

Það er ekki langt síðan íslenska krónan var svo lítil og aum að Íslendingar í útlöndum voru sárafátækir og gátu ekki einu sinni keypt allt sem þeir vildu í H&M. Bölvuð krónan.

En svo stækkaði krónan og varð svo svakalega sterk að Íslendingar urðu forríkir í útlöndum. Þeir borða á fínum veitingahúsum og kaupa hágæða merkjavöru og hlæja sig hása af verðlaginu. Blessuð krónan.

Fyrir stuttu síðan gátu íslensk fyrirtæki selt vörur sínar og þjónustu í útlöndum á spottprís. Launin voru svo hlægilega lág á Íslandi að það var ekkert mál að selja hágæðavörur á miklu lægra verði heldur en aðrar þjóðir gátu látið sér detta í hug að bjóða. Útflutningurinn blómstraði og útlendingar komu til Íslands og gátu leyft sér að kaupa sér allan þann bjór sem þá lysti og nokkur eintök af allra stærstu tuskulundum sem farangursheimildin leyfði. Blessuð krónan.

En nú eiga útflutningsfyrirtæki ekki roð í að bjóða samkeppnishæft verð fyrir vörur sína og þjónustu. Og útlendingarnir, sem áður gengu skælbrosandi og síkaupandi um göturnar, sjást nú kjökrandi við afgreiðsluborðin og tárfella ofan í Lundaeggin sín og drekka ekki rándýran bjórinn heldur bara vatn úr krana; meira að segja á Hótel Adam. Bölvuð krónan

### Hvað gerðist?

Fyrir þá, sem ekki hafa alist upp við veruleika íslensku krónunnar virðist þetta ótrúlegt. „Hvað gerðist eiginlega?“ myndu margir spyrja. Fyrir okkur Íslendinga er svarið ósköp einfalt: „Bara það sama og venjulega.“

Í umræðum um kosti og galla krónunnar heyrast oft raddir sem halda því fram að „krónan sé bara mælikvarði á hagkerfið“ og svo segja jafnvel sömu raddir að krónan sé mikilvægt hagstjórnartæki. Hún er sem sagt bæði hitamælir og hitastillir. Hún segir okkur hvernig staðan er og hún breytir stöðunni.

Og sveiflurnar eru sagðar hjálpa okkur til að aðlagast síbreytilegum aðstæðum og á sama tíma er hagkerfið sjálft í stöðugu kapphlaupi við að laga sig að dyntum krónunnar.

Krónan er sögð hafa bjargað okkur frá stærri skelli í bankahruninu, þótt augljóst megi telja að það var einmitt krónan sjálf sem gerði hina óraunhæfu útþenslu bankakerfisins og hagkerfisins mögulega. Blessuð bölvuð krónan.

### Sveiflukennt gengi niður á við

Sveiflurnar í krónunni gera umhverfi íslenskra fyrirtækja flóknara en víðast annars staðar. Í þessu felst ákveðinn kostnaður sem fellur á okkur öll, sem eins konar krónuskattur. Þar að auki hefur rekstur myntarinnar okkar oftast nær krafist þess að vaxtastigið hér sé þó nokkuð hærra en á stærri og stöðugri myntsvæðum og það er líka krónuskattur.

Það er svo sem ekki skrýtið að fólk sem á krónur vilji háa vexti því þrátt fyrir allar sínar sveiflur þá liggur þróun á verðmæti krónunnar bara niður á við þegar litið er til lengri tíma. Ef einhver finnur í dag 100 dollara seðil sem gleymdist í vasa þann 24. mars 2007—síðast þegar krónan þótti gríðarlega sterk—þá hafa þessir dollarar ávaxtast um 5% á ári; því þótt krónan þyki óskaplega sterk núna þá er hún samt 40% veikari gagnvart Bandaríkjadal en hún var þá.

### Peningastjórnunin er ekki vandamálið

Hin langa þrautaganga krónunnar hefur vitaskuld oft orðið tilefni fyrir pólitíska umræðu á Íslandi. Nú er meira að segja í ríkisstjórn flokkur sem safnaði atkvæðum á þeirri forsendu að gera ætti grundvallarbreytingar á gjaldmiðlamálum. En þessari pólitísku umræðu lýkur alltaf á sömu leið. Stjórnmálamenn og embættismenn viðurkenna vandann og lofa að standa sig betur næst. Afsakið. Ég efast.

Íslenskir stjórnmálamenn og embættismenn hafa auðvitað ekki haft það að markmiði að myntin okkar sé sveiflótt. Og íslenskir hagfræðingar eru örugglega ekki verri eða vitlausari en aðrir hagfræðingar. Það er meira að segja ekki ólíklegt að þeir séu ívið betri og klárari—rétt eins og bílstjórar sem keyra í hálku verða flinkari en þeir sem alltaf keyra á þurru malbiki.

En þótt það sé gott að kunna að keyra í hálku þá er miklu öruggara að vera laus við hana. Sama má segja um sveiflur krónunnar. Á meðan við þráumst við að reka sjálfstæða mynt í alþjóðlegu umhverfi þá erum við á hálum ís.

Vandinn er ekki að það þurfi að stjórna myntinni betur, vandinn er að hugmyndin sjálf er óraunhæf—rétt eins og vandi þess sem ætlar að róa á árabót í Smuguna er ekki að hann rói ekki nægilega hraustlega. Hann þarf einfaldlega stærri bát.

### Nú skal það hafast

Nýlega var skipuð nefnd til þess að meta kosti Íslands í gjaldeyrismálum. Samkvæmt tilkynningu frá forsætisráðuneytinu tengist nefndarskipunin því markmiði ríkisstjórnarinnar að „draga úr þeim miklu sveiflum sem verið hafa á gengi krónunnar“. Nefndin mun því að líkindum skila niðurstöðu sem byggist á áframhaldandi notkun hins séríslenska gjaldmiðils; en þó með þeirri breytingu að nú standi til að stjórna henni miklu betur en gert hefur verið í tæplega hundrað ára sögu myntarinnar.

Afsakið aftur. Ég efast.





Fyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson teygir á landsliðsæfingu strákanan okkar í Shkoder í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Við öllu búnir gegn Kósóvó

**Ísland þarf á þremur stigum að halda þegar liðið mætir Kósóvó í nágrannaríkinu Albaníu í kvöld. Um fremur óþekktan andstæðing er að ræða og renna strákarnir okkar því að nokkru leyti blint í sjóinn í kvöld. Fjarvera lykilmanna í liði Íslands gæti haft áhrif og verður áhugavert að sjá hvernig liðið spilar þennan leik.**

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
skrifar frá Parma
eirikur@365.is



**FÓTBOLTI** Ísland er í viðkvæmri stöðu í sínum riðli í undankeppni HM 2018. Okkar menn sitja í þriðja sæti með sjö stig, einu á eftir Úkraínu og tveimur á eftir Króatíu en bæði lið eiga góðan möguleika á að vinna sína leiki í kvöld. Íslendingar mega ekki við því að dragast aftur úr í toppbaráttu riðilsins, sérstaklega fyrir leik Íslands og Króatíu á Laugardalsvelli í júní. Vilji íslenska liðið fá slag þar um toppsætið verður þessi leikur í kvöld að vinnast.

Þar til að knattspyrnuleikvangur sem stenst alþjóðlegar kröfur verður byggður í Pristina, höfuðborg Kósóvó, spilar liðið heimaleiki sína í Shkoder en um fjórar klukkustundir tekur að keyra þangað frá Pristina.

Þetta verður annar heimaleikur Kósóvó í Shkoder í riðlinum – í fyrsta leiknum steinlá liðið fyrir Króatíu, 6-0.

En það er engu að síður lítið að marka enda lið Kósóvó í stöðugri þróun og enn eru nýir leikmenn að bætast í hópinn – leikmenn sem hafa fengið grænt ljós frá Alþjóðaknattspyrnusambandinu, FIFA, til að spila með hinu glænýja landsliði.

Meðal þeirra er Besart Berisha, 31 árs þaulreyndur sóknarmaður sem leikur með Melbourne Victory, og Donis Avdijaj, tvítugur stórefnilegur framherji sem er á mála hjá stórliði Schalke í Þýskalandi.

Raunar er það svo að í leikmannahópi Kósóvó spilar aðeins einn í heimalandinu og enginn í Albaníu. Leikmenn koma víða að og eru jafnvel fæddir í öðrum löndum. En alla dreymir þá um að spila fyrir föðurlandið og klæðast þeir treyjunni með miklu stolti.

### Óskrifað blað

„Það er erfitt að meta lið Kósóvó. Við vitum að það búa gæði í einstaklingunum og við þekkjum þá vel. En þetta er nýtt lið og við vitum í raun ekki upp á hverju þeir gætu tekið,“ sagði landsliðsþjálfarinn Heimir Hallgrímsson við Fréttablaðið í gær og bendir á að innkoma nýju mannanna gæti haft mikil áhrif á liðið.

„Það getur vel verið að liðið taki upp nýja leikaðferð, pressi jafnvel á okkur sem þeir hafa ekki gert við andstæðinga sína hingað til. Það eru allir möguleikar í boði og við verðum að vera við öllu búnir,“ segir þjálfarinn enn fremur.

„Við erum með plan A og plan B. Við munum bregðast við eftir því sem leikurinn þróast, þó svo að við förum inn í leikinn með ákveðna áætlun.“

> **Það getur vel verið að Kósóvó taki upp nýja leikaðferð, pressi jafnvel á okkur sem þeir hafa ekki gert hingað til. Það eru allir möguleikar í boði og við verðum að vera við öllu búnir.**
>
> Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfari

Aron Einar Gunnarsson landsliðsfyrirliði segir að bæði Heimir og Helgi Kolviðsson, aðstoðarþjálfari hans, hafi undirbúið leikmenn eins vel og kostur er. Einnig hafa þeir komið með þau skilaboð að leikmenn megi ekki fara fram úr sér heldur einblína á eitt verkefni í einu.

### Ekkert vanmat

„Við erum ekki orðnir það góðir að við þurfum ekki að leggja okkur fram. Ef við ætlum okkur þrjú stig þurfum við að spila vel. Þeir ætla sér stigin líka,“ sagði fyrirliðinn ákveðinn en hann reiknar með ákôfu liði Kósóvó í upphafi leiks. Liði sem ætlar að láta finna fyrir sér.

„Það skiptir máli að við verðum á tánum og tilbúnir fyrir þá. Við viljum líka byrja vel og þagga niður í þeim. Við viljum nýta okkur þá reynslu sem við höfum sem lið enda að spila gegn leikmönnum sem eiga ekki marga leiki saman.“

### Reynslumikið lið

Þó nokkrir lykilmenn íslenska liðsins undanfarin ár eru fjarverandi vegna meiðsla. Meðal þeirra má nefna Kolbein Sigþórsson, Birki Bjarnason, Alfreð Finnbogason, Jóhann Berg Guðmundsson og Theódór Elmar Bjarnason. Allt eru þetta leikmenn sem verður saknað í dag.

„Sem betur fer erum við með kjarna í landsliðinu sem hefur verið sá sami í nokkuð langan tíma,“ sagði Heimir. „Og þó svo að leikmenn séu ekki gamlir búa þeir yfir mikilli reynslu, sérstaklega eftir Evrópukeppnina í Frakklandi í sumar. Þó að nýir og óreyndari leikmenn fái stærra hlutverk núna tel ég að við séum með ansi reynslumikið lið.“

Leikurinn hefst klukkan 19.45 og er ekki von á öðru en að veður verði milt, líkt og verið hefur í Albaníu síðustu daga. Bæði Heimir og Aron Einar hrósuðu vellinum á Loro Borici-leikvanginum og sögðu aðstæður afar ákjósanlegar.

## Nýjast

### Olís-deild karla

**ÍBV - Haukar 40-23**

**ÍBV - Mörk (skot)**: Theodór Sigurbjörnsson 13/3 (16/4), Sigurbergur Sveinsson 6 (9), Elliði Snær Viðarsson 4 (4), Agnar Smári Jónsson 4 (6), Róbert Aron Hostert 4 (6), Ágúst Emil Grétarsson 3 (4), Kári Kristján Kristjánsson 2 (2), Brynjar Karl Óskarsson 1 (1), Dagur Arnarsson 1 (2), Stephen Nielsen 1 (2), Magnús Stefánsson 1 (3).
**Varin skot**: Stephen Nielsen 26 (43, 60%), Kolbeinn Aron Arnarson 8 (14/1, 57%),
**Haukar - Mörk (skot)**: Jón Þorbjörn Jóhannsson 5 (8), Ivan Ivokovic 3 (5), Guðmundur Árni Ólafsson 3/1 (7/1), Adam Haukur Baumruk 3 (10), Andri Heimir Friðriksson 2 (6), Daníel Þór Ingason 2 (6/1), Heimir Óli Heimisson 2 (7), Grétar Ari Guðjónsson 1 (1), Hákon Daði Styrmisson 1 (3), Brynjólfur Snær Brynjólfsson 1 (4).
**Varin skot:** Grétar Ari Guðjónsson 6/1 (30/4, 20%), Giedrius Morkunas 3 (19, 16%),

**Stjarnan - Selfoss 24-25**

**Stjarnan - Mörk (skot):** Ari Magnús Þorgeirsson 12/4 (15/4), Sverrir Eyjólfsson 3 (3), Andri Hjartar Grétarsson 3 (6), Starri Friðriksson 2 (3), Ólafur Gústafsson 2 (7), Garðar B. Sigurjónsson 1 (1), Guðmundur Sigurður Guðmundsson 1 (1).
**Varin skot:** Sveinbjörn Pétursson 5 (25/2, 20%), Ólafur Rafn Gíslason 3 (8, 38%),
**Selfoss - Mörk (skot):** Hergeir Grímsson 7 (9), Teitur Örn Einarsson 6/2 (11/2), Alexander Már Egan 3 (4), Einar Sverrisson 3 (6), Elvar Örn Jónsson 3 (8), Guðjón Ágústsson 1 (1), Guðni Ingvarsson 1 (2).
**Varin skot:** Helgi Hlynsson 8 (21/2, 38%), Einar Ólafur Vilmundarson 7 (18/2, 39%),

**FH - Afturelding 30-26**

**FH - Mörk (skot):** Einar Rafn Eiðsson 9/3 (9/3), Óðinn Þór Ríkharðsson 7 (8), Jóhann Birgir Ingvarsson 7 (11), Ágúst Birgisson 2 (2), Jóhann Karl Reynisson 2 (3), Þorgeir Björnsson 2 (3), Gísli Kristjánsson 1 (2).
**Varin skot:** Ágúst Elí Björgvinsson 7/1 (21/1, 33%), Birkir Fannar Bragason 6/1 (18/2, 33%).
Afturelding - Mörk (skot): Ernir Hrafn Arnarson 9/1 (13/3), Mikk Pinnonen 6 (8), Þrándur Gíslason 2 (2), Jón Heiðar Gunnarsson 2 (2), Kristinn Bjarkason 2 (3), Elvar Ásgeirsson 2 (4), Gestur Ólafur Ingvarsson 1 (1).
**Varin skot:** Davíð Hlíðdal Svansson 7 (29/3, 24%), Kristófer Fannar Guðmundsson 2 (10, 20%).

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| ÍBV | 33 | Selfoss | 22 |
| Haukar | 33 | Grótta | 21 |
| FH | 31 | Stjarnan | 19 |
| Afturelding | 29 | Fram | 18 |
| Valur | 23 | Akureyri | 17 |

### SUNDSTJARNA VILL Í STJÓRN

Hrafnhildur Lúthersdóttir býður sig fram í stjórn Sundsambands Íslands á 62. ársþingi sambandsins sem fer fram um helgina.

Hrafnhildur hefur verið í hópi fremstu sundkvenna Íslands undanfarin ár. Hún vann til þrennra verðlauna á EM í fyrra og lenti svo í 6. sæti í 100 metra bringusundi á Ólympíuleikunum í Ríó. Hún keppti einnig á ÓL í London 2012.

Sundþingið verður sett í dag og áætlað er að því ljúki á laugardaginn.

Miklar breytingar verða á stjórn SSÍ því níu af 11 stjórnar- og varastjórnarmönnum ganga úr stjórn.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 17.00 | **Georgía - Serbía** | Sport 3 |
| 17.00 | **Tyrkland - Finnland** | Sport 2 |
| 18.00 | **Dell Match Play** | Golfstöðin |
| 18.30 | **Keflavík - Tindastóll** | Sport |
| 19.45 | **Spánn - Ísrael** | Sport 2 |
| 19.45 | **Króatía - Úkraína** | Sport 3 |
| 19.45 | **Írland - Wales** | Sport 4 |
| 21.00 | **Körfuboltakvöld** | Sport |
| 23.00 | **KIA Classic** | Sport 4 |
| 00.30 | **Kósóvó - Ísland** | Sport |
| 02.55 | **F1: æfing** | Sport |
| 05.50 | **F1: tímataka** | Sport |




www.honda.is

Við lögðum af stað með meira. Meira pláss til að gera góða hluti, eiga góða daga, meira af góðum ferðum. Meiri bíl til að treysta á, aflmeiri, hagkvæmari, sparneytnari. Meira af því sem við gerum vel - gert enn betur.
**Já, og meira til.**

BERNHARD

Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ • Bilver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

## Liðin og ökumennirnir í F1 árið 2017



**Mercedes**
Lewis Hamilton
Valtteri Bottas

**Red Bull**
Daniel Ricciardo
Max Verstappen

**Ferrari**
Sebastian Vettel
Kimi Räikkönen

**Force India**
Sergio Pérez
Esteban Ocon

**Williams**
Lance Stroll
Felipe Massa

**McLaren**
Stoffel Vandoorne
Fernando Alonso

**Toro Rosso**
Daniil Kvyat
Carlos Sainz Jr.

**Haas**
Romain Grosjean
Kevin Magnussen

**Renault**
Nico Hülkenberg
Jolyon Palmer

**Sauber**
Marcus Ericsson
Pascal Wehrlein

**20** Keppnirnar í F1 eru 20 talsins en tímabilið hefst á sunnudaginn í Ástralíu og því lýkur í Abú Dabí í lok nóvember. Ekki verður lengur keppt í Þýskalandi þar sem Hockenheim og Nürburgring eru dottnar út. Eigendur brautanna samþykktu ekki nýjan auglýsingasamning.



Sebastian Vettel sækist eftir sínum fimmta titli en Lewis Hamilton getur unnið sinn þriðja. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ferrari sýnir klærnar og fær heimsmeistara

**Nýtt tímabil í Formúlu 1 hefst snemma á sunnudagsmorgun þegar mikið breyttir bílarnir verða ræstir í Ástralíu. Gríðarlegar breytingar boða spennandi keppni. Sérfræðingur Stöðvar 2 Sport spáir endurkomu Ferrari á þessu ári.**

**FORMÚLA 1** „Við erum að fara að sjá öflugasta Formúlu 1-tímabil frá upphafi. Það er þannig sem menn tala um þetta ár.“

Þetta segir Rúnar Jónsson, aðalsérfræðingur Stöðvar 2 Sport um nýtt tímabil í Formúlunni sem hefst snemma á sunnudagsmorgun þegar bílarnir ræsa af stað í Ástralíu.

Óvissan er mikil fyrir tímabilið vegna mikilla breytinga á bílunum en eitt er ljóst: Ríkjandi heimsmeistari ver ekki titilinn. Nico Rosberg, sem ók fyrir Mercedes, þakkaði fyrir sig eftir að hafa unnið sinn fyrsta titil á síðasta ári og lagði hjálminn á hilluna.

### Miklu fljótari bílar

„Breytingar á smíði bílanna eru svakalegar. Það er búið að breikka þá alla, breikka vængina og dekkin. Menn fá allt að 30 prósent meira niðurtog og bílarnir eru með 25 prósent breiðari dekk,“ segir Rúnar en hverju skilar þetta allt saman?

„Miklu hraðskreiðari bílum. Við sáum það strax við æfingarnar í Barcelona í vetur að menn voru að keyra fjórum sekúndum hraðar en í fyrra. Kimi Räikkönen var með besta tímann alveg eins og í fyrra. Þessir bílar eru bara þvílíkar græjur núna.“

Rúnar segir liðin halda spilunum þétt að sér eins og vanalega og því er erfitt að lesa í hvað gerist í Ástralíu þegar fyrsta keppnin fer fram.

„Það er alltaf ákveðin óvissa en maður vonast með þessum breytingum til að fleiri lið geti tekið þátt í toppbaráttunni. Þetta hefur verið algjör einokun Mercedes undanfarin ár. Ferrari-bílarnir koma gríðarlega öflugir til leiks og þar virðist vera alvöru keppinautur. Liðin eru samt alltaf eitthvað að laumupúkast þannig að við sjáum hvað kemur upp úr krafsinu á sunnudaginn,“ segir Rúnar.

### Samkeppnin mikilvæg

Eftir fjögur ár af algjörri drottnun Red Bull þar sem Sebastian Vettel vann fjórum sinnum í röð tóku við þrjú ár af annarri eins drottnun Mercedes. Lewis Hamilton vann tvö ár í röð og Nico Rosberg í fyrra. Rúnar viðurkennir fúslega að samkeppnin verði að vera meiri svo að þetta sé áhugavert.

„Algjörlega. Meira að segja þegar Michael Schumacher vann fimm sinnum í röð fékk hann samt alvöru samkeppni frá Mika Häkkinen, David Coulthart, bróður sínum Ralf og fleirum. Hann var að vinna í spennandi keppnum. Það er líka hugmyndin með þessum breytingum að stokka spilin til að koma fleiri liðum inn í baráttuna. Það er ekkert gaman þegar eitt lið stingur af,“ segir Rúnar en eins og alltaf hafa liðin lagt mikið í sölurnar.

„Með þessum miklu breytingum gjörbreytist landslagið. Það er allt öðruvísi nema vélbúnaðurinn. Óvissan er svo mikil því það eru svo margir framleiðendur með aragrúa starfsmanna. Bara Mercedes er með 1.500 starfsmenn og Ferrari með í kringum 1.000. Þessi lið eru með um 100 manna hönnunarteymi sem eru bara að leika sér í bíla-LEGO. Pressan er bara aðeins meiri hjá þeim því allt verður að heppnast.“

> Ferrari vann ekki eina keppni í fyrra sem er algjörlega óásættanlegt. Menn í heimahögunum eru búnir að fá nóg.
>
> Rúnar Jónsson

### Annar fljúgandi Finni

Ein stærstu tíðindin á ökumannamarkaðnum var þegar Finninn Valtteri Bottas var keyptur frá Williams yfir til meistara Mercedes eftir að Rosberg ákvað óvænt að hætta. Það kemur Rúnari ekki á óvart að hann fái svona stórt tækifæri.

„Þetta er magnaður ökumaður. Yfirleitt koma bara góðir Finnar inn í Formúluna. Hann náði frábærum árangri með Williams og það hjálpar honum að Williams var að nota Mercedes-vélar. Mercedes þekkir hann því aðeins í gegnum þau samskipti. Hann er ofboðslega fljótur og engin spurning að hann á þetta sæti skilið,“ segir Rúnar.

### Upprisa Ferrari

Ferrari, stærsta og frægasta liðið í Formúlu 1, hefur ekki eignast heimsmeistara frá árinu 2007 þegar Kimi Räikkönen sigraði. Þeir rauðu hafa lent undir í baráttunni við Red Bull fyrst og svo Mercedes en nú gæti orðið breyting á.

„Ég er spenntur fyrir Ferrari og trúi ekki öðru en að þetta stóra og sterka lið sýni klærnar. Það vann ekki eina keppni í fyrra sem er algjörlega óásættanlegt hjá Ferrari. Menn í heimahögunum eru búnir að fá nóg þannig að ég treysti á þá,“ segir Rúnar sem sér rauðklæddan ökuþór fagna í haust.

„Þetta gæti fallið bæði fyrir Sebastian Vettel og Räikkönen. Ég spái ökumanni Ferrari sigri en menn þurfa að passa sig á Hamilton. Hann tapaði titlinum til Rosbergs í fyrra og er staðráðinn í að endurheimta hann. Hamilton var svakalega ósáttur þannig að það er allt undir hjá honum og Ferrari-mönnum,“ segir Rúnar Jónsson. tomas@365.is


# Fáið mat á verðmætin ykkar

## Hittið sérfræðinga Bruun Rasmussen

Verið velkomin á Grand Hótel, Gullteig B, Sigtúni 38, Reykjavík
**miðvikudaginn 29. mars kl. 15–19**

Þar munu reynslumiklir sérfræðingar okkar meta listaverk af öllu tagi, með sérstakri áherslu á nútímalist, „design“, fornmuni, silfurmuni, skartgripi, armbandsúr, mynt og frímerki.
Matið er án endurgjalds og án skuldbindinga – með hugsanlega sölu á uppboði í huga.

*Dagana 28. – 30. mars er boðið uppá heimsóknir í heimahús, eftir því sem tími leyfir.*

Nánari upplýsingar veita Össur Kristinsson, 5554991 og 6984991 og Peter Beck 45 88181186 / e-mail pb@bruun-rasmussen.dk





*Poul Henningsen: „PH-5/3“. Standlampi með stöng og festingar úr patineruðu, brúnuðu messingi, með skermi úr rauðu/bronsuðu zinki.*
*Hamarshögg: 170.000 DKK.*

Sjá nánar á bruun-rasmussen.dk

BRUUN RASMUSSEN
KUNSTAUKTIONER

Sundkrogsgade 30
2150 Nordhavn, Kbh.
Tel +45 8818 1111

Søren Frichs Vej 34 D
8230 Åbyhøj, Aarhus
Tel +45 8818 1100

# Fjölorka til framtíðar

## Málþing um fjölbreytta orkugjafa í samgöngum

**FIMMTUDAGINN 30. MARS**
HARPA — BJÖRTULOFT

Skeljungur og NýOrka taka þátt í verkefni ESB „Hydrogen Mobility Europe“ og standa fyrir spennandi og metnaðarfullu málþingi um nýjar lausnir í orkumálum, með sérstakri áherslu á hlutverk vetnis. Fjallað er um framtíðarþróun á vistvænum bílum og vistvænum orkugjöfum í samgöngum. Ljóst er að fjölbreytt notkun orkugjafa er líklegri til árangurs þar sem engin ein lausn mun uppfylla allar þarfir á markaðinum. Að málþingi loknu verða veitingar í boði, þar sem gestum gefst kostur á að ná tali af fyrirlesurum.

**Fundarstjóri er Berglind Rán Ólafsdóttir, stjórnarformaður NýOrku.**

**Frítt er á málþingið — takmarkaður sætafjöldi**
*Skráðu þig núna á skeljungur.is/fjolorka*

**AGENDA**

13:00 **Opening** — Dagur B. Eggertsson, Major of Reykjavík

13:15 **The role of FCH-JU for cleaner energy future in Europe**
Bart Biebuyck — Executive Director Fuel Cells and Hydrogen Joint Undertaking

13:35 **Hydrogen Mobility Europe (H2ME) project overview**
Lisa Ruf — Coordinator H2ME, Element Energy

13:55 **The hydrogen refuelling station**
Jakob Krogsgaard — Senior Vice President, NEL Hydrogen

14:15 **Hydrogen as a very important future fuel**
Kristinn G. Bjarnason — Toyota

14:35 **Coffee break**

15:00 **Icelandic policy regarding energy shift in transport**
Ingvi Már Pálsson — Director General, Ministry of Industries and Innovation

15:20 **Commercialisation of hydrogen vehicles**
Frank Meijer, Hyundai Motor Europe

15:40 **The future multi-fuel station**
Valgeir Baldursson — CEO, Skeljungur

16:00 **Open discussions**
*Conference ends around 16:30 with refreshment*

Skeljungur · Íslensk NýOrka · Hyundai · Toyota · Hydrogen Mobility Europe

# VOR ERIKA

## frábært verð

Dásamlegar vor erikur bíða eftir
að komast í útipotta í garðinn
eða á pallinn



**Vor erika**
frábært verð!
**599kr**
10327408

## Heilsu torgið
Blómavali Skútuvogi



**20% afsláttur**
af öllum vítamínum, förðunar-
og snyrtivörum

Benedikta Jónsdóttir veitir ráðgjöf
föstudag og laugardag milli 11-18

**20% afsláttur**
Af öllum vorlaukum




**20% afsláttur**
Af öllum fræum



-25%
**Pottamold**
10 ltr. Jonkind
449kr
~~599kr~~
10333655



Lára Jónsdóttir
veitir góð ráð
um ræktun
í Blómavali
Skútuvogi
um helgina



HÚSASMIÐJAN

# SÚPER TILBOÐ Á GRILLUM



weber

**Gasgrill Weber Q3200**
Létt og meðfærilegt gasgrill, stór grillflötur, postulín glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni. Brennari: 6,35 kW/h—21.700 BTU. Grillflötur: 63x45 cm, efri grind: 40x11 cm.
3000380

**Þú sparar: 8.090 kr.**

**74.900 kr**

~~82.990~~ kr

## ÖLL WEBER OG OUTBACK GRILL Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

GILDIR AÐEINS FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS

# SENDUM GRILLIÐ FRÍTT HEIM

## ÞEGAR ÞÚ VERSLAR Í VEFVERSLUN HÚSASMIÐJUNNAR HUSA.IS



weber

**Þú sparar: 4.760 kr.**

**Gasgrill Weber Q2200**
Frábært heima eða í ferðalagið. Grillflötur: 39x54 cm.
3000377

**48.690 kr**

~~53.450~~ kr



weber

**Þú sparar: 3.000 kr.**

**Gasgrill Weber Q1200**
Frábært heima eða í ferðalagið. Grillflötur: 32x42 cm.
3000376

**36.900 kr**

~~39.900~~ kr



weber

**Þú sparar: 5.000 kr.**

**Gasgrill Q2200**
Meðfærilegt gasgrill á fótum, postulínglerungs-húðaðar grillgrindur úr pottjárni. Grillflötur: 39x54 cm, ryðfrír brennari 3,51 kW/h—12.000 BTU, rafstýrður kveikjurofi.
3000378

**54.900 kr**

~~59.900~~ kr



OUTBACK

**Þú sparar: 4.000 kr.**

**Gasgrill**
Outback gasgrill, 2ja brennara.
Grillflötur: 50x36 cm með tvískiptum brennara.
3000225

**13.990 kr**

~~17.990~~ kr



OUTBACK

**Þú sparar: 11.000 kr.**

**Gasgrill**
Sunset Solo 3. 3ja brennara. Grillflötur: 628x406 mm. 3 ryðfríir brennarar. Hitamælir, 9,67 kW.
3000393

**25.990 kr**

~~36.990~~ kr

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

## Merkisatburðir

**1548** Gissur Einarsson biskup deyr, um 36 ára aldur. Eftir hann liggja þýðingar nokkurra rita Nýja testamentisins á íslensku.

**1931** Fluglínutæki eru notuð í fyrsta skipti til björgunar á Íslandi er Slysavarnadeildin Þorbjörn bjargar 38 manna áhöfn franska togarans Cap Fagnet austan Grindavíkur.

**1959** Reglugerð er sett um stefnuljós á bifreiðum og önnur um umferðarmerki og notkun þeirra.

**1973** Kjarvalsstaðir á Miklatúni í Reykjavík eru formlega opnaðir með stórri sýningu á verkum Jóhannesar S. Kjarvals listmálara.

**1974** Varðskipið Týr kemur til landsins. Það er 923 brúttólestir, smíðað í Árósum og ganghraði þess er 20 sjómílur.

**1976** Argentínski herinn steypir Ísabellu Perón af stóli.



Fjölskyldutónar hljóma í Hannesarholti á sunnudag hjá Sesselju, Kolbeini Tuma, Gunnhildi, Júlíu og Daða.

# Hugmynd dótturinnar hrundið í framkvæmd

**Eftir rúm 40 ár með Sinfóníunni spila Daði Kolbeinsson óbóleikari og Sesselja Halldórsdóttir víóluleikari ásamt tveimur börnum og vinkonu í Hannesarholti á sunnudag.**

Þetta er allt Gunnhildi, dóttur okkar, að þakka eða kenna. Hún átti hugmyndina," segir Daði Kolbeinsson óbóleikari glaðlega um fjölskyldutónleika í Hannesarholti á sunnudaginn klukkan 16. Þar spilar hann ásamt konu sinni, Sesselju Halldórsdóttur víóluleikara, og börnum, Gunnhildi fiðluleikara og Kolbeini Tuma á píanó. Til að fullkomna stemninguna fengu þau vinkonu þeirra allra, Júlíu Mogensen, með á selló.

Á dagskránni eru óbókvartettar eftir Mozart og Bach auk fjögurra verka með fiðlu í aðalhlutverki. Þar er meðal annars nýtt einleiksverk sem Hildigunnur Rúnarsdóttir samdi sérstaklega fyrir Gunnhildi.

Daði og Sesselja eiga yfir 40 ára feril að baki með Sinfóníunni og hafa látið þar af föstum störfum. „Það orðaði einhver svo að við værum að útskrifast," segir Daði kíminn. Sesselja kveðst enn vera í afleysingum en fá ágætar pásur á milli og þá geti hún sinnt barnabörnunum. Daði tekur í sama streng. „Þegar ég hætti að vinna var ég strax kominn í barnapössun. Svo er ég dálítill golffikill og stunda skíðagöngu þegar færi er svo ég kann þessu nýja lífi ágætlega."

Þau hjón kynntust í Sinfóníunni. Sesselja kveðst hafa verið í sveitinni frá 1970 með námshléum. „Margir litu ekki á þetta sem fullt starf en ég get staðfest að svo sé. Tekist er á við nýtt verkefni í hverri viku og því fylgir mikil vinna en hún er skemmtileg."

Daði er skoskur í grunninn, hann var langt kominn í námi í London þegar hann var beðinn að gerast óbóleikari á Íslandi í nokkrar vikur. „Ég stökk á það," hljóðfæraleikari segir aldrei nei!"

Hann flaug til landsins 23. janúar 1973, daginn sem Vestmanneyjagosið hófst og fyrsta æfing var morguninn eftir. „Ég var að spila í London seint á laugardagskvöld, keyrði norður til Edinborgar til að ná flugi en lenti í byl á leiðinni, festi bílinn og varð að sofa í honum um nóttina. Náði vélinni og flaug þá í fyrsta skipti, nýorðinn 22 ára. Um leið og ég settist var mér rétt dagblað og á forsíðu var frétt um flugslys, þar sem sams konar vél og ég var kominn upp í hafði farist.

Við vorum bara tíu farþegarnir, erlendir fréttamenn voru ekki búnir að kveikja á því að koma til Íslands að skoða eldgos. Sjálfur hafði ég ekki hugmynd um það en eftir þriggja tíma flug var mikið talað á íslensku í talkerfið, þá var flugstjórinn að reyna að gefa útsýni yfir gosið en tókst ekki, það var svo lágskýjað."

Daði segir æðislegt að búa á Íslandi. „Hér hef ég fengið tækifæri sem ég hefði aldrei fengið annars staðar," segir hann og nefnir þar einleik með Sinfóníunni og þátttöku í Kammersveit Reykjavíkur og Blásarakvintett Reykjavíkur. Að ógleymdu einkalífinu. „Við Sesselja rugluðum saman reytum 1980. Hún var ákveðin í að segja ekki já fyrr en öruggt væri að ég ílentist á Íslandi. Ákvörðunin var mín, svo fórum við að búa!"

Spurð hvort fjölskyldutónleikarnir á sunnudaginn séu kannski upphafið að nýjum ferli brosir Sesselja efablandin. „Ég veit það nú ekki en ég vona að allir komist óskaddaðir frá þessu." Hún bendir á að hægt sé að fá kaffi í Hannesarholti. „Það er svo huggulegt þar að mann langar helst að setjast þar að."

**gun@frettabladid.is**

---



†

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hjalti Þórðarson**

fyrrverandi bóndi að Bjarnastöðum í Ölfusi,

lést á hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði þann 21. mars síðastliðinn. Útförin fer fram frá Þorlákskirkju laugardaginn 1. apríl kl. 14.

**Einey Guðríður Þórarinsdóttir**
**Erna Björk Hjaltadóttir** **Steinarr Þór Þórðarson**
**Gunnar Þór Hjaltason**
**Ásta María Hjaltadóttir**
**Þóra Jóhanna Hjaltadóttir** **Lúðvík Björgvinsson**
**Hulda Svandís Hjaltadóttir** **Benedikt Hallgrímsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Björn Birnir**

myndlistarkennari,

andaðist 21. mars. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Margrét Snæbjörnsdóttir**
**Snæbjörn Björnsson Birnir**
**Björn Björnsson**
**Ólafur Björnsson** **Kolbrún Jónsdóttir**
**Sigríður Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sólveig Jónsson**

hjúkrunarfræðingur og píanóleikari Hrafnistu, Hafnarfirði, áður Lyngrima 15, Reykjavík,

sem lést 14. mars sl., verður jarðsungin frá Aðventkirkjunni í Reykjavík 27. mars kl. 13.

**Jón Hjörleifur Jónsson**
**Sólveig, Kristín, Jón Árni, Kolbrún Sif, makar, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Okkar kæri bróðir,

**Kristján Guðbjartsson**

Norðurbrún 1, áður að Sogavegi 140,

er látinn. Útför hans fer fram 28. mars klukkan 13.00 frá Fossvogskirkju.

**Magnús Guðmundsson**
**Kristín og Bryndís Guðbjartsdætur**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gunnlaugur Einar Kristjánsson**

húsasmíðameistari, Tjarnarási 12,

síðast til heimilis á Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi, lést á HVE í Stykkishólmi mánudaginn 20. mars sl. Útförin auglýst síðar.

**María Guðmundsdóttir**
**Guðrún Gunnlaugsdóttir** **Jónas Steinþórsson**
**Kristján Gunnlaugsson** **Dallilja Inga Steinarsdóttir**
**Guðmundur Gunnlaugsson** **Dagbjört I. Bæringsdóttir**
**Þröstur Gunnlaugsson** **Helga Guðmundsdóttir**
**Jóhann Gunnlaugsson** **Vaka H. Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Elskuleg móðir mín, amma okkar, systir, mágkona og frænka,

**Áslaug Kristín Pálsdóttir**

búsett á dvalarheimilinu í Stykkishólmi, áður til heimilis á Hringbraut 15, Hafnarfirði,

lést umvafin ástvinum sínum mánudaginn 20. mars sl. Jarðarförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 28. mars kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast Ásu er bent á minningarsjóð Dvalarheimilisins í Stykkishólmi. Banki 0309-13-209020, kt. 620269-7009.

**Ágústa Guðrún Ólafsdóttir**
**Áslaug Guðrún** **Ólöf Hulda**
**Hanna Þórdís** **Gústaf Máni**
**systur og aðrir aðstandendur.**

# Fólk
Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 24. MARS 2017



**Vöfflur henta við hin ýmsu tækifæri, hvunndags, spari og jafnvel í morgunmat.**

Vöfflur → 6 til 10



MYND/GVA

# Á vit nýrra ævintýra

Eftir 18 ár í lögreglunni ákvað Hilmir Kolbeins að takast á við nýjar áskoranir og hóf nám í guðfræði. →2

LYFJA – Lifið heil

Nýtt í Lyfju

Osteo Advance

Inniheldur fullkomna blöndu af vítamínum og steinefnum fyrir beinin.
20% afsláttur, dagana 21.mars - 4. apríl.

Verð: 1.477 kr. Verð áður: 1.846 kr.




20% afsláttur

Netverslun – lyfja.is

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is





Félagar í samtökunum 501st taka alltaf vel á móti öðrum félögum. Myndin er tekin í London árið 2016.

Starf prests og lögreglumanns kann við fyrstu sýn að eiga fátt sameiginlegt. Mannleg samskipti eru þó stór þáttur í báðum störfum auk þess hæfileika að geta sett sig í spor annarra við ólíkar aðstæður. Sú reynsla og hæfileiki ætti að nýtast lögreglumanninum fyrrverandi Hilmi Kolbeins sem ákvað eftir 18 ára starf í lögreglunni að venda kvæði sínu algjörlega í kross og skrá sig í guðfræðinám við Háskóla Íslands.

Starf lögreglumanns er oft á tíðum erfitt og álagið getur verið mjög mikið. Því sækir Hilmir m.a. slökun og hugarró í eldhúsið en hann er fyrirtaks kokkur. Auk þess galdrar hann reglulega fram eitthvað spennandi sem tengist nördaheimi hans í vinnuskúrnum úti í garði en þessa stundina er hann að smíða módel af Fálkanum, geimskipi Han Solo úr Stjörnustríðsmyndunum. Það er því óhætt að segja að Hilmir feti ekki troðnar slóðir í lífinu.

### Staðnaður í starfi

Hann segir guðfræðinámið hafa blundað mjög lengi í sér en helsta ástæða þess að hann hætti sem lögreglumaður hafi verið sú að hann fann hversu staðnaður hann var í starfi. „Það var bara ekkert að gerast og ég hafði engan áhuga fyrir starfinu lengur. Embættið hafði farið í gegnum erfiðar og endalausar breytingar með miklum niðurskurði og manneklu sem drap niður allan móral. Auk þess fóru næturvaktirnar mjög illa í mig, ég svaf illa og var geðillur. Eftir að ég hætti á vöktum finn ég hvað ég er allt annar maður, regla komst á heimilislífið og ég nýt dagsins betur."

Það var ekki bara andlega hliðin, álagið í vinnunni hafði einnig tekið mikinn toll af skrokknum. „Ég ákvað því í fyrra að ég myndi alls ekki vilja verða þessi skápur í vinnunni sem allir tala um og ég vildi heldur ekki koma fólki í þá stöðu. Því ákvað ég að segja upp, horfa fram á við, hitta nýtt fólk og takast á við nýjar áskoranir."

Hann segist sakna starfsfélaga sinna sem sé yndislegt og gott fólk.



Hilmir Kolbeins ásamt fjölskyldu sinni í sumarfríi á Íslandi. Lífið varð öllu rólegra fyrir hann eftir að hann hætti störfum sem lögreglumaður með tilheyrandi vaktavinnu.

„Starfsfélagarnir voru fljótir að kalla mig séra Hilmi og heimtuðu að ég annaðist guðsþjónustur og færi með bænir við hin og þessi tækifæri. Fjölskyldumeðlimir voru nú bara sáttir og sögðu þetta eiga við mig og að ég yrði flottur prestur. Það hafa verið margir prestar í ættinni og er sá elsti kominn vel yfir nírætt. Það er því kominn til að annar taki við kyndlinum."

### Þarf að hlusta vel

Lögreglumaður þarf að bregða sér í mörg hlutverk að sögn Hilmis, allt frá því að vera embættismaður sem fer með vald, yfir í að vera vinur, ráðgjafi og sálusorgari, því reglulega hitti hann fólk á versta tíma í lífi þess en líka þeim besta. „Að aðstoða við að taka á móti barni er ein sú besta upplifun sem ég þekki eða vita til þess að maður hafi náð að bjarga lífi. En á hinn bóginn þurfum við að tilkynna um andlát og vera inni á heimilum þar sem fjölskyldumeðlimur hefur látið lífið. Þar þarf oft að taka sér annað hlutverk, hlutverk umhyggju og vera klettur fyrir fólk. Sjálfur hef ég rætt við marga sem hafa misst ástvini sína og fengið lögregluna og sjúkralið á staðinn. Flestir segja að eini maðurinn eða konan sem þau muna eftir hafi verið lögreglumaðurinn sem var við hlið þeirra allan tímann og útskýrði fyrir þeim hvað var um að vera og hvað tæki við."

Starf prestsins og lögreglumannsins eigi því meira sameiginlegt en margur heldur. „Það að gefa sér tíma til að hlusta á viðkomandi, án þess að grípa fram í fyrir þeim, getur skipt sköpum. Það eiga þessi störf sameiginlegt. Þannig verður starfsreynsla mín úr lögreglunni pottþétt minn fjársjóður í nýju starfi. Að halda sjó og troða marvaðann í 18 ár í mörgum erfiðum málum án þess að brotna saman er dýrmætur lærdómur."

### Spennandi nám

Væntingar Hilmis til guðfræðinámsins snerust fyrst og fremst um tækifærið til að opna nýjar dyr í lífi sínu. Hann segir námið mjög spennandi, krefjandi og á köflum erfitt en alveg þess virði. „Sumir halda að við séum þarna syngjandi sálma og á endalausum biblíunámskeiðum að reyna að finna Guð. En það er langt í frá þannig enda lendir maður í smá glímu við sjálfan sig og trú sína."

Námskeiðin eru mjög fjölbreytt og kennararnir við deildina eru fræðimenn í fremstu röð. „Ég hefði viljað sjá fleiri nemendur þar enda eru trúmál mikið í deiglunni. Fræðsla og þekking eyðir nefnilega fordómum og við þurfum að standa okkur í þeim málum."

### Nördast í skúrnum

Utan vinnunnar síðustu árin og námsins á Hilmir tvö stór áhugamál. Þeim sinnir hann í bland við samverustundir með fjölskyldunni og gerðu honum áður fyrr betur kleift að aðskilja milli krefjandi lögreglustarfs og heimilislífs. Fyrst nefnir hann ástríðuna fyrir mat en hann er góður kokkur að eigin sögn, unir sér vel í eldhúsi við matreiðslu og bakstur og hefur unnið að veislum í aukastörfum. „Svo er ég með vinnuskúr í garðinum þar sem ég galdra fram eitthvað spennandi sem tengist nördaheiminum sem ég er með annan fótinn í. Núna er ég t.d. að búa til „studio scale" líkan af Millennium Falcon sem flestir þekkja sem Fálkann, geimskip Han Solo úr Star Wars. Fullbúið verður það um 80 sm á lengd og um 11 kíló á þyngd."

Einnig hefur hann gert eftirlíkingar af búningum og leikmunum úr kvikmyndum sem heilluðu hann mest þegar hann var krakki. „Ég hef alltaf talið mikilvægt að eiga góð áhugamál og halda barninu í sér lifandi. Maður á ekki taka aldurinn of alvarlega því þá verður maður bara gamall og ferkantaður langt fyrir aldur fram. Nýlega ræddi ég t.d. við fermingardreng í Grafarvogskirkju sem fannst ótrúlegt að ég skyldi vera að spila sömu leiki og hann á Playstation 4."

### Góður félagsskapur

Hilmir er einnig meðlimur í samtökunum 501st (Icelandic Outpost) sem státa af yfir 10.000 meðlimum um allan heim. „Til að vera gjaldgengur þarf að eiga nákvæma eftirlíkingu af einhverjum búninganna sem vondu kallarnir klæðast í Star Wars myndunum. Þótt ég horfi líka mikið á „cult" myndir eiga Star Wars myndirnar sérstakan stað í hjarta mínu. Ég heillaðist af þessum heimi og þá sérstaklega af búningunum og geimskipunum."

Á meðal búninga sem Hilmir hefur sett saman eru þeir sem Boba Fett og Svarthöfði klæddust en búningi þess síðarnefnda hefur hann klæðst fjórum sinnum með Sinfóníuhljómsveit Íslands, leikið í Spaugstofunni og skartað honum við fjölda viðburða. „Við höfum verið viðstaddir frumsýningar á Star Wars myndunum og heimsótt Barnaspítala Hringsins og fært þeim gjafir."

Gegnum samtökin hefur Hilmir kynnst mörgu fólki út um allan heim og eignast góða vini. „Einnig fáum við erlenda meðlimi í heimsókn og þá reynum við að fara með þá í skoðunarferðir, t.d. kringum Vík í Mýrdal til að skoða upptökustaði frá Rogue One."

### Stefnir á prestinn

Hilmir stefnir á að ljúka BA-prófi í guðfræði eftir ár og að útskrifast mag.theol. árið 2020 og þá tekur við hefðbundin atvinnuleit, hvort sem hann sækist eftir starfi prests eða öðrum störfum. „Þetta kemur allt í ljós, en fyrst ég stefni á embættisprófið þá set ég auðvitað stefnuna á að verða prestur. Núna hugsa ég fyrst og fremst um að klára námið. Það mun þó strax koma mér til góða í haust þegar ég kenni í fermingarfræðslu með prestunum í Mosfellsbæ. Því má segja að ég sé hægt og bítandi að feta mig inn á þá braut að vinna hjá kirkjunni og kynnast þessu starfi betur."

LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Ferðamálaskóli Íslands

Opið 8-22

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466


„BESTA SÝNING LEIKÁRSINS“
Guðmundur Steinsson
Húsið
Leikstjórn
Benedikt Erlingsson
„ … besta sýning leikársins … stórbrotin útfærsla á stórkostlegu leikverki … ógleymanleg kvöldstund“
– Fréttablaðið, SJ –
„ … frábærlega útfærð … Frábærlega gert …“
– Morgunblaðið, ÞT –
„ … frábær írónísk hugmynd … í engri sýningu áður hef ég séð leikskáldinu Guðmundi Steinssyni gerð betri og fjölþættari skil.“
– RÚV, MK –
„ … leikarar í aðalhlutverkunum voru svakalega góðir … ótrúlega flott …“
– RÚV, HA og SB –
Tryggðu þér miða á leikhusid.is eða í síma 551 1200

# Syngur yfir gullsmíðinni

## Svana Karlsdóttir lét gamlan draum rætast og lærði gullsmíði. Hún tekur þátt í HönnunarMars ásamt samstarfskonum sínum í Raus Reykjavík.




Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is


Svana lauk sveinsprófi í gull- og silfursmíði frá Tækniskólanum vorið 2016 og sest aftur á skólabekk næsta haust í meistaraskólanum. Hún er einn af stofnendum Raus Reykjavík sem tekur þátt í HönnunarMars og sýnir þar sína fyrstu skartgripalínu sem gerð er í samstarfi við Bláa lónið.

**Hverjar standa að Raus með þér?** Með mér eru Auður Hinriksdóttir skartgripahönnuður, Harpa Kristjánsdóttir, gull- og silfursmíðameistari, og Rut Ragnarsdóttir, skartgripahönnuður og myndlistarkona.

**Hvaðan kemur nafnið Raus Reykjavík?** Raus varð til úr upphafsstöfum þriggja okkar (Rut, Auður, Svana) en við höfum samstarfið áður en Harpa kom inn í myndina. Það kom til tals að hún fengi sinn staf líka og nafnið yrði Hraus en þar sem er oft galsi í hópnum og við höfðum hlegið mikið að hugmyndinni um „rausandi“ kerlingar sitjandi við smíðaborð þá hélt þetta sér. Í lógói fyrirtækisins er au-ið í Raus einnig breiðara en hinir stafirnir en það kemur til af því að tákn gulls í lotukerfinu er Au.

**Hvers vegna ákvaðstu að læra gullsmíði?** Þessi mikli áhugi minn á skartgripum kviknaði sennilega á barnsaldri þegar ég fékk að leika mér með skartgripakistil sem mamma átti. Svo álpaðist ég á námskeið hjá Leifi Jónssyni gullsmíðameistara og þá rann loksins upp fyrir mér hvað ég ætlaði að verða þegar ég yrði stór.

**Hvað varstu að gera þegar þú hófst námið?** Ég var skrifstofustjóri hjá bílaumboðinu Heklu og söngkona í hjáverkum þegar ég hóf námið. Það er gríðarlega erfitt að komast inn í gullsmíðadeildina svo að á meðan ég beið eftir því að komast inn fór ég í hönnunarnám í eitt ár til að hafa betri bakgrunn. Átta nemar komast inn í námið á hverju hausti og um áramót heltast nokkrir úr lestinni. Námið er mjög strangt og svo er gríðarlega erfitt að komast á samning svo að við vorum einungis tvö úr mínum bekk sem útskrifuðumst á réttum tíma.

**Syngur þú við gullsmíðina?** Já, ég kem víst með þeim ósköpum að ef ég er ekki syngjandi þá er ég flautandi. Ég er bara svo stálheppin að stelpurnar í Raus Reykjavík segja að það sé bara heimilislegt en dætur mínar deila víst ekki þeirri skoðun.



Raus tekur þátt í HönnunarMars í fyrsta sinn í ár. MYND/GASSI



Línan EINN / ONE er unnin út frá smásjármyndum af kísli úr Bláa lóninu sem er eftirsóttur í húðvörur. MYND/GASSI



> **Áhugi minn á skartgripum kviknaði þegar ég fékk að leika með skartgripakistil sem mamma átti.**
>
> Svana Karlsdóttir

**Hvar er hægt að kaupa skart frá ykkur?** Um helgina verður heimasíðan okkar, www.raus.is, opnuð og þar munu á næstunni koma inn myndir af því sem við erum að hanna og smíða og þar er einnig hægt að kaupa skart frá okkur eða gera sérpantanir. Sýningin okkar, vegna HönnunarMars verður haldin í verslun Bláa lónsins, Laugavegi 15, frá 23.-26. mars.

# Kynna eignir á Spáni

## Euromarina, í samstarfi við fasteignasöluna Lind, hefur til sölu úrval fasteigna á Spáni. Kynningarfundir fyrir Íslendinga verða haldnir á Hótel Cabin á föstudag og laugardag.

Euromarina er byggingafélag og fasteignasala sem hannar og byggir allar gerðir af húsnæði á Costa Blanca og Costa Calida,“ segir Birna Guðmundsdóttir hjá Euromarina. Hún segir húsin hönnuð og byggð í samræmi við óskir og þarfir viðskiptavina en aðeins eru notuð umhverfisvæn efni í hæsta gæðaflokki.

„Margbreytileikinn er mikill hjá okkur, allt frá íbúðum við ströndina og rúmgóðum fasteignum í þéttbýli til hágæða einbýlishúsa á stórum jörðum.“

Euromarina á sér langa sögu sem nær aftur til 1972 en frá upphafi hefur fyrirtækið verið frumkvöðull í ferðaiðnaðinum og markaðsleiðandi í eignum í hæsta gæðaflokki. „Euromarina hefur fengið fjölda innlendra og alþjóðlegra viðurkenninga,“ upplýsir Birna. Mikilvægustu gildi Euromarina hafa ávallt verið að bjóða öllum viðskiptavinum persónulega og góða þjónustu með þarfir og lífsstíl fólks að leiðarljósi.

„Euromarina er í raun lífsstíll. Fjárhagslega viðráðanlegur lífsstíll sem sameinar þau þægindi og gæði sem við öll leitum eftir á heimilum okkar,“ segir Birna og telur sannarlega forréttindi að lifa á stað umkringdum náttúrufegurð og fjölmörgum tómstundamöguleikum.

Hverfisskipulag Euromarina hefur hlotið fjölmörg verðlaun og hlotið viðurkenningar bæði spænskra og alþjóðlegra dómnefnda. Birna nefnir sem dæmi verkefni Euromarina, „Hotel Spa and Golf La Laguna“, sem hlaut Ferðaverðlaun Torrevieja og Costa Blanca. „Þetta fjögurra stjörnu hótel er metnaðarfullt verkefni með einstökum byggingarstíl sem endurspeglar Miðjarðarhafsstílinn.“

Þá hafa þróunarverkefni Euromarina einnig hlotið fjölmörg verðlaun bæði á Spáni og erlendis. “Við teljum það staðfestingu á gæðum vöru Euromarina.”



Euromarina hefur fengið fjölda innlendra og alþjóðlegra viðurkenninga.



Starfsfólk Euromarina veitir persónulega og góða þjónustu.

Kynningarfundir Euromarina verður haldinn á Hótel Cabin, Borgartúni 32, 7. hæð, föstudaginn 24. mars klukkan 17 til 20 og laugardaginn 25. mars klukkan 12 til 18. Nánar á Facebook undir Euromarina fasteignir.


ENGIN VAFFLA ÁN SULTU FRÁ
J L Andersen
DEN GAMLE FABRIK
DEN ÆGTE SIDEN 1834
LET AT ÅBNE
DEN GAMLE FABRIK
SOLBÆR
MARMELADE
LET AT ÅBNE
DEN GAMLE FABRIK
HINDBÆR
MARMELADE
LET AT ÅBNE
DEN GAMLE FABRIK
BLÅBÆR
MARMELADE

# Gómsætar lágkolvetnavöfflur

Lágkolvetnafæði hefur átt vinsældum að fagna síðustu misseri og ár og þykir hafa ýmsa kosti. Það dregur meðal annars úr blóðsykursveiflum og gefur þannig jafnari orku. Hér er uppskrift sem fer vel í munn og maga.

Í bókinni Södd og sátt – án kolvetna eftir dönsku fjölmiðlakonuna Jane Faerber, sem kom út hjá Forlaginu 2013, er listi yfir nokkra kosti lágkolvetnafæðis. Jane segir það leiða af sér langvarandi mettunartilfinningu, bætta stjórn á matarlyst, jafnari orku, minni sykurþörf, betri svefn, þyngdartap án svengdar og minni hættu á lífsstílstengdum sjúkdómum. Í bókinni er að finna uppskrift að mettandi vöfflum sem hafa minni áhrif á blóðsykurinn en margar aðrar vöfflutegundir. Vöfflurnar bragðast engu að síður ekki ósvipað og aðrar vöfflur. Þó þarf að gæta þess að setja ekki of mikið af sykruðu viðbiti ofan á. Þá er ávinningurinn fyrir bí.

**Vöfflur með sítrónuberki og birki**

**8 vöfflur**

**4 egg**
**3 msk. kókospálmasykur**
**1 ½ dl rjómi**
**1 tsk. vanilluduft**
**1 dl heimagert möndlumjöl (ca. 100 g möndlur hakkaðar í matvinnsluvél)**
**2 msk. psyllium-trefjar (Husk)**
**2 tsk. lyftiduft**
**Börkur af 1 (lífrænni) sítrónu**
**2 msk. dökkt birki**

» **Vöfflurnar bragðast ekki ósvipað og hefðbundnar vöfflur.**

Þeytið eggin duglega. Bætið kókospálmasykri og sýrðum rjóma saman við og hrærið þar til deigið er kekkjalaust. Hrærið þurrefnin út í. Látið standa og þykkna á meðan vöfflujárnið hitnar. Þar sem deigið er fituríkt ætti að vera óþarfi að smyrja vöfflujárnið. Bakið vöfflurnar og berið fram með birki, rifnum sítrónuberki og rjóma, ef vill. Eins mætti strá nokkrum dökkum súkkulaðiflögum (70 prósent eða meira) ofan á.



Deigið er fituríkt og því ætti að vera óþarfi að smyrja járnið.




Kynningar:
Penninn
Vogue

# Fermingargjafir

24. MARS 2017



NORDICPHOTOS/GETTY




# Persónulegri peningagjafir

**Peningar eru ofarlega á óskalista margra fermingarbarna enda mörg að safna fyrir dýrum raftækjum, húsgögnum, ferðalögum eða öðru slíku. Þótt peningar komi sér jafnan vel þykja peningagjafir ekkert sérstaklega persónulegar. Þá er ráð að búa til úr þeim skemmtileg form og munstur.**

Vera Einarsdóttir
vera@365.is





Inga Þóra Jónsdóttir, bókari hjá fasteignafélaginu Regin, kynntist origami-gerð í Japan. „Ég fór þangað í skiptinám árið 2008. Þar var mér boðið á ýmis námskeið tengd japanskri menningu og þar á meðal námskeið í origami-gerð. Ég hef verið að dunda við hana síðan enda hef ég mjög gaman af því að dútla og finnst gott að hafa eitthvað í höndunum á meðan ég er í saumó eða horfi á sjónvarpið, svo dæmi séu nefnd.“

**Inga Þóra lærði origami-gerð í Japan fyrir um tíu árum og hefur dundað við hana síðan.**

Inga Þóra notar alls kyns efnivið í origami-gerðina; bókapappír, dagblaðapappír, gjafapappír og allt þar á milli. Hún hefur líka alloft gert origami úr peningum. „Samstarfskona mín bað mig um að gera það fyrir fermingu sem hún var að fara í um árið. Það endaði með því að ég fór að gera þetta fyrir fleira samstarfsfólk, fjölskyldu og vini.“



Hjartað er með flipa að aftan en þannig er hægt að festa það utan á kort.

**Inga Þóra segir hægt að læra alls kyns origamibrot á YouTube. „Peningabrotin eru þó yfirleitt sýnd með dollurum en þá er gott að hafa það í huga að þeir eru bæði örlítið lengri og örlítið mjórri en íslenskir seðlar.“**



Inga Þóra segir peningagjafirnar verða persónulegri fyrir vikið. Hún segir hægt að leika sér með formin að vild og laga þau að því sem hentar hverju barni. Hér sýnir hún buxur og skyrtu, kjól, hjarta sem er hægt að festa á kort og fugla.

Inga Þóra segir sniðugt að ramma peningana inn. „Þá er hægt að pakka þeim fallega inn og minni líkur á að þeir fari í óþarfa. Það þarf virkilega að hafa fyrir því að nota þá.“



Inga Þóra segir hægt að læra alls kyns origami-brot á YouTube. „Peningabrotin eru þó yfirleitt sýnd með dollurum en þá er gott að hafa það í huga að þeir eru bæði örlítið lengri og örlítið mjórri en íslenskir seðlar. Það þarf því aðeins að finna út úr því hvar er best að brjóta.“ Inga Þóra segir gott að klippa út blað í sömu stærð og íslenskir seðlar og æfa sig áður en hafist er handa með raunverulegum peningum.

Inga Þóra heldur úti Facebooksíðunni Origami Kusudama óróar en þar er að finna ýmiss konar origami-skraut.

**Inga Þóra segir sniðugt að ramma peningana inn. „Þá er hægt að pakka þeim fallega inn og minni líkur á að þeir fari í óþarfa. Það þarf virkilega að hafa fyrir því að nota þá.“**




Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Veffang: Visir.is



## Páskaskraut á borðum

Fermingar lenda oft nærri páskum og því um að gera að nýta eitthvað af þeim fallegu páskaskreytingum sem til eru í fermingarveisluna. Gulur er enda afskaplega glaðlegur og hlýr litur sem allir tengja við. Fallegar páskagreinar lífga upp á tilveruna og ekki verra að skreyta



þær með páskaeggjum, já, eða til dæmis myndum af fermingarbarninu eða öðru því sem hentar. Lítil súkkulaðipáskaegg eru líka fullkomið borðskraut. Þau eru litrík og falleg á borðunum en einnig bragðgóð og nýtast því sem hluti af veitingunum í stað þess að enda í ruslinu.



Fyrr á tíð var skylda að fermast. NORDICPHOTOS/GETTY

## Fermingin er tákn um tímamót

Í lífi flestra ungmenna markar fermingin ákveðin tímamót. Orðið sjálft, ferming, er dregið af latneska orðinu confirmare og merkir að staðfesta og í þessu tilfelli að staðfesta skírnina. Á öldum áður var bundið í lög að fermast og öllum skylt að gera það. Ferming þótti ákveðin manndómsvígsla þar sem börn voru tekin í tölu fullorðinna. Í lok 19. aldar var ekki lengur skylda að fermast en þrátt fyrir það hefur sá siður haldist að mestu og flestir unglingar kjósa að láta ferma sig. Þar sem flestir íbúar landsins eru lútherstrúar hefur löngum tíðkast að fermast í kirkju. Undanfarna áratugi hafa þó fleiri valkostir verið í boði og margir kjósa að fermast borgaralega hjá Siðmennt eða hjá Ástrúarfélaginu eða fermast ekki.

## Táknrænir litir

Fermingar eru oftar en ekki haldnar að vori og þá á vel við að skreyta með blómum í bland við annað. Á heimasíðunni Býflugan og blómið, byflugan.is, er að finna lista yfir hvað litir algengra blómategunda tákna.

Hér eru nokkur dæmi sem má glöggva sig á til gamans:





**Rósir:**

- Rauðar rósir – ást, fegurð, virðing, hugrekki
- Bleikar rósir – hamingja, þokki, blíða
- Dökkbleikar rósir – þakklæti
- Ljósbleikar rósir – aðdáun, samúð
- Hvítar rósir – sakleysi, hreinleiki
- Gular rósir – vinátta, gleði, afbrýðisemi, tilhlökkun
- Appelsínugular, ferskju- og kórallitar rósir – ákafi, þrá
- Bláar rósir – dulúð eða leyndardómur
- Hvítar og rauðar rósir saman – einingartákn

**Túlípanar:**

- Bleikir – Umhyggja
- Fjólubláir – Tíguleiki
- Rauðir – Yfirlýsing um ást
- Hvítir – Fyrirgefning
- Gulir – Yfirgengileg ást



NÝHERJI

ÓTRÚLEGT ÚRVAL
AF FLOTTUM
FERMINGAR-
GRÆJUM




Þú finnur réttu gjöfina hjá
Nýherja í Borgartúni, Kaupangi
og á netverslun.is

NÝHERJI ER LEIÐANDI FYRIRTÆKI Á SVIÐI UPPLÝSINGATÆKNI
Við höfum góða reynslu af framtíðinni

NÝHERJI / BORGARTÚNI 37 / KAUPANGI AKUREYRI
MÁN.-FÖS. KL. 9-18 & LAU. KL. 11-15 / NETVERSLUN.IS




**Daníel Steinn er ekkert stressaður fyrir fermingardaginn.** MYND/EYÞÓR

# Hlakkar til fermingardagsins

Daníel Steinn Davíðsson fermist í byrjun apríl. Undirbúningur er í fullum gangi. Búið er að kaupa fermingarfötin, ákveða litaþema og veitingar en veislan verður heima.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



**Hvenær fermist þú?** Laugardaginn 1. apríl næstkomandi.

**Í hvaða kirkju fermist þú?** Í Vídalínskirkju í Garðabæ.

**Hvar verður veislan haldin?** Heima hjá mér.

**Hvað ætlið þið að bjóða gestunum að borða?** Við ætlum að bjóða upp á Fabrikkuborgara. Síðan verða léttir réttir og kökur frá Grand hóteli og Haust Restaurant Fosshótel Reykjavík. Svo verður auðvitað kransakaka og fermingarterta.

**Verður litaþema í veislunni?** Já, það verður kóngablátt og hvítt litaþema.

**Eru foreldrar þínir búnir að vera lengi að undirbúa fermingardaginn?** Þau hafa verið í dágóðan tíma að undirbúa daginn en þó aðallega síðustu vikurnar.

**Er búið að kaupa fermingarfötin?** Já, þau voru keypt í Galleri 17. Ég verð í svörtum buxum, hvítri skyrtu, stökum jakka og með svarta þverslaufu. Svo verð ég í hvítum Adidas-skóm.

**Hvernig hefur fermingarundirbúningurinn verið?** Ég er búinn að mæta í fermingarfræðslu hjá prestunum og fræðurunum einu sinni í viku. Það er líka skylda að mæta ellefu sinnum í messu yfir veturinn og svo förum við í Vatnaskóg yfir eina nótt.

**Hvers vegna ákvaðstu að fermast?** Til að staðfesta skírnina mína og styrkja trúna á Guð. Svo verður líka gaman að hitta ættingja og vini í veislunni.

**Ertu stressaður fyrir fermingunа?** Nei, ég hlakka bara til en vona að ég muni allt sem ég þarf að segja í athöfninni, eins og trúarjátninguna og ritningarversið.

**Hvað óskar þú þér í fermingargjöf?** Efst á óskalistanum er fartölva en mig langar líka í úr og svo væri gaman að fá pening.

# Flottur stíll í unglingaherbergið

## Penninn Eymundsson býður úrval fermingargjafa. Selma Rut Magnúsdóttir vörustjóri segir fallega hönnun og fræðandi hluti sígildar gjafir.

Vinsælustu fermingargjafirnar eru þær sem sameina flotta hönnun, skemmtilegan stíl og eru í senn fræðandi. Vörurnar frá ítalska fyrirtækinu Palomar falla einmitt undir þetta og hafa svo sannarlega slegið í gegn. Kantaðir pappahnettir sem fáanlegir eru í þremur stærðum og „Pin the World“ veggteppið. Um leið og hægt er að skipuleggja draumaferðalög framtíðarinnar með því að stinga pinna í lönd eigum við einnig fallegar ferðabækur til að fletta upp í. Hefðbundnir hnettir hafa einnig verið vinsælir til fermingargjafa,“ segir Selma Rut Magnúsdóttir, vörustjóri hjá Pennanum Eymundsson.

Í draumaferðalagið þarf einnig ferðatösku og segir Selma þær einnig sígildar fermingargjafir. „Það er ekki óalgengt að fyrir valinu verði ferðatöskur í lit eins og bleikar eða bláar. Litríkar töskur skera sig strax úr á færibandinu og eigendur því snöggir að sjá sína tösku.“

### Allir á fætur

„Cube Click Clock kubbaklukkurnar eru smart og ættu að koma öllum á fætur á réttum tíma. Klukkurnar er stílhreinar og stafrænar tölur sýna tíma, dagsetningu og hitastig herbergis. Í stöfunum er LED-lýsing sem slekkur á sér þegar hljótt er í herberginu. Nóg er að snerta kubbinn, smella fingrum eða klappa til að stafirnir birtist aftur. Þannig er engin óþarfa lýsing í herberginu. Til að kalla fram ljósið er nóg að slá létt með fingri á klukkuna. Cube Click Clock eru fáanlegar í tveimur stærðum og nokkrum litum.“

### Þrívíddarlampar

„Splunkuný vara hjá okkur eru einstaklega töff þrívíddarlampar sem smellpassa í unglingaherbergi. Þessi vara hefur einungis verið í boði í örfáa daga en við sáum strax jákvæð viðbrögð viðskiptavina við þessari skemmtilegu hönnun,“ segir Selma.

Þá séu stílhreinu Bluetoothhátalararnir frá Leitz vinsæl gjöf. „Margur er knár þótt hann sé smár á vel við hátalarana frá Leitz. Þeir eru fáanlegir í fimm litum og hægt að taka með sér hvert sem er.“

### Sígild ritverk vinsæl

Fræðandi bækur og uppbyggilegar eru sívinsælar fermingargjafir að sögn Selmu. „Þar standa klassískar bækur eftir okkar ástsælu rithöfunda, Davíð Stefánsson, Jónas Hallgrímsson, Stein Steinar og Vilborgu Dagbjartsdóttur, upp úr. Bækur Halldórs Laxness eru einnig alltaf vinsælar fermingargjafir svo og Passíusálmarnir, Biblían, Þjóðsögur, Íslandssaga og bækur með spakmælum, málsháttum og fleira í þeim dúr. Þá eru vönduðu Crosspennarnir framtíðareign með lífstíðarábyrgð. Þú skrifar betur með flottum penna. Cross-pennarnir eru fáanlegir stakir eða í settum í fallegum gjafaöskjum og sem kúlupennar, blekpennar, blýantar og kúlutúss.“



Selma Rut Magnúsdóttir, vörustjóri í Pennanum Eymundsson, MYND/STEFÁN




Það er gaman að skipuleggja draumaferðalög framtíðarinnar með því að stinga pinna í lönd.




Cube Click Clock kubbaklukkurnar eru stílhreinar og smart. Digitaltölur sýna tíma, dagsetningu og hitastig herbergis.



Þrívíddarljósin taka sig vel út í unglingaherberginu. Splunkuný vara sem vekur athygli viðskiptavina.




Kantaðir pappahnettir og „Pin the World“ veggteppi frá Palomar hafa slegið í gegn.




Margur er knár þótt hann sé smár á vel við hátalarana frá Leitz. Þeir eru fáanlegir í fimm litum og hægt að taka með sér hvert sem er.

> Vinsælustu fermingargjafirnar eru þær sem sameina flotta hönnun, skemmtilegan stíl og eru í senn fræðandi.
>
> Selma Rut Magnúsdóttir



Ferðatöskur í fallegum litum eru tilvalin og notadrjúg gjöf.

# Þurftu að læra þrjátíu sálma

Anna Margrét Eymundsdóttir fermdist um hvítasunnu árið 1958. Hún segir daginn mjög eftirminnilegan. Fermingarbörn hittust aftur árið 2008 þegar fimmtíu ár voru frá fermingunni.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Anna Margrét er ein af tíu systkina hópi. Hún ólst upp á Höfn í Hornafirði en þar var engin kirkja árið 1958. „Við fermdumst í gömlu Bjarnaneskirkju við Laxá en þangað var góður spölur. Við hjóluðum þangað til að fara í fermingarfræðsluna sem var ákaflega skemmtileg hjá séra Rögnvaldi Finnbogasyni. Hann var þá ungur prestur og mikill félagi okkar fermingarbarnanna. Hann lét okkur læra 30 sálma utanbókar. Mig minnir að við höfum verið sextán sem fermdumst þennan dag en það var alltaf fermt um hvítasunnu í sveitinni,“ segir Anna Margrét og bendir á að það hafi verið samkomuhús í kjallaranum á kirkjunni sem notað var til skemmtana og samkomuhalds. Kirkjan var rifin árið 1973 og byggð ný á svipuðum slóðum.

„Séra Rögnvaldur var svo skemmtilegur að okkur fannst skemmtilegt að læra hjá honum. Við ræddum það oft hversu heppin við höfðum verið að hafa þennan prest. Hann hætti síðan störfum þarna og flutti að Staðarstað við Búðir á Snæfellsnesi,“ segir hún.

## Fengu nýja kápu

Anna Margrét segir að foreldrar hafi lagt sig fram um að gera fermingardaginn eftirminnilegan. „Flestar stúlkurnar fengu nýja ullarkápu en mikið var lagt upp úr því. Einhver sem átti erindi til Reykjavíkur keypti kápur á fermingarstúlkurnar. Þetta var í fyrsta skipti sem ég fékk nýja flík. Síðan vorum við flestar í heimasaumuðum kjólum. Mamma saumaði öll föt á okkur systkinin eða prjónaði. Allt var endurunnið úr gömlum fötum. Kjóllinn minn var ægilega fallegur úr mjög góðu efni. Það var blágrænt með silfurþráðum.

Einar á Hvalnesi sem var þekktur kaupmaður á Höfn kom oft með ákaflega falleg efni í verslunina. Við mamma saumuðum fermingarkjólinn minn saman og ég saumaði síðar á yngri systur mínar. Ég man vel eftir mínum kjól,“ rifjar Anna upp.



Stúlkurnar settu í sig rúllur og voru með hárspangir með blómum. Þær eru frá vinstri Gróa, Anna Margrét, Þorveig, Kolbrún, Hildigerður, Gróa og Lóa.

**”** Við mamma saumuðum fermingarkjólinn minn saman og ég saumaði síðar á yngri systur mínar.



Anna Margrét Eymundsdóttir og eiginmaður hennar, Guðjón Davíðsson.

## Fermt og skírt

„Á þessum tíma var fermingarveislan haldin heima þótt húsakynnin væru ekki stór. Rúmin voru tekin upp til að koma gestunum fyrir.

Mamma var mjög myndarleg húsmóðir og fyllti veisluborðið af glæsilegum tertum. Það var svolítið sérstakt heima að yngra systkini var alltaf skírt um leið og annað var fermt. Þannig voru tvær flugur slegnar í einu höggi. Ég hélt til dæmis á systur minni undir skírn í fermingunni.

Gjafir voru ekki stórkostlegar og ég minnist þess ekki að nokkur hafi fengið peningagjafir. Ég var farin að vinna 14 ára og gat keypt sjálf það sem mig vantaði. Foreldrar mínir gáfu mér armbandsúr sem var algengasta gjöf meðal fermingarbarna. Sum fengu reyndar húsgögn sem þau vantaði í herbergið.

Þótt fólk hefði ekki mikið á milli handanna var alltaf haldin vegleg veisla. Brauðtertur þekktust ekki en niðursoðnir ávextir voru fáanlegir á rjómaterturnar. Síðan voru alltaf pönnukökur og kleinur. Fermingardagurinn minn var fínn og eftirminnilegur dagur,“ segir Anna Margrét.




FRÁBÆR FERMINGARGJÖF

FÆST Í ÖLLUM BETRI BÓKABÚÐUM

WWW.FRANKLINCOVEY.IS

# Einföld ráð við baksturinn

Hefur þú klúðrað tertubakstrinum? Það kemur fyrir besta fólk. Ef þið eruð orðin stressuð yfir fermingarbakstrinum eru hér góð ráð sem gott er að muna. Algengt er í uppskriftum að hræra eigi saman smjör og sykur, þeyta krem eða eggjahvítur. Allt þetta þarf að gera með sama þeytaranum í hrærivélinni. Best er að skola þeytarann undir volgu vatni í smástund. Ekki nota of heitt vatn. Betra er að hafa þeytarann kaldan þegar á að gera eggjahvítur stífar. Ef smjör og egg voru hrærð saman á undan þarf að þvo þeytarann undir heitu sápuvatni þar til fitan fer alveg af honum en síðan kæla hann í köldu vatni.

Egg sem nota á í bakstur þarf að geyma við stofuhita áður en þau eru notuð. Erfitt er að þeyta köld egg. Í sumum tertubotnum er talað um að þeyta egg og sykur þar til blandan verður létt og ljós. Einföld regla er að blandan sé þannig að hægt sé að skrifa „Óli“ í deigið.

Besta leiðin til að sjá að kakan sé tilbúin í ofninum er að stinga pinna í hana. Hún er einnig tilbúin þegar kökubarmarnir losna frá forminu. Smyrjið kökuform vel með smjöri fyrir bakstur svo kakan sitji ekki föst í forminu. Einnig má klæða formið með smjörpappír.

Bakarofnar eru mjög mismunandi heitir. Þess vegna má aldrei taka fullkomið mark á uppgefnum bökunartíma.

Ágætt ráð til að fá loftmikið og gott deig er að sigta hveitið yfir eggjablöndu. Hrærið síðan varlega saman við. Athugið að hveitið sitji ekki í botninum á skálinni.




Það er auðvitað alltaf hægt að láta fagmennina baka fyrir sig ef maður treystir sér ekki til þess sjálfur. Þessar kökur bakaði Jón Ragnar Áreliusarson.

**»** Gaman er að spreyta sig á bakstrinum heima. Nokkur góð ráð þarf að hafa í huga við fermingarbaksturinn.

# Snyrtivörur fyrir unga húð

Gosh snyrtivörur eru afar vinsælar enda er mikil áhersla lögð á gæði og gott verð. Allar vörur frá Gosh eru vegan, án ilmefna og parabenafríar. Vörurnar eru seldar í meira en áttatíu löndum.

Gosh snyrtivörurnar eru léttar og henta því vel stúlkum sem eru að byrja að mála sig. Þær eru ofnæmisprófaðar og náttúruvænar. Mikið er lagt upp úr gæðum vörunnar og að hún henti sem flestum húðgerðum. Gosh framleiðir allar helstu snyrtivörur sem konur vilja eiga í snyrtibuddunni og fylgist vel með því nýjasta sem er að gerast í þróun og vinnslu. Gott verð og frábær gæði haldast í hendur hjá Gosh. Sjálfir segjast framleiðendur vera undir áhrifum af lífinu, náttúrunni og nýjustu tísku.

Gosh Copenhagen byrjaði sem lyfjafyrirtæki árið 1945 en fór síðan að þróa vandaðar snyrtivörur með góðum árangri. Allar vörur eru unnar samkvæmt nýjustu tækni til að skapa bestu gæði sem mögulegt er. Að sögn Hugrúnar Haraldsdóttur, vörumerkjastjóra hjá Nathan & Olsen, henta Gosh snyrtivörur fermingarstúlkum mjög vel. „Þetta eru léttar vörur sem henta ungri húð. Vörurnar eru vegan og án parabena og ilmefna. Við erum til dæmis með hyljara sem jafnar húðlitinn. Það hentar mjög vel fyrir ungar stúlkur og gefur andlitinu fallegan gljáa á fermingardaginn án þess að farðinn sjáist," segir hún.

Hér á síðunni má sjá snyrtivörur fyrir ungar dömur.

## Húð




Gosh Lumi Drops fljótandi kinnalitur. Gefur húðinni heilbrigt útlit.

Gosh Lumi Drops. Farði sem gefur húðinni aukinn ljóma og jafnan lit. Frábær lausn fyrir ungar stúlkur sem vilja ekki farða sig of mikið.




Gosh CCC hyljari. Fæst í nokkrum litum. Leiðréttir húðlitinn og hylur bólur.




Gosh Primer Plus jafnar húðlitinn. Hægt að nota hann einan sér eða yfir farða. Gefur húðinni ljómandi og frísklegt útlit.




Gosh sólarpúður með kinnalit. Gefur andlitinu frísklegan blæ. Fæst í nokkrum litum.

## Varir




Gosh gloss sem nærir varirnar. Er unnið úr sérstakri olíu sem klístrast ekki. Hægt að fá í fjórum litum.




Gosh litarlaust gloss sem nærir varirnar. Hentar fermingarstúlkum mjög vel.

## Augu




Gosh maskari sem auðvelt er að nota. Lengir augnhárin og sveigir þau um leið. Frábær nýjung frá Gosh.




Gosh augabrúnagel. Frábær og fljótleg lausn til að dekkja augabrúnir, þétta þær og byggja upp. Einfalt að nota og auðvelt að ná því af.

# Ný ilmvötn sem henta fermingarstúlkum

### GlamX er frá Christinu Aguilera

GlamX er nýjasti ilmur Christinu Aguilera eða X-tinu í tilefni 10 ára velgengni ilmvatnanna hennar frægu. Þetta er mest seldi stjörnuilmur í Evrópu. Flaskan er fallega gyllt, með svartri blúndu og rauðum stöfum, tappinn er eins og gimsteinn. GlamX veitir X-file, sem er eitthvað sem kemur á óvart. Ilmurinn er léttur og góður. Hann hentar því vel sem fermingargjöf. Ilmurinn einkennist af karmelíseruðum ferskjum, jasmín, sandalviði og moskus – ferskur og sætur.







### Fantasy – IN BLOOM EDT frá Britney Spears

Nýi ilmurinn frá Britney Spears er ferskur og mildur ilmur fyrir ungar stúlkur sem hentar vel sem fermingargjöf. Flaskan er einstök og falleg á snyrtiborðinu. Hún er fallega bleik og flöskuhálsinn er silfurskreyttur með hvítum tappa. Þetta er sumarútgáfa sem nefnist Fantasy – IN BLOOM EDT frá Britney Spears. Ilmurinn er afar vinsæll og á góðu verði. Hann ber keim af ávöxtum og berjum, kirsuberjum, rósahnúð (tuberose), jasmín og vanillu. Létt eau de toilette sem ætti að henta þeim sem heillast af sætum og ferskum ilmi.

### White Tea frá Elizabeth Arden

Hér er á ferðinni ný og spennandi lína frá Elizabeth Arden sem hentar öllum. WHITE TEA er komið til landsins. Ilmurinn var gerður með tilfinninguna við fyrsta tesopa dagsins í huga. Þetta er einföld en engu að síður fullkomin tilfinning, segja framleiðendur. Elizabeth Arden býður hér upp á lúxus með þessari nýju frábæru línu – ilmurinn fær þig til að fanga augnablikið. Tónar ilmsins eru hvítt te, ítölsk mandarína, mjúkt moskus og mildur sumarylur. Í línunni fæst ilmvatn, líkamskrem, svitalyktareyðir og handáburður. Frábær vara í fallegum umbúðum.







### SUCRÉ frá Viva La Juicy

Nýr og spennandi ilmur frá Viva La Juicy er kominn í verslanir. Hann heitir SUCRÉ. Flaskan er einstök og sérhver Viva La Juicy aðdáandi ætti að eiga hana. Ilmurinn sjálfur minnir á sætan draum og umbúðirnar líkjast bollaköku. Fullkominn ilmur fyrir allar þær sem elska eftirrétti. Tónar ilmsins minna helst á góða bollakökuuppskrift en þar má nefna, mandarínur, hnetukrem, kókos og vanillu. Flaskan er einstaklega falleg og sómir sér vel hjá fermingarstúlkunni.

**» Vantar þig gjöf handa fermingarstúlkunni? Allar ungar stúlkur dreymir um að eignast eigið ilmvatn. Þessi ilmvötn koma í fallegum umbúðum. Ilmirnir eru léttir og mildir og henta því ungum stúlkum.**

# Bók er besta gjöfin

## Fermingargjöf sem endist út lífið



7.890 kr.

6.490 kr.

**Biblían** fæst í tveimur stærðum og fimm útgáfum og hún er prentuð í tveimur litum. Eigulegar og fallegar útgáfur handa fermingarbörnunum.

7.990 kr.
áður 8.590 kr.




**Passíusálmar Hallgríms Péturssonar** með ítarlegum skýringum Marðar Árnasonar – glæsileg bók sem brýtur blað í útgáfusögu sálmanna.

3.990 kr.
áður 4.990 kr.




Horfðu til himins – þar leynist fleira en þig grunar!

2.690 kr.
stk.




Í þessum bókaflokki eru alls tíu eiguleg rit í fallegum búningi, handbækur og sígilt efni, sem henta einkar vel til gjafa.




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–15 | **www.forlagid.is**

# Falleg fermingarrúm fyrir framtíðina

Vogue fyrir heimilið býður fermingarbarninu að hanna sitt eigið rúm, velja sína heilsudýnu og sinn lit á höfðagaflinn og undirdívaninn. Starlux dýnurnar eru vinsælastar meðal fermingarbarna.

Vogue fyrir heimilið er með eitt mesta úrval af heilsudýnum á markaðnum í dag. Þar sem við erum með íslenska framleiðslu höfum við lagt mikla áherslu á að vera með mikið litaúrval fyrir undirdívana og höfðagafla og að auki geta viðskiptavinir hannað sitt eigið útlit.

## Starlux heilsudýnan

Kolbrún Birna Halldórsdóttir verslunarstjóri segir Starlux heilsudýnurnar vinsælastar á meðal fermingarbarna. „Starlux heilsudýnurnar eru hannaðar af okkar fagfólki. Einn af stóru kostunum er að þær eru með tvo stífleika, mjúkan og stífan, sem býður upp á tvo mismundandi svefnfleti. Starlux heilsudýnurnar eru með sérstyrkta kanta, sem tryggir hámarksnýtingu á svefnfleti ásamt því að lengja endingartímann töluvert. Þá er kanturinn einnig til þess nýttur að unglingar geti notað dýnuna sem sófa. Meginmarkmið okkar var að hanna dýnu sem uppfyllir okkar gæðakröfur á sem ódýrastan hátt,“ segir Kolbrún.

„Mikilvægt er að vanda valið þegar kaupa á nýja dýnu. Dýnan skiptir miklu máli, ekki aðeins fyrir fullorðna heldur einnig fyrir börn og unglinga. Við eyðum miklum tíma í svefn og því skiptir máli að sofa á góðri dýnu,“ upplýsir Kolbrún.



Kolbrún Birna segir að svokölluð hrúgöld séu alltaf vinsæl til fermingargjafa.



Starlux heilsudýnan er vinsælust.



Rúmi breytt í sófa með rúmteppinu.



Smart kollar í unglingaherbergið.

## Vandaðir undirdívanar

„Þar sem við erum með íslenska framleiðslu höfum við lagt mikla áherslu á að vera með mikið litaúrval fyrir undirdívana og höfðagafla og að auki geta viðskiptavinir hannað sitt eigið útlit,“ segir Kolbrún.

Vogue fyrir heimilið stendur fyrir íslenskri framleiðslu á undirdívönum og höfðagöflum. „Mikið er lagt upp úr gæðum og vöruvali og geta unglingarnir hannað sitt eigið útlit, þó er svart og hvítt leðurlíki ávallt vinsælast."

Þá nefnir Kolbrún að Vogue fyrir heimilið framleiði einnig ábreiður, púða og gluggatjöld í stíl við rúmið. „Við bjóðum einnig upp á mikið úrval af dúnsængum, sængum, heilsukoddum, sængurfötum, rúmteppum og hlífðarlökum.“

Margir ákveða að taka barnaherbergin í gegn þegar ferming er fram undan. Það er einmitt góður tími til að kaupa nýtt rúm og svo er hægt að kaupa gluggatjöld í stíl við rúmið. Hægt er að tengja saman liti og fá þannig smekklegt yfirbragð á herbergið.

Skápúðar eru skemmtileg viðbót til að auka notagildi rúmsins. Kolbrún segir þá hafa vakið mikla athygli. „Skápúðinn er þannig í laginu að barnið getur setið með hann með bakið upp við vegginn. Hann er þægilegur og má líka hafa til hliðar við sig.“

## Fjarlægja allar umbúðir

„Við hjá Vogue fyrir heimilið höfum umhverfissjónarmið að leiðarljósi og markmið okkar er að hætta að nota plast í pökkun. Fyrsta skrefið er að allir aðilar sem fá heimkeyrslu fá rúmið uppsett og við fjarlægjum allar umbúðir. Varan kemur í sérstökum poka sem er settur utan um vöruna og pokana má endurvinna eða nota áfram,“ segir Kolbrún.


*Fermingargjöf sem gefur*

Fermingarskeyti eða gjafabréf frá Hjálparstarfi kirkjunnar er gjöf sem heldur áfram að gefa. Fermingarbarnið fær skeytið eða bréfið í hendurnar en andvirðið rennur til jafnaldra fermingarbarnsins sem býr við fátækt.

Sendu skeyti, það kostar 1.990 kr.
Eða gefðu fermingargjafabréf að upphæð 5.000 kr.

Þú færð skeytin og gjafabréfin á **www.gjofsemgefur.is** eða pantar þau á skrifstofunni okkar, **528 4400.**
Þú prentar út, sækir til okkar – eða við sendum fyrir þig.
Einfalt og gleðilegt.



*Óskalistinn minn:*

Rúm
Myndavél
Svefnpoki
iPod
Vefmyndavél
Handklæði
Teppi
Orðabók
Hálsmen
Svo væri gaman að fá pening og „Gjöf sem gefur“. Mig langar til að einhver sem er ekki eins heppinn og ég fái að njóta með mér.



*Óskalistinn minn:*

Við systkinin erum munaðarlaus. 1.990 kr. fermingarskeyti á Íslandi dugar fyrir 3 hænum. Þær gefa okkur fullt af eggjum. Eða við gætum fengið sparhlóðir. Þá færi ekki allur dagurinn í að leita að eldsneyti og við hefðum meiri tíma til að læra.

5.000 kr. gjafabréf á Íslandi myndi gefa okkur geit. Namm! Mjólk og kjöt, ekki lengur bara maísgrautur! Eða kannski reiðhjól. Þá kæmist ég á markað með uppskeruna okkar og við fengjum pening fyrir ýmsu sem okkur vantar.

PIPAR\TBWA • SÍA • 130691

**www.gjofsemgefur.is**

Hjálparstarf kirkjunnar



FERMINGAR
**PAKKINN Í ÁR**



**10.000 kr** inneign hjá **VOGUE** fylgir hverju rúmi.

Verð frá:
**84.675***
Verð áður frá: 112.900

*Verð miðast 120cm rúm, hvítt eða svart leðurlíki og án höfðagafls

Vogue FYRIR HEIMILIÐ

**Síðumúla 30** - Reykjavík | Sími 533 3500
**Hofsbót 4** - Akureyri | Sími 462 3504

# FARTÖLVUR FYRIR FERMINGARBÖRN



acer

## INTEL i5 KABYLAKE

ACE-NXGE6ED077

Ótrúlegt verð fyrir þessa öflugu 15,6" fartölvu með hraðvirkum Intel i5 Kabylake örgjörva. Kemur með tveimur diskum sem tryggja hraðari vinnslu og meira gagnamagn – 96GB SSD og 1TB HDD. 6GB vinnsluminni, FHD skjár og Intel 520 grafíkkjarni. Frábær kaup.

INTEL i5 ÖRGJÖRVI | 6GB VINNSLUMINNI | 1TB DISKUR | 96GB SSD DISKUR | 15,6" SKJÁR

**109.995**



## GEGGJAÐ VERÐ MEÐ SSD!

ACE-NXGFTED007

Magnað verð fyrir þessa 15,6" Acer Apire fartölvu með Intel örgjörva og 128GB SSD diski sem gerir vinnslu hennar mun hraðari en með HDD. Glæsilega hönnuð með FullHD skjá.

INTEL ÖRGJÖRVI | 4GB VINNSLUMINNI | 128GB DISKUR | 15,6" SKJÁR

**54.995**

## INTEL i5 OG TVÖFALDUR DISKUR

ASU-F556UADM805T

Ótrúleg kaup fyrir fermingarnar. Kraftmikil Asus fartölva með Intel i5 örgjörva, FullHD skjá og 8GB minni. Bæði ofurhraður 128GB SSD diskur fyrir stýrikerfið og 1TB harður diskur fyrir gögnin.



**114.995**

INTEL i5 ÖRGJÖRVI | 8GB VINNSLUMINNI | 128GB SSD DISKUR | 1TB DISKUR | 15,6" SKJÁR

HQ i7 ÖRGJÖRVI



ACE-NHGM4ED020

VX5 er ofurleikjatölva frá Acer á mögnuðu verði. Kraftmikill Intel i7 7700HQ örgjörvi og 4GB GeForce GTX1050TI leikjaskjákort. Nýr 256GB M.2. SSD diskur, FHD skjár og 8GB minni.

**189.995**

INTEL i7 ÖRGJÖRVI | 8GB VINNSLUMINNI | 256GB SSD DISKUR | 15,6" SKJÁR



INTEL i3 OG SSD

ASU-F541UADM1097T

Traust og skemmtilega hönnuð 15,6" fartölva með FHD skjá, Intel i3, 128GB SSD diski og 8GB vinnsluminni. Vandaður Intel HD 520 grafíkkjarni.

**89.995**

INTEL i3 ÖRGJÖRVI | 8GB VINNSLUMINNI | 128GB SSD DISKUR | 15,6" SKJÁR



HÖNNUN, HRAÐI OG KRAFTUR

ASU-UX410UAGV028T

Asus Zenbook er örþunn og hrikalega öflug með Intel i5 og 256GB M.2. SSD diski. Glæsilega hönnuð með 14" FHD IPS skjá.

**149.995**

INTEL i5 ÖRGJÖRVI | 8GB VINNSLUMINNI | 256GB SSD DISKUR | 14" IPS SKJÁR




## AÐEINS HLUTI FERMINGARTÖLVANNA!

tl.is

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRTORGI | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |

# Nammiborðið vakti lukku

## Marta Líf Bjarnardóttir fermdist í fyrra. Hennar ósk var að skreyta með sælgæti. Foreldrar hennar bættu um betur og útbjuggu heilt nammiborð.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Það eina sem Marta Líf bað um varðandi veisluna var að skrautið yrði nammi en hugmyndina fékk hún þegar hún kom með okkur í brúðkaup þar sem borðin voru skreytt sælgæti," segir pabbi Mörtu Lífar, Björn Árni Ólafsson.

Hann og eiginkonan, Kristbjörg Marta Jónsdóttir, tóku mjög vel í hugmyndina og ákváðu að útvíkka hana í heilt nammiborð. „Marta Líf vildi hafa þemað bleikt en við vorum dálítið hrædd um að það yrði yfirdrifið svo við sömdum við hana að bæta við hvítu og svörtu líka."

Þau hjónin byrjuðu snemma að skipuleggja. „Maður fór að velta þessu fyrir sér ári fyrir ferminguna en svona tíu mánuðum fyrir lágum við yfir Pinterest til að fá hugmyndir," segir Björn sem vinnu sinnar vegna er mikið erlendis og nýtti því tækifærið til að kaupa sælgæti þar.

„Við keyptum til dæmis tyggjókúlurnar í partíbúð úti og svo fór ég í m&m búð en slíkar er að finna víða í Bandaríkjunum. Þar eru endalausir sjálfsafgreiðslurekkar með m&m í ólíkum litum sem velja má úr," segir Björn en ýmislegt var þó keypt hér heima líka. „Bráðina og skrautið keyptum við bæði úti og svo hér heima í Allt í Köku og í Hagkaupum. Krukkurnar eru úr IKEA og Upplifun," segir Björn en lakkrísinn fengu þau frá Góu. „Við töluðum við þau í tíma og þá var ekkert mál að fá lakkrískonfekt í þeim litum sem við óskuðum eftir." Frá Góu komu einnig lakkrísrör sem boðin voru með kóki í gleri sem Björn segir að hafi vakið mikla lukku.

Björn segir nammiborðið í heild hafa heppnast afar vel. „Við hugsuðum þetta fyrst og fremst fyrir krakkana en svo kom skemmtilega á óvart að allir höfðu gaman af, bæði krakkar og fullorðnir."

Sælgætið var þó aðeins lítill hluti af veislunni sjálfri en 120 manns var boðið upp á bæði mat og kökur. „Þetta var alveg rosalega gaman og í raun skemmtilegra en brúðkaupið okkar," segir Björn glaðlega og hlakkar bara til að ferma aftur. „Við eigum eftir að ferma tvisvar og dóttir okkar er þegar farin að ákveða liti þó enn séu fimm ár í ferminguna," segir hann glettinn.







Fjölskyldan í Langholtskirkju á fermingardaginn.





Lítið mál var að fá lakkrískonfekt frá Góu í réttu þemalitunum.

Stór hluti af sælgætinu var keyptur í útlöndum.

# Fræðslan ótrúlega skemmtileg

## Viktoría Líf Þorleifsdóttir er í áttunda bekk í Snælandsskóla. Hún fermist í Hjallakirkju í Kópavogi þann 9. apríl og segir undirbúninginn ganga vel. Fermingarfræðslan sé ótrúlega skemmtileg.

Ég hlakka til," segir Viktoría Líf Þorleifsdóttir og kannast ekki við að finna fyrir stressi þegar hún er spurð út í fermingardaginn en Viktoría fermist 9. apríl í Hjallakirkju í Kópavogi. Að athöfninni lokinni blæs Viktoría til veislu í salarkynnum Íslenskrar erfðagreiningar og á von á fjölda gesta.

„Það verða í kringum 80 gestir. Það eru nokkrir að skipuleggja veisluna með mér og ég fæ líka að ráða. Við ætlum að hafa fjólublátt og hvítt litaþema og bjóða upp á heita rétti og kökur í veislunni," segir Viktoría. „Ég ætla ekki að halda neina ræðu. Bara segja „gjörið svo vel"," bætir hún við.

Undanfarnar vikur hefur Viktoría sótt fermingarfræðslu ásamt jafnöldrum sínum. Fræðsluna segir hún bæði hafa verið fræðandi og skemmtilega. „Þetta hefur gengið mjög vel. Fræðslan var ótrúlega skemmtileg. Við krakkarnir tölum mikið um ferminguna okkar á milli og það eru allir spenntir," segir hún.

**Af hverju ákvaðstu að fermast?**
„Ég er að staðfesta að ég trúi á Guð með því að fermast."

Fermingarundirbúningi fylgir alla jafna mikið umstang. Viktoría lætur það ekkert slá sig út af laginu og spurð hvort hún sé búin að finna sér fermingarfötin segist hún einfaldlega ætla að vera í kjól. „Ég fer líka í hárgreiðslu og er búin að ákveða hvernig hún á að vera," segir hún.

**Hvað langar þig í í fermingargjöf?**
„Mig langar helst í nýtt rúm."

Helsta áhugamál Viktoríu eru fimleikar en hún æfir hópfimleika með íþróttafélaginu Gerplu. Viktoría byrjaði í áhaldafimleikum hjá Fylki þegar hún var sex ára en byrjaði 12 ára hjá Gerplu í hópfimleikum. Liðið hennar vann nýlega til silfurverðlauna á bikarmóti og innt eftir því hvað hún ætli að gera í sumar, snýst sumarplanið um fimleika.

„Í sumar ætla ég í hópfimleikaferð til Danmerkur með liðinu mínu og hafa gaman."



Viktoría Líf Þorleifsdóttir fermist í Hjallakirkju. Í sumar ætlar hún í hópfimleikaferð með Gerplu til Danmerkur. MYND/STEFÁN

> **Fræðslan var ótrúlega skemmtileg. Við krakkarnir tölum mikið um ferminguna okkar á milli og það eru allir spenntir.**
> Viktoría Líf Þorleifsdóttir










SENDUM FRÍTT
ÚR VEFVERSLUN

20 GERÐIR AF RÚMFÖTUM Á TILBOÐI
FRÁ 7.990-9.990 KR.

Lín DESIGN

LAUGAVEGI 176 | GLERÁRTORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS

# Nýjar og klassískar gjafir

## Með nýjum kynslóðum fermingarbarna fylgja nýjar tegundir fermingargjafa. Þrátt fyrir það eru ýmsar gjafir sem eru alltaf klassískar og standast tískusveiflur, t.d. skartgripir og raftæki. Saumavélin lifir líka enn góðu lífi.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Nýjar tegundir fermingargjafa fylgja gjarnan nýjum kynslóðum fermingarbarna. Þrátt fyrir það eru ýmsar gjafir sem eru alltaf klassískar og standast tískusveiflur, t.d. skartgripir og raftæki. Gamla góða saumavélin lifir líka enn góðu lífi sem fermingargjöf.

Í fimmtíu ár hefur úrsmíðameistarinn Björn Ágústsson staðið vaktina við sölu á úrum og skartgripum hjá versluninni Meba. Verslunin fagnar 70 ára afmæli í ár en hún hóf starfsemi upphaflega á Laugaveginum. Í dag er verslunin til húsa bæði í Kringlunni og Smáralind og þjónar þar nýjum kynslóðum fermingarbarna.

Björn segir fermingarúrin enn vera vinsæla gjöf en þó ekki í sama magni og áður. „Einu sinni fengu nær öll fermingarbörn úr í fermingargjöf frá afa sínum og ömmu. Þá áttu menn aðeins eitt úr í tugi ára og þetta úr varð hluti af persónu viðkomandi. Í dag er hægt að fá úr fyrir hvert tækifæri og flestir eiga mörg úr en það er alltaf gaman að gefa úr í fermingargjöf.“

Eins og síðustu áratugi eru ýmsir skartgripir vinsæl fermingargjöf, t.d. hringir, hálsmen og eyrnalokkar. „Þessir skartgripir verða síðar minning um þann sem gaf gjöfina, vermir hug og hjarta, enda er fermingin jú fyrsta skrefið í átt til fullorðinsáranna. Áletrað hálsmen eða armband persónugerir einnig gjöfina og hefur þar af leiðandi þýðingu fyrir eigandann.“

### Saumavélin alltaf vinsæl

Margrét Kristmannsdóttir hefur starfað hjá fjölskyldufyrirtækinu Pfaff í aldarfjórðung og því séð ýmsar tískusveiflur þegar kemur að fermingargjöfum. „Á þessum tíma hefur maður séð hvernig tískubylgjur hafa komið og farið hvað fermingargjafir varðar. Á upphafsárum mínum í verslun var mjög algengt að gefa stelpum hárblásara, sléttujárn eða krullujárn og strákar fengu oft sína fyrstu rakvél í fermingargjöf. Hins vegar held ég að það hafi ekki verið mörg fermingarbörn sem ekki fengu hljómflutningsgræjur í fermingargjöf. Allar raftækjabúðir stilltu upp heilu brettunum af hljómflutningsgræjum og þetta rann út eins og heitar lummur. Í dag eru það hins vegar heyrnartól sem eru eiginlega skotheld fermingargjöf því allir hafa not fyrir heyrnartól og flestir eiga fleiri en ein.

Það eru tískusveiflur í þessum gjöfum eins og flestu öðru en samt er gaman að sjá að ár eftir ár er saumavélin sú fermingargjöf sem virðist standa af sér alla tískustrauma og er sívinsæl.“

Henni finnst gott að brjálæðið sem fylgdi fermingargjöfum áður fyrr hafi minnkað. „Mér finnst fólk í dag vera hagsýnna en áður og auðvitað hafa peningagjafir leyst vandann fyrir marga. Hins vegar eru peningagjafirnar góðar með en við þekkjum örugglega flest fermingarbörn sem hafa eingöngu fengið peningaumslög í fermingargjöf og eiginlega haft það á tilfinningunni að þau hafi fengið „ekkert“, því auðvitað er alltaf gaman að fá pakka.“

### Græjurnar eftirsóttar

Berglind Ósk Ólafsdóttir er markaðsstjóri ELKO en á að baki fjölbreyttan starfsferil úr ólíkum greinum verslunar. Þegar hún lítur til baka og rifjar upp vinsælustu fermingargjafirnar nefnir hún fyrst hljómtækjasamstæðurnar, eða „græjurnar“ eins og flestir kölluðu þær á þeim tíma. „Þær voru mjög vinsælar lengi vel. Ég man líka eftir því að gömlu góðu ritvélarnar voru vinsæl fermingargjöf á áttunda og níunda áratugnum. Það sem stendur helst upp úr síðasta áratuginn eru leikjatölvurnar sem nutu vinsælda og einnig borðtölvur, fartölvur, sjónvörp og myndavélar. Geislaspilarar, iPod og mp3 tónlistarspilarar voru líka vinsælar fermingargjafir fyrir um áratug ásamt hárvörum á borð við hárblásara, sléttujárn og krullujárn.“

Henni finnst fólk í dag hugsa meira um notagildið og praktíkina en áður. „Þetta minnir á hugarfarið fyrir 30 árum eða svo. Að gjöfin hafi notagildi, sé hagnýt og hjálpi til í daglegu lífi og námi en hafi um leið auðvitað ákveðið skemmtanagildi. Nýjustu tækin í ákveðnum flokkum, eins og snjallsímum og fartölvum, eru alltaf vinsæll kostur sem unglingar geta notað við nám og er það svo sem ekkert ólíkt því sem ritvélarnar áttu að gera fyrir um 30 árum. Þessar vörur geta þó auðvitað kostað meira, en þá eru oft fleiri sem taka sig saman og sameinast um gjöf.“



Berglind Ósk Ólafsdóttir er markaðsstjóri ELKO.



Margrét Kristmannsdóttir er framkvæmdastjóri Pfaff.



Björn Ágústsson, úrsmiður og kaupmaður í Meba.




Vinsælar fermingargjafir breytast með árunum.



# FRÁBÆRT ÚRVAL AF ÆVINTÝRALEGUM FERMINGARGJÖFUM

**Fermingartilboð á vönduðum Aleutian svefnpokum frá The North Face**



Þyngd: 1,8 kg
Mesta kuldaþol: - 24°C
Þolmörk: -7°C
Einangrun: Heatseeker, léttur, hlýr og mjúkur, lítil fyrirferð.

Verð: 15.990 kr.
(áður: 19.990 kr.)

---

**Mikið úrval af margverðlaunuðu Deuter bakpokunum**



Futura. Vandað og þægilegt burðarkerfi „Aircomfort“. Ýmsar stærðir og litir.

Verð frá 19.990 kr. (22 lítra)

---

**Stórgott úrval af vinsælu Polar æfingaúrunum**



Frábær úr fyrir útivistina, hlaupin, ræktina og alls kyns sport.

## GEFÐU KORT AÐ ÆVINTÝRUM

Gjafakort Útilífs er tilvalin gjöf handa fermingarbarninu og ávísun á ævintýri.






**ÚTILÍF**
*síðan 1974*

KRINGLUNNI SMÁRALIND utilif.is



## Caprese gott í veisluna

Caprese er hefðbundið ítalskt salat sem er útbúið með tómötum, mozzarella osti, fersku basil og góðri ólífuolíu. Niðursneiddum tómötum og mozzarella er raðað fallega á disk, örlítilli ólífuolíu ýrt yfir og saltað. Skreytt með basil. Einnig er hægt að raða kirsuberjatómötum og litlum kúlum af mozzarella á tréspjót, væta lítillega með ólífuolíu og balsamediki og raða fallega á disk.

Enn ein hugmyndin er að setja caprese á ristað brauð. Brauðið er ristað í ofni. Þegar það er tekið út er hvítlauk nuddað á það og loks er sett smávegis góð ólífuolía. Þar á eftir er tómatsneið og mozzarella sett ofan á brauðið og skreytt með basil.

Caprese-salat er afar fallegt á borði og þess vegna er það upplagt í veislur. Að auki er einfalt að útbúa það.



## Sannar gjafir í pakkann

Sannar gjafir UNICEF hafa verið vinsælar sem fermingargjafir undanfarin ár enda eru þær falleg leið til að láta gott af sér leiða, á sama tíma og fermingarbarnið fær áhugaverða og öðruvísi fermingargjöf.

Fermingarbarnið fær þá fallegt og eigulegt gjafabréf en gefandinn skrifar persónulega kveðju á það til fermingarbarnsins. Starfsmenn UNICEF munu hins vegar koma gjöfinni sjálfri til skila til barna í neyð. Sú gjöf getur t.d. verið moskítónet, vatnshreinsitöflur, hlý teppi fyrir börn í neyð eða námsögn. Sannar gjafir koma því virkilega að góðum notum og fara þangað sem þörfin fyrir þær er mest.

Gjafirnar er hægt að kaupa á vefnum sannargjafir.is. Velja má um gjafabréf sem sent er heim með pósti eða að fá það sent samstundis í tölvupósti og prenta út sjálfur. Auk þess að vera gefnar sem fermingargjafir hafa sannar gjafir líka verið vinsælar sem kort á fermingarpakkana.



# Takk fyrir komuna

Góður siður er að þakka fyrir sig. Eftir vel heppnaða fermingarveislu er því ekki úr vegi að fermingarbarnið setjist niður og skrifi þakkarkort til gesta. Ef prenta á sérstök boðskort í ferminguna gæti verið sniðugt að láta prenta þakkarkort í leiðinni. Einnig gæti verið skemmtilegt að nota mynd frá fallegu augnabliki í veislunni sjálfri í þakkarkortið og prenta það þá eftir að veislan hefur farið fram, enda er vel hægt að senda þakkarkortið nokkrum dögum seinna.

**Ef prenta á sérstök boðskort í ferminguna gæti verið sniðugt að láta prenta þakkarkort í leiðinni.**

Ef gestafjöldinn er mikill gæti verið freistandi að prenta staðlaðan texta í kortið. Handskrifuð kveðja er þó persónulegri og þá sérstaklega ef þakkað er fyrir gjöfina sem viðkomandi gaf. Til dæmis, „Kæru Sigga og Jói, þakka ykkur kærlega fyrir að gleðjast með mér á fermingardaginn. Vekjaraklukkan frá ykkur hefur strax sannað gildi sitt. Takk fyrir mig.“

Til þess að þetta sé mögulegt ætti að hafa fyrirhyggju og skrá niður gjafirnar og frá hverjum þær eru í litla bók þegar þær eru teknar upp. Þá er lítið mál að fletta upp þegar þakka á fyrir.





# Stærsta vaffla heims

Stærsta sírópsvaffla (Stroopwafel) heims, samkvæmt heimsmetabók Guinness, var búin til í Hollandi. Metið var slegið af Stichting Gouda Oogst á torginu Nieuwe Markt í borginni Gouda þann 29. júní árið 2013. Vafflan vó 50 kg og var 2,47 metrar í þvermál. Hún var 800 sinnum stærri en hefðbundin sírópsvaffla frá Gouda.

Teymi sjö bakara sá um undirbúning og bakstur og notati 60 kíló af deigi, 15 kíló af sírópi og vöfflujárn sem vó um þrjú tonn. Undirbúningur heimsmetsins tók þrjú ár en borgin stóð dyggilega við bakið á bökurunum enda varð sírópsvafflan upphaflega til í Gouda. Til að standast kröfur Guinness þurfti að skrásetja öll stig ferlisins og var það gert undir vökulu auga dómara og átta þúsund áhorfenda. Borgarstjóri Gouda fékk að smakka fyrsta bita vöfflunnar áður en henni var deilt út meðal áhorfenda.





Bakaðar á Íslandi frá 18. öld.

## Vöfflur voru sparimatur

Vöfflur eiga sér langa sögu hér á landi. Í byrjun voru þær bakaðar í sérstökum kökujárnum yfir hlóðum en nú til dags eru til vöfflujárn á flestum heimilum. Á 19. öld voru vöfflur aðeins borðaðar á tyllidögum eða til spari og þóttu mikið hnossgæti. Í byrjun tuttugustu aldar var farið að fjöldaframleiða vöfflur og selja í kjörbúðum, ásamt kleinum og flatbrauði. Þær var jafnvel hægt að fá sendar heim með öðrum varningi. Vinsælt var að borða vöfflur með sultu og rjóma eða sírópi. Upp úr miðri tuttugustu öld var farið að líta á vöfflur sem góðgæti sem passaði vel með sunnudagskaffi og einnig þótti gott að grípa til þeirra ef óvæntir gestir bönkuðu upp á.



Tilvalið er að nota vöfflujárnið sem samlokugrill.

## Ostaloka í vöfflujárnið

Vöfflujárnið skilur eftir sig fallegt munstur og tilvalið að fá tilbreytingu í ostasamlokurnar með því að hita þær í vöfflujárninu.

**1 stór laukur skorinn þunnt**
**2 paprikur sneiddar þunnt**
**Grænmetisolía**
**Salt**
**Pipar**
**Nautasteik sneidd þunnt**
**Gott samlokubrauð**
**¼ bolli majónes**
**Ostur**

Hitið olíu í potti og svissið lauk og papriku þar til mjúkt. Saltið og piprið. Ýtið grænmetinu til hliðar á pönnunni og steikið þunnar sneiðar af nautakjöti, saltið og piprið. Hrærið svo öllu saman á pönnunni.

Smyrjið majónesi á brauðsneið og látið þá hlið snúa niður. Raðið steikinni og grænmetinu af pönnunni á þurru hliðina og sneiðið ost ofan á. Lokið með annarri brauðsneið og smyrjið hliðina sem snýr upp með majónesi.

Hitið vöfflujárnið, skellið samlokunni í og lokið járninu. Eldið þar til osturinn er bráðinn.

*www.delish.com*




# Heilhveitivöfflur

## Heilhveitivöfflur
(ca. 12 stykki)

**Hráefni:**
3 bollar KORNAX heilhveiti
2 tsk sjávarsalt
4 tsk lyftiduft
1 bolli olía
2 NESBÚ egg
2 bollar + 2 msk mjólk
2 msk smjör, brætt
2 tsk vanilludropar
4 msk sýrður rjómi

**Aðferð:**
Blandið öllum þurrefnum saman í skál. Blandið olíu, eggjum, mjólk, smjöri, vanilludropum og sýrðum rjóma vel saman í annarri skál. Blandið þurrefnunum varlega saman við. Bakið í vöfflujárni.

## Karamelluepli

**Hráefni:**
2 epli, skorin í sneiðar
1 msk smjör
2 msk púðursykur
1 tsk rjómi
1 tsk vanilludropar
**Aðferð:**
Bræðið smjör og púðursykur saman á pönnu yfir meðalhita. Þegar blandan byrjar að sjóða hellið þið rjómanum saman við og slökkvið á hellunni. Blandið vanilludropunum saman við og loks er eplunum velt upp úr blöndunni. Leyfið þessu að malla á heitri hellunni (ekki kveikja samt aftur á henni) eða þar til eplin eru orðin mjúk viðkomu.

## Sætur rjómaostur

**Hráefni:**
1 bolli mjúkur rjómaostur
8 msk hlynssíróp
2 tsk vanilludropar
**Aðferð:**
Blandið öllum hráefnum vel saman og berið fram með vöfflunum og eplunum.




NESBÚ EGG

KORNAX
- Trefjaríkt, fyrir heilsuna -



Vaffla með sjúkkulaðisósu og ís.



Vaffla með beikoni, hlynsírópi og berjum.

# Vöfflur góðar í morgunmat

Finnst þér gott að fá þér eitthvað sætt? Veistu að nýbakaðar vöfflur passa ótrúlega vel með beikoni, eggi og hlynsírópi? Vöfflur eru reyndar alltaf góðar og þær má borða á ótrúlega marga vegu.

Morgunverðarvöfflur eru hamingja á diski, sagði einhver spekingur. Ef þú bætir á þær súkkulaðisósu, hlynsírópi og beikoni þá verður þetta morgunverður til að falla fyrir. Ef þú ert á leiðinni til London eru margir góðir vöfflustaðir þar til að heimsækja. Morgunverðarvöfflur eru „algjört möst“, eins og unglingarnir segja.

Fyrsti staðurinn sem Bretar nefna þegar þeir eru beðnir að benda á vöfflustað í London er Duck and Waffle. Staðurinn er á fertugustu hæð í húsi nr. 110 við Bishopsgate í London. Veitingar þykja einstakar og útsýnið ekki síðra. Kokkurinn á staðnum, Dan Doherty, hefur hlotið viðurkennd verðlaun.

Mælt er með að panta Full Elvis ef þú vilt vöfflu með hnetusmjöri, banana og vanillurjóma. Ef þú vilt önd og vöfflu færðu stökka önd confit, steikt andaregg, sinnep og hlynsíróp. Það er ævintýri líkast að skoða matseðilinn á Duck & Waffle en hann er hægt að skoða á duckandwaffle.com.



Vaffla með beikoni og spældu eggi.

Annar vöfflustaður sem er vinsæll í London nefnist Berners Tavern, 10 Berners Street. Þetta er nýmóðins staður á Edition hótelinu og það mun vera mjög skemmtilegt að koma þangað í helgarbröns eða morgunverð. Þarna er hægt að fá ótrúlega góðar pönnukökur og vöfflur með egg Benedict. Einnig er mælt með heslihnetuvöfflum með berjum og rjóma.

Þriðji vöfflustaðurinn er Hotbox sem var opnaður í nóvember 2014. Mælt er með Banana Belgian vöfflu með hnetuís og súkkulaði. Á þessum stað er hægt að fá ensk/amerískar máltíðir auk þess sem grillréttir ættaðir frá Texas eru mjög vinsælir, til dæmis svínarif. Hotbox er við 18 Thayer Street í London W1U 3JY.

Ef þú vilt glútenfríar vöfflur liggur leiðin í The Good Life Eatery. Þetta er vinsæll staður fyrir þá sem vilja heilsufæði. Mælt er með Paleo hnetuvöfflu með heimagerðu fíkjumauki, kókosjógúrt og hlynsírópi. Á staðnum er boðið upp á glútenfrían mat, vegan mat og grænmetisfæði auk mjólkurlausra máltíða. Staðurinn er á 20 Motcomb Street, London SW1X 8LB UK og 59 Sloane Avenue, London SW3 3DH UK.

Fyrir þá sem vilja vöfflur með kjúklingi er sérstakur staður sem heitir Clutch Chicken. Þar er boðið upp á djúpsteikar kjúklingabringur, sætsúra kjúklingavængi eða kjúklingabita með vöfflum. Meðlæti er beikon og heimagert viskísíróp. Allir kjúklingar sem bornir eru fram á þessum stað eru aldir upp við bestu aðstæður. Þeir ganga frjálsir og fá besta mögulega fæði. Sömuleiðis eru öll egg á staðnum úr lausagönguhænum. Staðurinn er á 4 Ravenscroft St, London E2 7QG.

Fleiri góðir vöfflustaðir eru í London. Einn er á The Mondrian hótelinu. Þar er lögð áhersla á amerískar vöfflur með beikoni og hlynsírópi.

### HEIMAGERÐAR VÖFFLUR

En hvað með að baka vöfflur heima? Hér er uppskrift þar sem notaður er hrásykur. Þetta eru vöfflur sem eru bakaðar í belgísku vöfflujárni.

**280 g hveiti**
**210 g hrásykur**
**4 tsk. lyftiduft**
**2 egg**
**350 ml mjólk**
**230 g brætt ósaltað smjör**
**1 tsk. vanilludropar**
**1 tsk. kanill**

Sigtið hveiti, lyftiduft og kanil í stóra skál. Setjið síðan eggjarauður í aðra skál, mjólk, brætt smjör og vanilludropa. Hrærið saman. Síðan er blöndunni hellt saman við þurrefnin og allt hrært vel saman.

Stífþeytið eggjahvíturnar. Blandið þeim síðan varlega saman við vöffludeigið.

Hitið vöfflujárnið og bakið.

Berið vöfflurnar fram heitar með meðlæti eftir smekk.

# Býr til vöfflur úr kökumixi frá Betty Crocker

Hjördís Dögg Grímarsdóttir elskar að baka kökur. Hún hefur haldið úti kökusíðunni mömmur.is í um tíu ár og finnst gaman að prófa sig áfram í bakstrinum. Hún er líka á Facebook og Snapchat.

Mér finnst gaman að fara nýjar leiðir og búa til eitthvað nýtt, byggt á gömlum hefðum. Einmitt þannig datt mér í hug að nota kökumix í vöfflur. Út úr því komu dásamlegar súkkulaðivöfflur sem er afar einfalt að útbúa. Þær verða svo algerlega ómótstæðilegar þegar búið er að þekja þær með karamelluís, jarðarberjasultu, súkkulaðisósu, jarðarberjum og kexkúlum. Hjördís segir ísinn og kexkúlurnar sem hún notar fást í ýmsum gerðum. Að hennar mati gerir hvort tveggja mikið fyrir vöfflurnar.



Hjördís ber vöfflurnar fram með jarðarberjasultu, súkkulaðisósu, karamelluís, jarðarberjum og kexkúlum.

### SÚKKULAÐIVÖFFLUR MEÐ KARAMELLUÍS OG SÚKKULAÐIKREMI

**Uppskrift fyrir 8-10 vöfflur**

**1 pakki Betty Crocker Tempting Chocolate kökumix eða djöflakökumix**
**60 ml ISO4 olía**
**200 ml mjólk**
**60 ml vatn**
**4 egg**

1. Olía, vatn, mjólk og egg er hrært saman við kökumixið í ca. 3 mínútur.
2. Vöfflujárnið er hitað og smurt með smjöri.
3. Deigið er sett í vöfflujárnið og vöfflurnar bakaðar.

Vöfflurnar eru bornar fram með t.d. eftirfarandi:

Bonne maman jarðarberjasultu
Betty Crocker súkkulaðisósu (6 msk. Betty Crocker súkkulaðikrem sett í skál og hitað í örbylgjuofni í 20 sekúndur. 1-2 msk. af rjóma hrært samanvið)
Häagen-Dazs karamelluís
Jarðarberjum
McVitie's kexkúlum



Hjördís hefur gaman af því að prófa sig áfram í eldhúsinu. Þannig datt henni í hug að nota kökumix í vöfflur.

# VÖFFLUDAGURINN

**Í tilefni alþjóðlega Vöffludagsins 25. mars blásum við til vöffluveislu og verður 25% afsláttur af öllum vöfflujárnum um helgina.**



OBH NORDICA

**OBH 6959**
850W Compact Smart vöfflujárn sem gerir 5 hjartalaga vöfflur. Ljós gefur til kynna þegar vafflan er tilbúin. Auðvelt að þrífa.

**TILBOÐ**
**4.496**
VERÐ ÁÐUR 5.995

ÅVIKEN

**Aviken 912**
1600w tvöfalt vöfflujárn sem gerir tvær hjartalaga vöfflur. Hitastillir. Vafflan festist ekki. Ljós logar þegar vaffla er tilbúin.

**TILBOÐ**
**9.746**
VERÐ ÁÐUR 11.995



# 25% AFSLÁTTUR
## AF ÖLLUM VÖFFLUJÁRNUM



wilfa

**Wilfa WAS623BELL**
1400w vöfflujárn sem bakar 6 hjartalaga vöfflur. Hitastillir. Tvöföld húðun sem hindrar viðloðun. Ljós kviknar þegar vafflan er til.

**TILBOÐ**
**8.995**
VERÐ ÁÐUR 11.995



PETRA ELECTRIC

**Petra 130300**
1100w vöfflujárn sem bakar 5 hjartalaga vöfflur. Stillanlegur hiti. Non-stick klæðning. Ljós gefur til kynna þegar vafflan er tilbúin.

**TILBOÐ**
**2.996**
VERÐ ÁÐUR 3.995



Ariete

**Ariete 187**
Belgískt vöfflujárn með viðloðunarfríu yfirborði. Ljós fyrir bökunartíma. Auðvelt að þrífa. Má geyma upprétt.

**TILBOÐ**
**4.496**
VERÐ ÁÐUR 5.995




## VILKO VÖFFLUMIX FYLGIR HVERJU VÖFFLUJÁRNI!

Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Heimilistæki ht.is

*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# Fullkomin skyndiveisla

**Vöfflurnar frá Vilko eru bragðgóðar og hægt er að útfæra þær á ótal vegu. Þegar gesti ber skyndilega að garði er þægilegt að eiga Vilko vöfflur í skápnum.**

Fyrirtækið Vilko hefur verið starfrækt í nær 50 ár og eru vörur þess fyrir löngu orðnar landsþekktar meðal landsmanna á öllum aldri. Eitt það fyrsta sem kemur upp í hugann eru Vilko vöfflurnar sem hafa verið á borðum landsmanna undanfarna tvo áratugi. Starfsmenn fyrirtækisins fagna að sjálfsögðu alþjóðlega vöffludeginum sem verður haldinn á morgun, 25. mars, og segir Kári Kárason, framkvæmdastjóri Vilko, daginn í hávegum hafðan innanhúss. „Við fögnum að sjálfsögðu umræðunni um alþjóðlega vöffludaginn. Vöfflur eru einhvern veginn hin fullkomna skyndiveisla. Þær eru bragðgóðar, hægt er að útfæra þær á óteljandi vegu og það er ódýrt og þægilegt að eiga þær í skápnum ef gesti ber skyndilega að garði.“



„Vöfflur eru einhvern veginn hin fullkomna skyndiveisla,“ segir Kári Kárason, framkvæmdastjóri Vilko. MYND/GUNNAR TR. HALLDÓRSSON

Hann segir galdurinn á bak við vinsældir Vilko vöfflunnar vera einfaldan. „Hann liggur í þróunarvinnunni sem var sett í gang á sínum tíma. Eftir margar tilraunir og smakkanir komum við okkur niður á uppskrift og hráefnisbirgja sem við höfum haldið óbreyttu frá fyrsta degi.“ Sem dæmi nefnir hann að Vilko hafi notað Royal lyftiduft frá fyrstu uppskrift og hveiti frá Kornax auk þess að nota allt íslenskt hráefni sem völ er á. „Sömu stafsmenn sem unnu við þróunina vinna enn við blöndun hér á Blönduósi þannig að við höfum haldið nær öllu óbreyttu í þá tvo áratugi sem Vilko hefur framleitt Vilko vöfflur. Ég held í raun að galdurinn sé sá að breyta engu og ekki elta ódýrara hráefni.“

> **Þær eru bragðgóðar, hægt er að útfæra þær á óteljandi vegu og það er ódýrt og þægilegt að eiga þær í skápnum ef gesti ber skyndilega að garði.**




### Einfalt og gott

Einfaldleikinn skiptir í raun öllu máli hjá Vilko að sögn Kára. „Frá fyrsta degi höfum við markaðssett vörur okkar þannig að einungis þurfi að bæta við vatni í blöndurnar fyrir bakstur.“

Hann segir það þó hafa skaðað þá markaðslega því ómögulegt sé að keppa við aðila sem selja ódýrt kökumix en um leið þurfi að sturta úr ísskápnum til að gera deigið klárt. „Sem dæmi þá fylgir glassúr með Vilko skúffukökunni en hjá samkeppnisaðilanum þarftu að bæta við eggjum, olíu og kaupa kremið sér. Þannig að þrjóska okkar hefur skaðað okkur markaðslega með minni sölu, en við höfum verið staðföst hingað til í að breyta ekki út af þeim gildum sem við störfum eftir, að „einfaldara verður það ekki“.

Vonandi getum við haldið því áfram um ókomna tíð, en við verðum líka að hlaupa eftir vilja markaðsins og sé viljinn öðruvísi en gildin okkar, þá neyðumst við til þess, en ekki í dag.“





Sniðug nýting á afgöngum í matarmiklum kartöfluvöfflum.

# Matarmiklar og mjúkar kartöfluvöfflur

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Kaldan kjúkling er gott að nota í samlokur daginn eftir. Á amerískum matarbloggsíðum er gjarnan að finna tillögur að nýtingu afganga frá þakkargjörðarhátíðinni og á síðunni halvedbakedharvest.com er að finna þrælsniðugar kartöfluvöfflusamlokur með kalkún. Honum má þó hæglega skipta út fyrir kjúkling.

### Kartöfluvöfflur í samlokur

**1½ bolli soðnar kartöflur frá í gær, stappaðar**
**1 bolli súrmjólk**
**2 egg**
**¼ bolli bráðið smjör**
**4-5 lauf salvía, marin**
**1 bolli hveiti**
**1 tsk. matarsódi**
**½ tsk. lyftiduft**
**½ bolli parmesanostur rifinn**

Stappið kartöflurnar í skál og hrærið saman við þær súrmjólk, eggjum og bráðnu smjöri, þar til blandan er orðin mjúk. Hrærið salvíuna út í. Bætið loks hveitinu, matarsóda og lyftidufti út í og hrærið. Að endingu skal bæta parmesanostinum út í og blanda honum varlega við deigið.

Hitið vöfflujárnið og smyrjið það. Mokið hæfilegum skammti af deiginu á heitt vöfflujárnið og breiðið úr því með ausunni. Deigið ætti að duga í 4-5 vöfflur.



### Fylling í vöfflulokur

**Afgangur af kalkún/kjúklingi**
**1 msk. smjör**
**1 lárpera, stöppuð**
**Salt og pipar**
**Trönuberjasósa**
**Brie-ostur**
**8 sneiðar steikt beikon**
**4 egg**

Skellið smjöri á heita pönnu og steikið kalkún/kjúkling í nokkrar mínútur. Stappið lárperuna í skál. Raðið vöffluhelmingunum á bökunarplötu með pappír, smyrjið með lárperu, leggið sneið af brie-osti ofan á, þá kjúklinginn/kalkúninn, síðan sósu og loks beikonsneiðar. Skellið í heitan ofn í nokkrar mínútur eða þar til brie-osturinn hefur linast aðeins. Steikið eggin á meðan. Takið vöfflurnar úr ofninum og leggið eitt egg ofan á, lokið samlokunni og bítið í.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**SMIÐSKRAFTUR EHF.**

**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi**

**smidskraftur@gmail.com**

## Spádómar

**661 3839 - SÍMASPÁ**
Opið frá kl. 14 alla daga.

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# Keypt & Selt

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Heilsa

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Húsnæði

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Sumarbústaðir



Útvegum efni í hágæða-timburhús frá Finnlandi. Sumarhús - einbýlishús. Fjölbreytt úrval - gott verð.
Upplýsingar hjá **ghalldor@simnet.is**

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU 50 M2**
Gott atvinnubil í Steinhellu með 4 m lofthæð. Nýtt og snyrtilegt. Fyrir snyrtilega starfsemi. S: 770-0111

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

**ÞRIF OG AÐSTOÐ Í BAKARÍ**
Röskur, stundvís og heilsuhraustur starfskraftur óskast til vinnu við þrif og aðstoð í bakarii og önnur tilfallandi störf í Kópavogi. Vinnutími alla virka daga frá kl. 9-17 Þarf að hafa bílpróf.
**Áhugasamir sendi umsókn og/ eða ferilskrá á: kokuhornid@kokuhornid.is**

MOSFELLS BAKARÍ

**MOSFELLSBAKARÍ - HÁALEITISBRAUT, RVK.**
Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háaleitisbraut, Rvk. Vinnutími er virka daga frá 07:00-13:00 eða 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
**Umsóknareyðublöð á staðnum eða á netinu, slóðin er www.mosfellsbakari.is/ atvinnu-umsokn/**

Bakarameistarinn

**BAKARAMEISTARINN SUÐURVERI**
leitar af bakara með metnað og reynslu. Brennandi áhugi á terugerð, bakstri og fagleg vinnubrögð skilyrði. Einnig vantar aðstoðramann í framleiðslu. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.
**Áhugasamir hafi samband við Óttar í**

**síma 864 7733**

## Atvinna óskast

Trésmiður um sextugt óskar eftir fastri atvinnu (helst inni). Margt kemur til greina. Uppl. í síma 8488707

## Viðskiptatækifæri

**TIL SÖLU LÍTIL BÍLALEIGA**
Tvær heimasíður - tvöföld markaðssetning. Bara rekstur - engir bílar fylgja. Góður stökkpallur inn á ört vaxandi markað. Auðveld kaup og gott tækifæri. V: 7,9 m. Uppl. í S: 770-0111

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar




BYLGJAN 989

## Skemmtanir




HAPPY HOUR
alla föstudaga
16-19

Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"



**Hljómsveitin TRAP**
Rúnar Þór, Rúnar Vilbergs, Reynir, Örn og Diddi spila um helgina,
**föstudag 23-02 (opið til 03) og laugardag 00-03**
Allir velkomnir

Gullnáman
Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

**Stækkun flæðigryfja á Grundartanga**

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **25. apríl 2017.**

EPOXY FLEX
GÓLFLAGNIR

## Starfsfólk óskast!

Óskum eftir starfsfólki í almenna iðnaðarvinnu.
Góð laun og fríðindi í boði.
Ekki yngri en 18 ára .

**Upplýsingar í síma 892 0378.**

# SKIPULAGSBREYTING

Breyting á deiliskipulagi við Hamarsbraut 5, Hafnarfirði

**Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 07.02.2017 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi á lóð við Hamarsbraut 5 í samræmi við I. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og samhliða grenndarkynna tillöguna skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Breytingin felst í að komið er fyrir tvíbýli á lóðinni. Ekki eru gerðar tillögur að öðrum skilmálabreytingum. Heimilt byggingarmagn á lóð verður áfram 204,8 m² (nhl. 0,45) og aðrir þættir en snúa að gerð hússins eins og kveður á um sk. gildandi skilmálum. Bílastæði eru leyst innan lóðar.

Tillagan verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu Norðurhellu 2, frá 24.03.2017 – 05.05.2017. Einnig er hægt að skoða tillöguna á **hafnarfjordur.is**. Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 05.05.2017. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu.

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsingar um tillögur að nýju og breyttu deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Sæbraut

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 8. mars 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 16. mars 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi sem felst í að gerð er lóð undir innsiglingarvita við Sæbraut rétt utan við Höfða. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Skógarhlíð 20

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 8. mars 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 16. mars 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skógarhlíðar vegna lóðarinnar nr. 20 við Skógarhlíð. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit hússins til vesturs. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Borgartún 34-36

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 8. mars 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 16. mars 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðar nr. 34-36 við Borgartún. Í breytingunni felst m.a. að lóðin er stækkuð til suðurs og vesturs, heimilað að fjölga íbúðum en sett kvöð um verslunarrými á 1. hæð við Sóltún, bílastæði flest neðanjarðar, heimilt að hækka hluta húsanna, auka nýtingarhlutfall og rífa öll húsin á lóðunum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Kárastígur 3

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 8. mars 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 16. mars 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.182.3, Kárastígsreits austur, vegna lóðarinnar nr. 3 við Kárastíg. Í breytingunni felst niðurrif viðbyggingar og heimild til að byggja nýtt hús með sömu skilmálum og eru í gildi. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Austurstræti 17

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 8. mars 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 16. mars 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 17 við Austurstræti. Í breytingunni felst að stækka inndregnu 6. hæð til suðurs þar sem í dag eru svalir, gluggafrontur verður framlengdur til að hæðir 2-6 eru byggðar inn í ramma og 7. hæð inndregin með svölum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

Tillögurnar er einnig hægt að fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 24. mars 2017 til og með 5. maíl 2017**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, *eigi síðar en 5. maí 2017. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.***

Reykjavík 24. mars 2017
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

FOLD FASTEIGNASALA
*Sóltún 20 • Sími: 552 1400*
*www.fold.is • fold@fold.is*



**Viðar Böðvarsson**
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401
**Gústaf Adolf Björnsson**
lögg. fast.
gustaf@fold.is / 895-7205
**Kristín Pétursdóttir**
lögg. fast.
kristin@fold.is / 8241965

**Rakel Viðarsdóttir**
viðskiptalögfr.
rakel@fold.is / 699-0044
**Einar Marteinsson**
einar@fold.is / 893-9132
**Anna Guðnadóttir**
anna@fold.is / 696-1450

## Fold fasteignasala flytur af Laugavegi 170 í Sóltún 20.

**Skrifstofan er lokuð í dag. Við bendum viðskiptavinum á fold.is og á þjónustusíma okkar. Við bjóðum ykkur svo velkomin í viðskipti í Sóltún 20!**

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Suðvestan hvassviðri eða stormur með éljagangi vestan til á landinu, en annars hægari og víða þurrt. Hægari sunnanátt og úrkomuminna síðdegis en vaxandi sunnaátt með rigningu vestan til undir kvöld og hlýnar.




## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | -0° | 3° |
| ↗12 | ↗17 | ↗18 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 4° | 3° | -1° |
| ↑3 | ↗8 | ↗16 |

## Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | -1° | 4° |
| ↑13 | ←8 | ↑11 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 3° | 3° | 1° |
| ↑13 | ↙6 | ↑19 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | 3 | 7 | | | | 1 | |
| | 8 | 2 | 5 | | | | | 4 |
| 5 | | | 6 | 2 | 3 | 7 | | |
| 4 | | 1 | | | 2 | 5 | 9 | |
| | | | | 3 | 7 | | 6 | 1 |
| 3 | 9 | | | | | | 2 | |
| | | | 2 | 1 | 5 | | | |
| 8 | 4 | 9 | | | | | | |
| 1 | | | 4 | 8 | | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | | | | 4 | | 8 | |
| 2 | 3 | 6 | 9 | | | 1 | | 7 |
| | | 4 | | | 3 | | | |
| 4 | | 2 | | | | | 1 | 6 |
| | 9 | | | | | | 5 | |
| | 6 | | 7 | | | 8 | | |
| | | | 2 | 4 | | 3 | | |
| 3 | | | 5 | 6 | | | 7 | |
| 9 | | | 3 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | | | 2 | | |
| 9 | 6 | 8 | | | | 3 | | |
| | | | 5 | 7 | 9 | 1 | | |
| | | 3 | 2 | | | 5 | | |
| | 1 | 6 | | | 5 | | 7 | |
| | | | 4 | | | | 6 | |
| | | | | 9 | 8 | 6 | | |
| | | | 7 | | 1 | | | |
| | 4 | | | | | | | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 8 | 3 | 2 | 4 | 9 | 5 | 7 |
| 9 | 4 | 7 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 8 |
| 2 | 3 | 5 | 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 6 |
| 4 | 2 | 3 | 5 | 9 | 8 | 6 | 7 | 1 |
| 7 | 5 | 9 | 6 | 1 | 3 | 8 | 2 | 4 |
| 8 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 3 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 2 | 8 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 |
| 3 | 8 | 6 | 9 | 4 | 7 | 5 | 1 | 2 |
| 1 | 9 | 4 | 2 | 6 | 5 | 7 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 4 | 9 | 3 | 8 | 1 | 2 | 5 |
| 1 | 8 | 3 | 2 | 6 | 5 | 7 | 9 | 4 |
| 2 | 9 | 5 | 7 | 4 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 4 | 2 | 8 | 1 | 7 | 3 | 9 | 5 | 6 |
| 5 | 1 | 6 | 8 | 9 | 4 | 3 | 7 | 2 |
| 7 | 3 | 9 | 5 | 2 | 6 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 4 | 1 | 3 | 5 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 9 | 6 | 7 | 4 | 1 | 2 | 5 | 3 | 8 |
| 3 | 5 | 2 | 6 | 8 | 9 | 4 | 1 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 1 | 6 | 3 | 5 | 8 | 4 | 2 |
| 8 | 2 | 5 | 1 | 7 | 4 | 3 | 9 | 6 |
| 6 | 3 | 4 | 8 | 9 | 2 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 8 | 1 | 4 | 3 | 5 |
| 1 | 5 | 3 | 4 | 6 | 7 | 9 | 2 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 9 | 5 | 3 | 6 | 7 | 1 |
| 3 | 8 | 2 | 5 | 4 | 6 | 7 | 1 | 9 |
| 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 9 | 5 | 8 | 3 |
| 5 | 7 | 9 | 3 | 1 | 8 | 2 | 6 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. grasþökur
6. í röð
8. hlaup
9. keraldi
11. bókstafur
12. sár
14. dúlla
16. hvað
17. fugl
18. tímabils
20. persónufornafn
21. slithólkur

**LÓÐRÉTT**
1. atlaga
3. einnig
4. rekaviður
5. hamfletta
7. lítilmenni
10. reiðihljóð
13. nugga
15. ættgöfgi
16. rámur
19. ætíð

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT: 2.** torf, **6.** rs, **8.** gel, **9.** ámu, **11.** ká, **12.** sárna, **14.** krútt, **16.** ha, **17.** ari, **18.** árs, **20.** ég, **21.** slíf.
**LÓÐRÉTT: 1.** árás, **3.** og, **4.** rekatré, **5.** flá, **7.** smákarl, **10.** urr, **13.** núa, **15.** tign, **16.** hás, **19.** sí.

## Skák Gunnar Björnsson

Jón Þór Bergþórsson (KR) átti leik gegn Ingvari Þór Jóhannessyni (Hugin) á Íslandsmóti skákfélaga.

**Hvítur á leik**

**28. Rf6+! gxf6 29. gxf6 Kh8?** (29...Bxf3 30. Dg3+ Kf8 er betra). **30. Bxc6 b5 31. Be4 Hd4 32. Bxh7! Bxe5 33. Dh4! Bxf6 34. Dxf6+Kxh7 35. Dxf7+ Kh8 36. Df6+ Kh7 37. Hf3 Hd1+ 38. Kf2 Hd2+ 39. Ke1 Hxh2 40. Df7+ Kh8 41. Hg3 1-0.**

**www.skak.is:** Skákþing Norðlendinga hefst í kvöld.




**FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið**

**Sá ljósið eftir heimsókn Votta Jehóva**

Vottar Jehóva bönkuðu óvænt upp á hjá **Lindu Ósk Valdimarsdóttur** dansara fyrir þremur árum. Nú hefur hún skírst sem votti og er á leið til Suður-Ameríku að breiða út boðskapinn.



**Auðvelt að ferðast til Afríku**

Það er **styttra, auðveldara og ódýrara** að ferðast um Afríku en margir gera sér grein fyrir.



**Vildi alltaf verða móðir**

Seinfærum fjölskyldum hefur fjölgað síðustu áratugi. **María Hreiðarsdóttir** er seinfær móðir og vegnar vel.

**Hönnun og tíska í Reykjavík**

**HönnunarMars** setur mark sitt á borgina um helgina og er hægt að velja á milli fjölbreyttra list-, hönnunar- og tískuviðburða.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






AÐEINS
6.990 KR.
Á MÁNUÐI

## ALLT MILLI HIMINS OG JARÐAR Í SNEISAFULLUM PAKKA

# FJÖLBREYTT ERLENT **EFNI**

Fjölvarp Veröld veitir þér aðgang að bíómyndum, íþróttum, frétta- og fræðsluefni, skemmtiþáttum, barnaefni og alls kyns öðru skemmtilegu og vönduðu sjónvarpsefni. Þú færð 1.000 kr. afslátt á mánuði af Fjölvarpi Veröld ef þú ert með aðra sjónvarpsáskrift hjá 365.

MARGFALT SKEMMTILEGRI



365.is | 365

# Kaldhæðið sjónarhorn á samtímann

**Georg Óskar hafði nægan tíma til að vinna sýningu sína Appetite for Midnight sem hann opnar í dag og leyfði því samtímanum að seytla rólega, oft frá útvarpinu, í gegnum kaldhæðna síu sína og yfir á strigann.**

Stefán Þór Hjartarson
stefanthor@frettabladid.is



Georg Óskar Giannakoudakis opnar í dag sýninguna sína Appetite for Midnight í Tveimur hröfnum, Baldursgötu 12. Georg Óskar útskrifaðist með meistaragráðu í myndlist frá Listaháskólanum í Bergen vorið 2016. Verkin eru öll frá þessu ári og Georg Óskar segir þau snúast að miklu leyti um samtímaviðburði sem berast til hans mikið til í gegnum útvarpið.

„Þetta eru fimmtán málverk og síðan pastelteikningar af fíkus sem ég er með í stúdíóinu mínu. Ég vildi aðeins brjóta upp sýninguna svo þetta væru ekki bara málverk – þannig að ég tók einn fíkus á dag þangað til að mér fannst það ekki gaman lengur.“

Náttúran er fyrirferðarmikil í verkum Georgs Óskars á sýningunni og komst hann að því við þá sjálfskoðun sem vinnsla sýningarinnar reyndist honum að náttúran og vernd hennar eru honum hugleikin, jafnvel meira en hann bjóst sjálfur við.

„Ég er ekki týpan sem fer upp í pontu eða skrifar pistil og segir öllum að fara vel með náttúruna. Málverkið er svona mín leið til að koma þessum hugsunum mínum á framfæri. Það er til dæmis eitt verk af konu sem er að faðma tré og heitir Free hugs. Við hliðina á því er lítið verk af íkorna uppi í tré – þetta gæti verið sama tré og konan faðmar. Verkið heitir How should I know, I'm just a squirrel. Íkorninn er bara dýr í sínu plássi og hann þarf ekki að vita neitt, hann vill bara fá að borða hnetu og vera í friði.“




Á sýningu Georgs Óskars er flókinn heimur nútímans túlkaður með húmor og kaldhæðni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Framandi náttúra er oft sviðsmynd verka Georgs Óskars. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ÉG ER EKKI TÝPAN SEM FER UPP Í PONTU EÐA SKRIFAR PISTIL OG SEGIR ÖLLUM AÐ FARA VEL MEÐ NÁTTÚRUNA. MÁLVERKIÐ ER SVONA MÍN LEIÐ TIL AÐ KOMA ÞESSUM HUGSUNUM MÍNUM Á FRAMFÆRI.**

Sögur úr æsku Georgs Óskars eru honum hugleiknar í sýningunni og það hvernig hið gamla mætir því nýja.

„Miðpunktur sýningarinnar er verkið Robinson Crusoe is still alive. Þar stendur Róbinson Krúsó í miðju feni og reykir sígarettu. Fólk má túlka þetta sjálft – kannski er þetta bara einhver kall sem stendur reykjandi og horfir upp í loft. En hann stendur þarna allvegana og horfir til himins, það lekur eitt lítið tár niður vangann á honum og hann er að reykja þessa sígarettu sem einhver túristi hefur mögulega misst á eyjunni. Upp á milli trjágreinanna sést Boeing-þota fljúga hjá. Þetta eru þessar gömlu sögur sem ég las þegar ég var lítill og síðan sígarettur, Boeing – eitthvað sem er að gerast núna – í sama verkinu.“

Samtíminn og hvernig hann berst Georgi Óskari er rauði þráðurinn í sýningunni – fréttir samtímans sem hljóma oft í eyrum hans á meðan hann vinnur. Á sýningunni túlkar Georg Óskar meðal annars nýjustu uppgötvanir NASA, ást fólks á því þegar öðrum mistekst er túlkuð í rotuðum boxara, trúmálin birtast í Jesú að drukkna, „hann gengur nú ekki endalaust á vatni,“ og skemmtanalífið kemur fram í manni sem sér eigin uppgefna endurspeglun í polli eftir sjö daga skemmtanahald.

„Mér finnst mjög gaman að vera pínu íróniskur – það er svona persónulegur húmor minn sem blandast í það sem mér finnst áhugavert. Mér finnst ég aldrei vera að skálda neitt – ég undirstrika bara atburði líðandi stundar.“

Opnunarhóf sýningarinnar hefst klukkan fimm í dag í Tveimur hröfnum. Sýningin stendur svo til 29. apríl.

## Ferðalag inn í frumsjálfið

**LEIKLIST**

**Endastöð – Upphaf**
★★★☆☆

**Lab Loki**

**Tjarnarbíó**

**Leikstjóri:** Rúnar Guðbrandsson
**Leikarar:** Árni Pétur Guðjónsson, Aðalbjörg Árnadóttir og Kjartan Darri Kristjánsson
**Ljósahönnun:** Kjartan Darri Kristjánsson
**Búningahönnun:** Filippía Elísdóttir
**Myndbandshönnun:** Guðbrandur Loki Rúnarsson og Pétur Geir af Draugsætt

Í ár er kvartöld liðin frá stofnun sviðslistahópsins Lab Loki og til að marka þessi tímamót hefur hópurinn boðið áhorfendum á stefnumót, til veislu og á eins konar yfirlitssýningu. Allt á sömu kvöldstund. Þeir Rúnar Guðbrandsson og Árni Pétur Guðjónsson sameina hér krafta sína enn og aftur en standa nú á krossgötum.

Engan eiginlegan söguþráð er að finna í sýningunni en hún byrjar með frásögn Árna Péturs af uppvaxtarárum sínum í Svíþjóð, á sænsku. Áhorfendum er boðið inn í umhverfi og ástand vinnustofunnar: búningar liggja út um allt, í einu horninu er lítið skrifborð með tölvu, í öðru horni eldhúskrókur og bakatil er stór skjár sem er notaður fyrir hin ýmsu myndbrot.

Áhorfendur eru settir í þráðbeint samband við frumsjálf þeirra félaga þar sem minningar, vinnuferli, sköpun og dauðinn blandast í einn hrærigraut. Þessi óhefti aðgangur leiðir af sér brokkgengt ferðalag, þó með gullfallegum senum inn á milli. Þar stendur upp úr dansatriði þar sem Árni Pétur túlkar lag með hljómsveitinni Anthony and the Johnsons af mikilli innlifun. Líkamsbeiting hans er gífurlega nákvæm, afstaða hans til verksins bráðfyndin en aldrei kaldhæðin.

Leikstjórinn tekur virkan þátt í ferlinu, fylgist með á hliðarlínunni og trónir yfir sviðinu í myndbrotum sem taka á hans eigin innra ástandi. Atriðin flæða hvert inn í annað, breyta snögglega um stefnu og þátttakendur máta sig við mismunandi túlkanir á textabrotum og tilfinningum. Áhrifavaldar þeirra tveggja koma einnig mikið við sögu en hér glittir í Ingmar Bergman, Jean Genet og vinnuaðferðir Jerzy Grotowski svo einhverjir séu nefndir.

Aðalbjörg Árnadóttir er ein áhugaverðasta og kannski vanmetnasta leikkona að störfum í dag. Hún sinnir hér hlutverki aðalleikkonunnar sem reynir að koma viti fyrir þá eldri og er tengiliður inn í framtíðina, hina ófæddu kynslóð. Kómískar tímasetningar hennar og sviðsverund eru alltaf eftirtektarverðar en senur hennar eru jafn brotakenndar og sýningin sjálf.

Hvorki er sagt í leikskrá né á vefsíðu Tjarnarbíós hver sjái um ljósahönnun sýningarinnar en líklegt er að því hlutverki sinni aukaleikari sýningarinnar, Kjartan Darri. Hann hefur unnið mjög góða ljósavinnu innan veggja Tjarnarbíós á þessu leikári og heldur því hér áfram með áferðarfagurri lýsingu. Filippía Elísdóttir hannar búningana sem eru í anda dívunnar: silkisloppar og síðkjólar. Gyllti, fjölnota galakjóllinn verður eitt af einkennismerkjum sýningarinnar, notaður af miklu hugviti.



Rúnar og Árni Pétur í hlutverkum sínum. MYND/TJARNARBÍÓ

Erfitt er að ná utan um Endastöð – Upphaf með góðu móti en sýningin snýst frekar um að skapa ástand og taka stöðuna en að komast að einhverri niðurstöðu. Aftur á móti vantar sterkari þráð á milli atriða og meiri slagkraft í frásögnina. Rúnar og Árni Pétur horfa inn á við á þessum tímamótum sviðslistahópsins Lab Loki og virðast vera íhuga næsta skref. Vonandi verður það tekið fljótlega því hér eru á ferð listamenn sem bæta ávallt einhverju áhugaverðu við sviðslistaflóruna.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Brotakennd sýning um sjálfið, listina og lífið.

# EÐALKRIMMAR!

**TILNEFNDIR TIL BLÓÐDROPANS – ÍSLENSKU GLÆPASAGNAVERÐLAUNANNA!**

## AFLAUSN EFTIR YRSU SIGURÐARDÓTTUR



★★★★

**„MEÐ ALLRA BESTU SPENNUSÖGUM!“**

BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR, FRÉTTABLAÐINU

★★★★

*„Vel uppbyggð, fléttan góð og bræðirnir falla saman í lokin. ... spennandi saga.“*

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON, MORGUNBLAÐINU

*„Yrsa er gríðarlega fær glæpasagnahöfundur.“*

VERA KNÚTSDÓTTIR, BOKMENNTIR.IS

**KOMIN Í KILJU**




## DRUNGI EFTIR RAGNAR JÓNASSON



★★★★

**„FLOTT FLÉTTA HJÁ RAGNARI!“**

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON, MORGUNBLAÐINU

★★★★

*„Best skrifaða bók Ragnars, full af sálrænum hryllingi og undirliggjandi heift. Og Hulda Hermannsdóttir er kærkomin viðbót við lögguhópinn í íslenskum glæpasögum.“*

FRIÐRIKA BENÓNÝS, FRÉTTABLAÐINU

**KOMIN Í KILJU**




VERÖLD







| ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| CHIPS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 - 10:40 - 11:30 |
| CHIPS VIP | KL. 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 3:20 - 6 - 8:50 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 3:10 - 5 - 8 - 10:10 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D VIP | KL. 5 - 8 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:40 |
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 3:10 |
| FIST FIGHT | KL. 8 |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 3:20 - 5:40 |

| EGILSHÖLL | |
|---|---|
| CHIPS | KL. 5:40 - 8 - 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 5:20 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 6 - 8 - 9 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:15 |
| FIST FIGHT | KL. 10:30 |

| AKUREYRI | |
|---|---|
| CHIPS | KL. 8 - 10:50 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 5:10 - 8 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 5:30 - 10:10 |

| KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| CHIPS | KL. 5:50 - 8 - 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:10 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 10:40 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 5:40 |
| LA LA LAND | KL. 8 |

| KEFLAVÍK | |
|---|---|
| CHIPS | KL. 8 - 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 5:20 - 8 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 5:30 - 10:10 |




Góða skemmtun í bíó








# Hvað? Hvenær? Hvar?

Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 24. MARS

### Tónlist

**Hvað?** All star kvöld
**Hvenær?** 23.59
**Hvar?** Græna herberginu, Lækjargötu
All star kvöld með stórsöngvaranum Matta Matt og húsbandinu í Kjallaranum. Frítt inn.

**Hvað?** Prins Póló og austfirskir félagar
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Kex hosteli, Skúlagötu
HönnunarMars er í fullum gangi eins og íbúar Reykjavíkur og nágrannasveitarfélaga hafa væntanlega tekið eftir undanfarið. Meðal dagskrárliða á þessari stærstu hönnunarhátíð heims er sýningin Austurland: Make It Happen sem er samsýning austfirskra hönnuða og listamanna sem hefst föstudaginn 24. mars á Kex hosteli.

**Hvað?** Basshunter
**Hvenær?** 23.00
**Hvar?** Spot, Kópavogi
Basshunter ætlar að halda partí aldarinnar föstudaginn 24. mars á Spot og laugardaginn 25. mars í Sjallanum, Akureyri. Jónas (Basshunter) er með 15 myndbönd á YouTube sem eru með 20 milljónir áhorfa eða meira. Óhætt að segja að hann sé einn vinsælasti danstónlistarmaður allra tíma. Eðlilega hefur hann verið tilnefndur til fjölda verðlauna undanfarin ár.

**Hvað?** Vorball Afríku
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Iðnó
Dansað verður við dægurperlur víðs vegar að frá Afríku sunnan Sahara undir styrkri stjórn DJ Kito Paulo frá Mósambík auk þess sem Cheick Ahmed Tidiane Bangoura kemur og slær á djembe-trommur.



Prins Póló kemur fram ásamt félögum frá Austurlandi á Kex hosteli í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Hvað?** Klassík í hádeginu: Debussy og Fauré – fjórhentar svítur
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Borgarbókasafninu, Gerðubergi
Anna Guðný Guðmundsdóttir og Nína Margrét Grímsdóttir leika fjórhentar svítur fyrir píanó eftir frönsku tónskáldin Debussy og Fauré á síðustu tónleikum hádegistónleikaraðarinnar Klassík í hádeginu.

**Hvað?** KK
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græna hattinum, Akureyri
Meistari KK spilar á Græna hattinum á Akureyri í kvöld en það ku vera einn af hans uppáhaldstónleikastöðum á landinu.

**Hvað?** Víkingur Heiðar Ólafsson – Útgáfutónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hörpu
Víkingur Heiðar Ólafsson heldur einstónleika í Eldborg í tilefni af útgáfu fyrstu plötu sinnar hjá Deutsche Grammophon. Á tónleikunum flytur hann píanóverk eftir Philip Glass og fær til liðs við sig sérstaka gesti, Strokkvartettinn Sigga, til að flytja tvær umritanir á verkum tónskáldsins. Philip Glass er meðal áhrifamestu tónlistarmanna samtímans.

### Viðburðir

**Hvað?** Misbrigði, sýning nemenda á 3. ári í fatahönnun
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Listaháskóli Íslands, Þverholti
Sýning á verkum nemenda á öðru ári í fatahönnun unnin í samstarfi við Fatasöfnun Rauða kross Íslands. Rannsakaðar eru leiðir til að skapa nýjan fatnað úr ósöluhæfum flíkum með þekkingu og aðferðafræði hönnunar.

**Hvað?** Hádegisleiðsögn
**Hvenær?** 12.30
**Hvar?** Kjarvalsstöðum
Eitt af mörgum verkum og verkefnum sem sýnd eru á sýningunni Dæmisögur – vöruhönnun á 21. öld er Flothettan eftir Unni Valdísi Kristjánsdóttur. Unnur Valdís gengur með gestum um sýninguna og rekur sögu þessa farsæla verkefni síns í hádeginu í upphafi HönnunarMars-helgarinnar. Gestum er velkomið að spyrja spurninga og fróðlegt verður að heyra um það samfélag og siði sem Flothettan hefur skapað. Aðgöngumiði á safnið gildir. Frítt fyrir handhafa Árskorts Listasafns Reykjavíkur og Menningarkorts Reykjavíkur.

**Hvað?** Þróunarskýrsla Sameinuðu þjóðanna 2016
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hannesarholti, Grundarstíg
Opinn fundur á vegum Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna og Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi í samstarfi við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og utanríkisráðuneytið.

**Hvað?** Málþing Listar án landamæra
**Hvenær?** 15.30
**Hvar?** Hlemmi square, Hlemmi
List án landamæra heldur málþing á HönnunarMars um skapandi aðkomu fatlaðra að hönnunarheiminum. Á HönnunarMars á síðasta ári stóð List án landamæra fyrir samstarfi milli fatlaðra og ófatlaðra listamanna undir nafninu Leið 10. Samvinnan heppnaðist mjög vel og út frá henni urðu til stórkostlegir hlutir. Því blæs List án landamæra til málþings undir nafninu Leið 11.

**Hvað?** 1 helgi, 3 hópar, 5 lög. Leiklist, dans, tónlist.
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Halanum, Sjálfsbjargarhúsinu Hátúni 12
Þrjú ný íslensk stuttverk í flutningi Halaleikhópsins byggð á spuna og eitt grundvallað á dansi, auk tónlistaratriða milli þátta. Leikstjórar Gunnar Gunnarsson (Gunsó , Snorri Emilsson og Edna Lupida. Lengd sýninga u.þ.b. 1 klst. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.





BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| 15 ár á Íslandi | 18:00 |
| Gamlinginn 2 | 18:00 |
| Toni Erdmann | 18:00 |
| Flashdance | 20:00 |
| The Midwife | 20:00 |
| The Other Side Of Hope | 22:00 |
| Moonlight | 22:30 |
| Frantz | 22:00 |



# Tímamót í sögu Vísis

1998 2001 2006 2010 2014 2017



1998

## Vísir í loftið

1. apríl árið 1998 var Vísir opnaður. Bandaríkjaforsetinn Bill Clinton talaði í gegnum gervihnött og Bill Gates, framkvæmdastjóri Microsoft, óskaði Íslendingum til hamingju með „visir.is". Þetta innskot var reyndar í anda dagsins, 1. apríl, því bandarískir „tvífarar" þessara merkismanna fóru með hlutverk þeirra.

2001

## Vísir 2.0

Önnur útgáfa Vísis fór í loftið árið 2001 og var hraðvirkari og, að okkar mati, fallegri en forverinn.



1998

## Dr. Love

Páll Óskar leiddi lesendur í sannleikann um kynlíf og samskipti kynjanna undir listamannsnafninu Dr. Love.

2004

## Horfa og hlusta

Lesendum boðið að horfa á sjónvarp og hlusta á útvarp.

2009

## #fyrsturmedfrettirnar

Á Twitter skiptir hraðinn máli. Þið finnið okkur á @visir_is.






2014

## How do you like Vísir?

Enski hluti Vísis, Iceland Magazine, fór að fræða umheiminn um allt það sem íslenskt er árið 2014.




*Þann 1. apríl 2017 er komið að nýjum tímamótum í sögu Vísis. Fylgstu með!*

AGROMONTE

# HÁGÆÐA ÍTALSKAR VÖRUR UNNAR ÚR KIRSUBERJATÓMÖTUM FRÁ SIKILEY

Nýtt í Hagkaup




Sjá nánar á: www.agromonte.it

Gildir til 26. mars á meðan birgðir endast.

Nýtt í Hagkaup




## GiulianoTartufi sælkerapasta
Hágæða ítalskar vörur unnar úr trufflum.

Nýtt í Hagkaup



## GiulianoTartufi sælkeravörur
Olía, balsamik og smyrjur unnið úr trufflum.



## Parmesan ostar
Ómissandi í ítalska matargerð.




TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

510 kr/stk verð áður 729

## Tradizionale pizzur
Hver er þín uppáhalds?



799 kr/pk

## La Gelateria
Ítalskur gelato í eigulegum glösum.



## Fumagalli
Lífræn ítölsk hráskinka beint frá Ítalíu.

Ficacci 1964

# FERSKAR ÓLÍFUR

## STÖKKAR OG BRAGÐGÓÐAR. ÞESSAR VERÐUR ÞÚ AÐ SMAKKA!



299 kr/pk verð áður 449

24 Hagkaup

**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg



ÍSLANDS LAMB
Stolt kjötmeistarans

Að hætti Eyþórs
matgæðingur Hagkaups og sjónvarpskokkur

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

LAMBALÆRI
1.679 kr/kg
verð áður 2.099

## HÆGELDAÐ LAMBALÆRI Í TÓMAT, HVÍTLAUKS OG BASILÍKU MARINERINGU BORIÐ FRAM MEÐ BROKKOLÍ, TÓMAT OG MOZZARELLA KARTÖFLUM

1 stk Lambalæri

***Tómat, hvítlauks og basilíku marinering***
100 g tómatpurré
2 tómatar
2 hvítlauksgeirar (fínt rifnir)
½ bréf basilíka
½ rautt chili
150 ml ólífuolía
salt

Skerið tómatana í fernt og setjið í matvinnsluvél með öllu hinu hráefninu og vinnið saman í ca. 1 mín. Setjið lambalærið í ofnskúffu, hellið marineringunni yfir og nuddið vel inn í lærið. Látið lambalærið standa í 24 klst inni í ísskáp. Setjið lærið inn í 150°C heitan ofninn og eldið í 2 ½ klst.

***Brokkolí, tómat og mozzarella kartöflur***
700 g soðnar kartöflur
½ stk rauðlaukur (skrældur og gróft skorinn)
1 box kirsuberjatómatar (skornir í tvennt)
1 stk brokkolí
1 poki mozzarellakúlur
1 tsk hvítlauksduft
1 sítróna (börkurinn)
100 ml rjómi
sjávarsalt
svartur pipar úr kvörn

Skrælið og skerið kartöflurnar í fernt, skerið brokkolíið gróft niður og setjið í eldfast form ásamt rauðlauknum og kirsuberjatómötunum. Setjið síðan mozzarellakúlurnar út í formið ásamt hvítlauksduftinu, sítrónuberkinum og rjómanum. Kryddið vel til með salti og pipar. Bakið í 150°C heitum ofni í 40 mínútur.

ÍSLANDS LAMB
Stolt kjötmeistarans



TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

LAMBA PRIME
3.039 kr/kg
verð áður 3.799

ÍSLANDS LAMB
Stolt kjötmeistarans



TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

LAMBA INNRALÆRI
3.149 kr/kg
verð áður 4.499

Holta KJÚKLINGUR



TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

KJÚKLINGA-BRINGUR
1.999 kr/kg
verð áður 2.499

SS



TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

KRYDDLEGNAR LÆRISSNEIÐAR
2.924 kr/kg
verð áður 3.899

Holta KJÚKLINGUR



TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

FERSKUR KJÚKLINGUR
748 kr/kg
verð áður 1.068

SIR KENSINGTON'S

SIR KENSINGTON´S
MAJONES OG SINNEP

FULLT




AF BRAGÐI!

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




Beittur og fáránlega skemmtilegur þáttur í umsjón eldhúsdrottningarinnar Mörthu Stewart og rapparans Snoop Dogg sem eru eins ólík og hugsast getur en eiga það sameiginlegt að hafa mikið dálæti á mat.
**Það er ekkert heilagt í þessum matarboðum!**

**SPENNANDI**
FÖSTUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

**EVRÓPSKI DRAUMURINN**
Skemmtilegir og laufléttir þættir þar sem við hitum upp fyrir frumsýningu þáttaseríunnar Asíski draumurinn sem hefst 31. mars.






**YOU, ME AND DUPREE**
Peterson-hjónin eru nýgift og hæstánægð með lífið og tilveruna þegar besti vinur brúðgumans flytur inn. Fljótlega fer að halla undan fæti í hjónabandinu enda er gesturinn varla húsum hæfur! Þrælskemmtileg gamanmynd með Owen Wilson, Kate Hudson og Matt Dillon í aðalhlutverkum.



**CHILD 44**
Ungan lögreglumann grunar að fjöldamorðingi gangi laus nema hvað rússnesk yfirvöld halda því fram að það séu engin morð framin þar á bæ og því verði að þagga svona mál niður. Hörkuspennandi bíómynd með Tom Hardy, Gary Oldman og Noomi Rapace í aðalhlutverkum.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is


# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.25 Kalli kanína og félagar**
**07.45 Tommi og Jenni**
**08.05 The Middle**
**08.30 Pretty Little Liars**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 The Restaurant Man**
**11.20 Anger Management**
**11.45 Lóa Pind. Battlað í borginni**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Lullaby**
**14.55 Before We Go**
**16.30 Dulda Ísland**
**17.20 Simpson-fjölskyldan**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.05 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Íþróttir**
**19.05 Fréttir Stöðvar 2**
**19.20 Martha & Snoop's Potluck Dinner Party** Beittur og fáránlega skemmtilegur þáttur í umsjón eldhúsdrottningarinnar Mörthu Stewart og rapparans Snoop Dogg sem eru eins ólík og hugsast getur en eiga það sameiginlegt að hafa mikið dálæti á mat. Í þættinum fá þau til sín gesti sem koma gjarnan með sínar eigin veitingar svo úr verður Pálínuboð. Martha og Snoop eiga það til að fara yfir strikið og er ekkert heilagt í þessum geggjuðu matarboðum þar sem boðið er upp á hressilegar samræður og veglegt hlaðborð leikja, uppskrifta og tónlistaratriða.
**19.45 Evrópski draumurinn**
**20.20 You, Me and Dupree**
**22.10 Child 44** Spennumynd frá 2015 með Tom Hardy, Gary Oldman og Naoomi Rapace. Hún fjallar um ungan lögreglumann sem fer að gruna að það sé fjöldamorðingi sem gangi laus nema hvað að rússnesk yfirvöld halda því fram að það séu engin morð framin þar á bæ og því verði að þagga svona mál niður ellegar gæti rannsóknin spurst út á meðal almennings.
**00.25 Kill the Messenger**
**02.15 Magic Mike XXL**
**04.05 Before We Go**
**05.40 The Middle**
**Þriðja þáttaröðin**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.00 Domino's-deild karla**
**09.40 Premier League**
**11.20 Premier League**
**13.00 Premier League Review**
**13.55 Meistaradeildin í hestaíþróttum**
**16.50 Domino's-deild karla**
**18.30 Domino's-deild karla**
**21.10 Domino's-körfuboltakvöld**
**21.50 Premier League World**
**22.20 Bundesliga Weekly**
**22.50 Domino's-deild karla**
**00.30 Undankeppni HM 2018**
**02.20 Formúla 1 - Upphitun**
**02.55 Formúla 1 2017 - Æfing**
**05.50 Formúla 1 2017 - Tímataka**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.30 Spænski boltinn**
**09.10 Spænsku mörkin**
**09.40 Þýsku mörkin**
**10.10 Lengjubikarinn**
**11.50 Messan**
**13.20 UEFA Champions League**
**15.05 UEFA Champions League**
**16.50 Undankeppni HM**
**19.00 Formúla 1 - Upphitun**
**19.35 Undankeppni HM**
**21.45 HM Markasyrpa**
**22.15 Undankeppni HM**
**23.55 Undankeppni HM**
**01.35 Undankeppni HM**

## STÖÐ 3

**17.25 Raising Hope**
**17.50 The New Girl**
**18.15 League**
**18.40 Modern Family**
**19.05 Curb Your Enthusiasm**
**19.40 Silicon Valley**
**20.10 The New Adventures of Old Christine**
**20.35 Gilmore Girls**
**21.20 Izombie**
**22.05 Entourage**
**22.35 Klovn**
**23.05 Fresh off the Boat**
**23.30 Curb Your Enthusiasm**
**00.00 Silicon Valley (6.10)**
**00.30 The New Adventures of Old Christine**
**00.55 Gilmore Girls**
**01.40 Izombie**
**02.25 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Dóra könnuður**
**07.24 Mörgæsirnar**
**07.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00 Áfram Diego, áfram!**
**08.24 Svampur Sveinsson**
**08.49 Lalli**
**08.55 Rasmus Klumpur**
**09.00 Strumparnir**
**09.25 Hvellur keppnisbíll**
**09.37 Ævintýraferðin**
**09.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**10.00 Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn**
**10.11 Zigby**
**10.25 Ljóti andarunginn og ég**
**10.47 Stóri og Litli**
**11.00 Dóra könnuður**
**11.24 Mörgæsirnar**
**11.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**12.00 Áfram Diego, áfram!**
**12.24 Svampur Sveinsson**
**12.49 Lalli**
**12.55 Rasmus Klumpur**
**13.00 Strumparnir**
**13.22 Hvellur keppnisbíll**
**13.34 Ævintýraferðin**
**13.46 Gulla og grænjaxlarnir**
**14.00 Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn**
**14.11 Zigby**
**14.25 Ljóti andarunginn og ég**
**14.47 Stóri og Litli**
**15.00 Dóra könnuður**
**15.24 Mörgæsirnar**
**15.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**16.00 Áfram Diego, áfram!**
**16.24 Svampur Sveinsson**
**16.49 Lalli**
**16.55 Rasmus Klumpur**
**17.00 Strumparnir**
**17.22 Hvellur keppnisbíll**
**17.34 Ævintýraferðin**
**17.46 Gulla og grænjaxlarnir**
**18.00 Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn**
**18.11 Zigby**
**18.25 Ljóti andarunginn og ég**
**18.47 Stóri og Litli**
**19.00 How to Train Your Dragon – Sequel**



**Svampur Sveinsson kl. 08.24, 12.24 og 16.24**

## GOLFSTÖÐIN

**07.45 Inside the PGA Tour**
**08.10 WGC: Dell Match Play**
**14.10 Golfing World**
**15.00 Kia Classic**
**18.00 WGC: Dell Match Play**

## BÍÓSTÖÐIN

**12.30 Drumline: A New Beat**
**14.15 Beethoven's Treasure Tail**
**15.55 Grandma**
**17.15 Drumline: A New Beat**
**19.00 Beethoven's Treasure Tail**
**20.40 Grandma** Gamanmynd frá 2015. Þegar Elle er nýhætt með kærustunni kemur barnabarn hennar, Sage, óvænt í heimsókn og biður hana um að lána sér 600 Bandaríkjadali fyrir sólarupprás, þar sem hún ætlar að fara í fóstureyðingu. Amma Elle er frekar blönk, og þær verða því að leita allra leiða til að finna peningana, og heimsækja gamla vini, sem á eftir að draga dilk á eftir sér, og óvænt leyndarmál koma í ljós.
**22.00 The Other Guys** Will Ferrell og Mark Wahlberg fara á kostum í þessari spennandi gamanmynd frá 2010. Myndin fjallar um tvo leynilögreglumenn sem grípa tækifærið til þess að feta í fótspor tveggja bestu lögreglumanna í New York sem fallnir eru frá. Tvíeykið tekur að sér viðamikið rannsóknarmál um leið og þeir neyðast til þess að líta framhjá ólíkum persónuleikum sínum. Mun þeim takast að láta ljós sitt skína innan lögregluflotans?
**23.50 Let's Be Cops**
**01.35 Brick Mansions**
**03.05 The Other Guys**

## RÚV

**17.00 Á spretti**
**17.20 Landinn**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Pósturinn Páll**
**18.16 Kata og Mummi**
**18.28 Bláí jakkinn**
**18.29 Kóðinn – Saga tölvunnar**
**18.30 Jessie**
**19.00 Fréttir**
**19.15 Veður**
**19.20 Kósóvó - Ísland**
**21.55 Undankeppni HM karla í fótbolta: Samantekt**
**22.20 Himnasveitin**
**23.55 Disengagement**
**01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 America's Funniest Home Videos**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 90210**
**09.50 Melrose Place**
**10.35 Síminn + Spotify**
**12.15 Dr. Phil**
**12.55 The Voice USA**
**13.40 Speechless**
**14.05 The Mick**
**14.30 Það er kominn matur**
**15.05 The Biggest Loser**
**15.50 The Biggest Loser**
**16.35 The Tonight Show**
**17.15 The Late Late Show**
**17.55 Dr. Phil**
**18.35 King of Queens**
**19.00 Arrested Development**
**19.25 How I Met Your Mother**
**19.50 America's Funniest Home Videos**
**20.15 The Voice USA**
**21.45 The Bachelorette**
**23.15 The Tonight Show**
**23.55 Californication**
**00.25 Prison Break**
**01.10 Secrets and Lies**
**01.55 American Gothic**
**02.40 The Walking Dead**
**03.25 Extant**
**04.10 The Tonight Show**
**04.50 The Late Late Show**
**05.30 Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


GRILLAÐIR & GÓMSÆTIR
Fjölskyldutilboð
4 grillaðir hamborgarar, stökkar franskar og ískalt 2 L Pepsi.*
3.990 kr.
Kjötsmiðjan ehf
KJÖTVINNSLA
Íslenskar gæðakjötvörur
Netgíró
BAD BOYS
BURGERS & GRILL
pepsi
Hagasmári 9 | GrjóthálS 8
*Gildir ekki með tvöföldum borgara.
Máltíð dagsins
Grillaður hamborgari dagsins, stökkar franskar og ískalt 0,5 L Pepsi.*
1.499 kr.
pepsi

# Snýst um reisn og harm manneskjunnar



Bergur Ebbi Benediktsson stjórnar umræðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

MAKING A MURDERER MÁLIÐ GÆTI GERST Á HVAÐA ÖLD OG Í HVAÐA HEIMSÁLFU SEM ER.

**Lögfræðingurinn Bergur Ebbi Benediktsson mun stjórna umræðum um Making a Murderer, vinsælu þættina sem komu út á Netflix, með lögfræðingunum Dean Strang og Jerry Buting í Silfurbergi á sunnudaginn.**

Lögfræðingarnir Dean Strang og Jerry Buting, sem eru sjónvarpsáhorfendum kunnir úr þáttunum Making a Murderer, sem sýndir voru á Netflix, eru væntanlegir til Íslands og verður haldinn sérstakur viðburður þar sem þeir ræða um þættina og málið við áhorfendur," segir Bergur Ebbi Benediktsson, grínisti og lögfræðingur, spurður út í Making a Murderer umræður með lögfræðingunum Dean Strang og Jerry Buting í Silfurbergi á sunnudaginn.

„Sjálfur verð ég í hlutverki fundarstjóra og sé um að miðla spurningum og stýra umræðunni," segir Bergur Ebbi.

Umræðan sem skapaðist eftir að bandarísku heimildaþættirnir Making a Murderer duttu inn á Netflix voru töluverðar, og höfðu margir skoðun á málinu, hvernig málsmeðferðin var og hvort Steven Avery og frændi hans voru sekir um að hafa nauðgað og myrt ljósmyndarann Teresu Halbach eða ekki og enn frekar hvernig framleiðendur þáttanna fjölluðu um málið. Bergur Ebbi er lögfræðingur að mennt og hefur ákveðnar skoðanir á málinu, honum finnst þessi viðburður fjalla um tvo merkilega hluti.

„Í fyrsta lagi er það dómsmálið sjálft, sem snýst um meintan glæp Wisconsinbúans Stephens Avery og meðferð yfirvalda á honum, fyrir og eftir. Í öðru lagi eru það svo þættirnir sjálfir, en líklega hafa fáir þættir orðið jafn umtalaðir á síðustu árum og einmitt þessir. Auðvitað er málið merkilegt sem slíkt, en það er líka eitthvað við efnismeðferð þáttanna og hinn nýja hnattræna veruleika þar sem öll heimsbyggðin gat horft á alla þættina á sama tíma og rætt þá svo í þaula á internetinu, sem gerir allt málefnið stærra," útskýrir hann.



Árið 2005 var Steven Avery fundinn sekur um að hafa myrt ljósmyndarann Teresu Halbach og afplánar nú lífstíðarfangelsisdóm.

Spurður að því hvort Íslendingar geti tengt við mál af þessu tagi segir Bergur Ebbi að í grunninn snúist málið um reisn og harm manneskjunnar. „Þetta er eins klassískt og sammannlegt og það gæti mögulega verið. Making a Murderer málið gæti gerst á hvaða öld og í hvaða heimsálfu sem er.

Búast má við líflegum og áhugaverðum umræðum um helgina en Strang og Buting hafa þegar flutt fjölmarga fyrirlestra um málið og tekið þátt í umræðum um það úti um allan heim.

„Ég geri því ráð fyrir því að þeir séu öllu vanir, og vel undirbúnir eins og lögfræðinga er siður, þó að menn séu eflaust misjafnir í þeirri stétt sem öðrum," segir hann.

*Hvernig stendur á að almenningur hefur svona mikinn áhuga á þessu?*

„Almenningur hefur löngum haft gaman af lögfræðiþrætum, enda fjalla þær í grunninn alltaf um mannlega hegðun. Svona hefur þetta alltaf verið. Íslendingasögurnar eru til dæmis fullar af lagaþrætum. Það er eitthvað sem lætur fólk fá þetta á heilann. Ef maður, sem lögfræðingur, undirbýr lögfræðilegt mál fær maður sömu tilfinningu. Maður getur ekki hætt að hugsa um álitaefnið. Þeir sem hafa lent í því að hafa þurft að reka dómsmál kannast líka við þetta. Dómsmál geta heltekið fólk. Kannski lítur fólk á mál eins og þessi, sem fjalla um lögfræðileg málefni ókunnugs fólks í öðru landi, sem flóttaleið," segir Bergur Ebbi.

Fólk á erfitt með að gera upp hug sinn um hvort hann sé sekur eða saklaus – sjálfur segir Bergur Ebbi að það sé ekki hans að dæma það.

„Ég held hreinlega að ef það er eitthvað sem þessir þættir kenna manni þá er það að gæta að dómhörkunni," segir hann.

Nóg er um að vera hjá Bergi Ebba en hann býr erlendis ásamt fjölskyldu sinni, þó að hann sé oft með annan fótinn hér heima við hin ýmsu verkefni.

„Ég hef tekið að mér ýmis verkefni hér á Íslandi. Mið-Ísland sýningar verða áfram í fullum gangi fram að páskum og kannski lengur, þó að ég verði ekki með í þeim öllum. Svo held ég áfram með mín verkefni. Ég hef verið að stunda skrif og rannsóknir undanfarin 2-3 ár, og afrakstur hluta þeirrar vinnu er væntanlegur fljótlega þegar bókin „Stofuhiti" kemur út hér á landi. Það er frásögn í ritgerðarstíl um stöðu einstaklingsins í heimi sítengingar og gagnasöfnunar, en það eru hugleiðingar sem gætu átt erindi við nokkuð breiðan hóp," segir Bergur Ebbi að lokum.

gudrunjona@frettabladid.is



Lögfræðingarnir Dean Strang og Jerry Buting úr þáttunum Making a Murderer spjalla um þættina og málið í Silfurbergi um helgina. NORDICPHOTOS/GETTY


Fáið mat á verðmætin ykkar

Hittið sérfræðinga Bruun Rasmussen

Verið velkomin á Grand Hótel, Gullteig B, Sigtúni 38, Reykjavík

miðvikudaginn 29. mars kl. 15-19

Þar munu reynslumiklir sérfræðingar okkar gefa góð ráð og verðmeta frímerki, gömul umslög og póstkort svo og mynt, minnispeninga og gamla peningaseðla.

Matið er án endurgjalds og án skuldbindinga – með hugsanlega sölu á uppboði í huga.

*Dagana 28. – 30. mars er boðið uppá heimsóknir í heimahús, eftir því sem tími leyfir.*

Nánari upplýsingar veita Össur Kristinsson, 5554991 og 6984991 og Torben Ringtved 45 40324711 / e-mail tr@bruun-rasmussen.dk







Sjá nánar á bruun-rasmussen.dk

BRUUN RASMUSSEN KUNSTAUKTIONER

Sundkrogsgade 30
2150 Nordhavn, Kbh.
Tel +45 8818 1111

Søren Frichs Vej 34 D
8230 Åbyhøj, Aarhus
Tel +45 8818 1100


NAMMILAND
50% AFSLÁTTUR ALLA FÖSTUDAGA,
LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA
50%
AFSLÁTTUR FÖSTUDAGA LÍKA
OPIÐ
24
TÍMA
Netgíró
Betri leið til að borga
Iceland
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA




HönnunarMars hófst í gær og stendur yfir fram á sunnudag. Á HönnunarMars er hönnun kynnt sem atvinnugrein sem byggir á traustum grunni og gegnir veigamiklu hlutverki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Hönnunarhátíð í bæ!

Það hefur varla farið fram hjá neinum að **HönnunarMars** fer nú fram í Reykjavík. Borgin er stútfull af fagurkerum sem hafa ekki undan að skoða fjölbreytta hönnun en um 110 viðburðir eru á hátíðinni sem 400 hönnuðir frá ólíkum áttum tengjast. Það er gaman að sjá alla þessa grósku sem á sér stað í hönnunargeiranum hér á landi en Glamour lék forvitni á að vita hvaða þýðingu viðburður á borð við þennan hefur fyrir hönnuðina sem taka þátt og íslenska hönnunarheiminn í heild sinni.

GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
● Facebook ● Instagram ● Twitter



Brynhildur Pálsdóttir



Þórunn Árnadóttir



Jón Helgi Hólmgeirsson



Hildur Yeoman

## Brynhildur Pálsdóttir

HÖNNUÐUR

er ein af þeim sem sýna verk sín á samsýningu vöruhönnuða á Kjarvalsstöðum. „HönnunarMars gefur okkur sem við þetta starfa hér á landi færi á því að staldra við og taka stöðuna, hvað er hægt að gera betur og horfa til framtíðar. Það er mikilvægt fyrir hönnunargeirann hér á landi að tala saman og horfa á það sem við erum að gera faglegum augum. Það er til dæmis gríðarlega mikilvægt að búa til fleiri möguleika fyrir íslenska hönnuði til að starfa hér á landi. Sjálfri finnst mér HönnunarMars svo skemmtilegur að ég mundi vilja sjá hann oftar yfir árið, það er mikilvægt að gera íslenska hönnun sýnilegri allt árið um kring. Ekki bara í kringum hátíðina sjálfa. En hátíðin er frábær og það sem er einstakt við hana er að hér tengjast fatahönnun, vöruhönnun, arkitektúr og list saman."

## Jón Helgi Hólmgeirsson

VÖRUHÖNNUÐUR

frumsýnir hilluna Nomad í samstarfi við framleiðslufyrirtækið Fólk á HönnunarMars í Hörpu. „HönnunarMars er ákveðin uppskeruhátíð, afsökun fyrir því að hitta fólk sem er að vinna á svipuðu sviði og maður sjálfur, sýningarnar veita manni innblástur, en kannski er mikilvægast að HönnunarMars setur manni ákveðinn skilafrest til að klára hluti sem annars myndu mögulega aldrei klárast!"

## Þórunn Árnadóttir

VÖRUHÖNNUÐUR

er með áhugaverða sýningu í Safnahúsinu sem nefnist Shapes of Sounds, leikföng með rafmagnshljóðum. „HönnunarMars skapar tækifæri fyrir hönnuði til þess að fara með verkefni út úr vinnustofunni og kynna fyrir bæði almenningi og fagfólki. Kosturinn er að kynningarformið er alfarið í höndum hönnuðarins sem býður upp á skapandi framsetningar og áhugaverð samtöl um ferli og hugmyndir. Það er bæði verðmætt fyrir hönnuðinn og líka fyrir almenning að fá að kynnast öllum flötum hönnunar, ekki bara sem tilbúinni söluvöru úti í búð."

## Hildur Yeoman

FATAHÖNNUÐUR

frumsýnir samstarf sitt við 66°Norður í kvöld í tengslum við HönnunarMars. „HönnunarMars er frábær uppskeruhátíð fyrir hönnuði. Hann er líka mikilvægur sem vitundarvakning fyrir landann um að styrkja íslenska hönnun. Það er aðallega skemmtilegt að frumsýna línuna sem ég gerði með 66° Norður á HönnunarMars, það er svo margt í gangi og gaman að vera partur af því. Samstarfið er innblásið af sjónum sem umlykur Ísland. Æðislegar prjónaflíkur og regnkápa sem ég get ekki beðið eftir að klæðast."

HönnunarMars
Reykjavík
23.–26.03.2017

# ÍSLENSK HÖNNUN Í SINNI LITRÍKUSTU MYND

Sýnendur: **Anna Þórunn / Ihanna home / Margrethe Odgaard / Marý / Hring eftir hring / Sigurjón Pálsson**
Ásamt: **Textílhönnun á frímerkjum - Örn Smári**
Verk á frímerkjum: **Vík Prjónsdóttir / Bryndís Bolladóttir / Ragna Fróða / Aníta Hirlekar**



**Opnunartímar:** Fim: 10:00 – 18:00 · Fös: 10:00 – 18:00 · Lau: 11:00 – 16:00 · Sun: 12:00 – 16:00



# Pan Thorarensen

**TÓNLISTARMAÐUR**

**Föstudags-playlisti Lífsins**

Playlistinn þennan föstudaginn er „leyndardómsfullt ferðalag inn í helgina“ að hætti Extreme Chill en Pan er skipuleggjandi hátíðarinnar.

Föstudagsplaylista Lífsins má einnig finna á Spotify undir notandanafninu Visir.

PLAY FOLLOW

| LAG | FLYTJANDI |
|---|---|
| Into Forever | Matthew Halsall |
| Yo Chavez | Yussef Kamaal |
| Grandola | Studnitzky |
| Undirtún | Ambátt |
| Sequoia | Lund Quartet |
| Gone | Floex |
| Sailing the Solar Flares | Dirtwire |
| And Dream of Seals | Another Fine Day |
| 4am Exhale | The Orb |
| Serpentining | Roedelius/Story |




Kvikmyndagerðarmaðurinn Jón Karl Helgason ásamt hjónunum Phetchada og Praneet og dætrum þeirra, Navindu og Navapon, á frumsýningu 15 ár á Íslandi á þriðjudaginn. Á myndina vantar son þeirra, Nattapat. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Bjuggust ekki við að upptökur tækju 15 ár

**Heimildarmyndin 15 ár á Íslandi var frumsýnd í vikunni. Hún fjallar um taílenska fjölskyldu sem sest að á Íslandi og áhorfendur fá að fylgjast með heilum 15 árum í lífi fjölskyldumeðlima.**

Þetta byrjaði um aldamótin síðustu þegar ég fór að leita eftir að fá leyfi hjá einhverri fjölskyldu sem var að flytja til landsins,“ segir Jón Karl Helgason um heimildarmynd sína 15 ár á Íslandi sem gefur áhorfendum innsýn í líf og tilveru fimm manna taílenskrar fjölskyldu sem er að koma sér fyrir á Íslandi. „Það tók mig tvö ár að finna fjölskyldu. Þegar hún var fundin byrjaði ég að mynda þau um sumarið 2003, þá voru þau að setjast að og leiga íbúð í verksmiðjuhverfi í Kópavogi.“

Jón Karl hefur unnið að myndinni í heil 15 ár en upphaflega var ekki ætlunin að taka svo langan tíma í verkefnið. En að sögn Jóns Karls var fjölskyldan sem myndin fjallar um liðleg og sýndi því skilning þegar verkefnið dróst á langinn. „Snemma myndaðist traust á milli okkar og ég fékk að mynda þau reglulega á þessu 15 ára tímabili. Þau leyfðu mér að vera inni á heimili sínu þegar ég vildi og til dæmis heimsótti ég þau um þrenn jól. Það var árin 2004, 2006 og 2011.“

Jón Karl segir fjölskylduna sem myndin fjallar um hafa komið hingað til lands vel menntaða en samt sem áður tók sinn tíma að aðlagast. „Pabbinn, Praneet Khongchumchuen, er menntaður vélvirki en fékk reyndar ekki vinnu sem vélvirki fyrr en sjö árum eftir að hann kom til landsins. Mamman, Phetchada Khongchumchuen, er menntuð sem kennari og fékk vinnu hjá nýbúadeild Hjallaskóla í Kópavogi en á sama tíma er hún að vinna í sælgætisgerðinni Góu ásamt því að keyra tvisvar í viku til Sandgerðis til að kenna taílensku.“

> **ÞAU LEYFÐU MÉR AÐ VERA INNI Á HEIMILI SÍNU ÞEGAR ÉG VILDI OG TIL DÆMIS HEIMSÓTTI ÉG ÞAU UM ÞRENN JÓL.**

Jón Karl er sáttur við útkomuna. „Já, ég er það. Mér fannst ég meira að segja vera kominn með efni í mynd þegar ég var búinn að mynda í átta ár. En þá sótti ég um styrk til Kvikmyndamiðstöðvar og fékk hann, þá bættust við fleiri ár.

Fjölskyldan bjóst aldrei við að ég yrði 15 ár að þessu verkefni. Þau hafa örugglega bara gert ráð fyrir því að ég myndi fylgjast með þeim í nokkra daga eða vikur, eitthvað svoleiðis. En svo dregst þetta og þau taka þátt allan tímann. Auðvitað voru þau farin að spyrja hvort ég ætlaði nú ekki að fara að klára þessa mynd,“ segir Jón Karl og hlær.

Þess má geta að fjölmiðlar og íslenskar fréttir leika stórt hlutverk í mynd Jóns Karls en samhliða upptökum safnaði hann fréttum um málefni innflytjenda á Íslandi. „Og ég birti þessar fréttir í myndinni í takt við það sem er að gerast hjá fjölskyldunni hverju sinni. Þannig kemur sjónarhorn Íslendinganna inn í myndina. Sem dæmi, þegar mamman fer með vinkonum sínum á Sólvang til að sýna heimilisfólkinu taílenskan dans þá kemur frétt á sama tíma í kvöldfréttum RÚV um að 36% Íslendinga vilja ekki að innflytjendur fái að viðhalda sínum siðum og venjum.“

Með myndinni vonast Jón Karl til að gefa fólki innsýn í heim innflytjenda á Íslandi. „Í myndinni fá áhorfendur að sjá og kynnast þessari fjölskyldu og heim Taílendinga og innflytjenda á Íslandi. Það er ekkert sjálfgefið að aðlagast nýju landi og líða vel, það bærast heilmiklar tilfinningar þarna. Það er synd að við Íslendingar séum ekki nógu duglegir að aðstoða innflytjendur að læra íslensku og aðlagast. Við viljum ekki að þetta fólk einangrist. Við viljum að þau séu uppi á yfirborðinu.“

**gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

Lodge járnpanna, 26 cm
Verð 8.900 kr.
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

kokka laugavegi 47
laugavegi 47 | www.kokka.is | kokka@kokka.is

ORKA – EINBEITING - JAFNVÆGI


MARINE PHYTOPLANKTON
Sjávarþörungur
Ein næringaríkasta ofurfæða á jörðinni samkvæmt David Wolfe heilsusérfræðingi
SUPERFOOD
• Lífrænn fjölvítamíngjafi
• Aukin orka, einbeiting og úthald
• Öflug vörn gegn flensu og kvefpestum
GMP
Bætt heilsa og betri líðan með Natural Health Labs
100% náttúruleg bætiefni
Fæst í apótekum, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetrið, Heilsuver, Heilsuhornið Blómaval, Heilsulausn.is, Heimkaup og Iceland Engilhjalla.
BALSAM
www.balsam.is

ALLT FYRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbót 4 - Akureyri
Vogue FYRIR HEIMILIÐ


Nýjar vörur frá ENDURANCE
**Útsöluaðilar:**
Útilíf – Kringlunni – Smáralind • Sportver Akureyri • Toppmenn & Sport Akureyri
K Sport Keflavík • Nína Akranesi • Sportbær Selfossi • Axel Ó Vestmannaeyjum
**Dreifingaraðili:** DanSport ehf. Hægt að sjá vörur á **dansport.is**


MADE IN
ICELAND
ELLINGSEN
SÍÐAN 1916

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR


Hildar Björnsdóttur




## Gull og gersemar

Nýlega keyptum við fjölskyldan húsnæði. Eignin var í upprunalegu ástandi en allt viðhald til fyrirmyndar. Innréttingar voru byggðar af gæðum og sérvalinn hlutur í hverju horni. Heimilið allt innréttað af natni og nostursemi.

Á heimilinu hafði áður búið eldri kona. Sú hafði alið upp fjölskyldu í eigninni. Þótti þeim auðsjáanlega vænt um húsið og áttu úr því margvíslegar minningar. Sögur af veislum, sumarkvöldum og hversdagslegum atburðum. Góðan heimilisanda mátti merkja innandyra.

Frá fyrsta degi höfðum við ætlað eigninni endurnýjað útlit. Það skyldi fært til nútímans og aðlagað eigin smekk. Þegar framkvæmdaferlið hófst helltist þó yfir mig sektarkennd. Mér þótti erfitt að brjóta upp gamla heimilið. Allar vönduðu innréttingarnar, fallegu flísarnar og einstaka tækjakostinn. Fjölmarga hluti sem höfðu merkingu og gildi í augum fyrri eigenda. Að fleygja þeim fannst mér ósvífið.

Við unnustinn ákváðum að bjóða munina gefins. Við birtum auglýsingu á vefmiðli. Eftirspurnin lét ekki á sér standa. Fjölmargir sýndu hlutunum áhuga. Ein var þó öðrum ákafari. Sú hafði lengi leitað húsmuna af sömu gerð.

Gleði okkar allra var umtalsverð. Eigendaskipti munanna ferlega farsæl. Konan hreppti einstakt hnoss – og við fundum góssinu ástríkt heimili.

Séu hlutir byggðir af gæðum má finna þeim notagildi um áraraðir. Smekkur fólks er fjölbreyttur og fljótandi. Það er óþarfi að fleygja því sem nothæft er. Oft getur gamalt gengið í endurnýjun lífdaga í höndum nýrra eigenda. Það sem einum virðist úrelt er öðrum gjarnan glitrandi góss. Gull og gersemar.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


GLAMOUR fylgir nú með *Stóra- og Risapakkanum*

Kynntu þér málið á 365.is
365

